

**RAKEL HÚNFJÖRÐ**

*Þægilegt á ferðum að þurfa ekki tannkrem*

heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

**ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN**

*Stóra stundin rennur upp í kvöld*

Sérblað um íslensku tónlistarverðlaunin

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**KARL BRETAPRINS**

*Kallaður til vitnis í máli hálfíslensks fjárkúgara*

Lögmaðurinn með öll spjót úti

FÓLK 26




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. mars 2008 — 77. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Ungmenni flykkjast í leikhús



María Sigurðardóttir kemur sér fyrir í Samkomuhúsinu á Akureyri.

TÍMAMÓT 20

### Óléttar stýrur og ófrískar

„Ég vona að leitin að öðru orði en ráðherra fyrir konur í þeirri stöðu lukkist ekki. Herra merkir vald og yfirráð. Ekki bara herrann sem er með frúnni," skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 16

### Dansaði eins og Jackson



Hreiðar Már Sigurðsson fór á kostum á árshátíð Kaupþings.

FÓLK 34



### Keflavík komið í 2-0

Keflavík stendur vel að vígi gegn Haukum í úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna.

ÍÞRÓTTIR 31

### VEÐRIÐ Í DAG




**VORLEGT** Í dag verður hæg breytileg átt. Bjartviðri austan til, annars þungbúnara og víða dálítil súld vestan til á landinu. Hiti 3-10 stig.

VEÐUR 4

# Svartur mánudagur

**Krónan féll um sjö prósent í gær sem er met. Hlutabréf hafa aldrei fallið samfleytt jafn mikið í verði og síðustu átta mánuði. Bankastjórar ræddu við Seðlabankann í gær um erfiða stöðu á fjármálamarkaði.**

**EFNAHAGSMÁL** „Horfurnar eru ekki góðar," segir Finnur Árnason, forstjóri Haga, og telur verðhækkanir fram undan í kjölfar mikillar gengislækkunar krónunnar undanfarna daga. Undir það taka fleiri verslunarmenn. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir þetta staðfesta það skipbrot sem peningastefna Seðlabankans hafi beðið. Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambandsins, segir þessa þróun mikið áhyggjuefni.

Alþjóðlega viðskiptafréttaveitan Bloomberg sagði í gær að íslenska krónan hefði lækkað gagnvart öllum 178 gjaldmiðlunum sem veitan fylgist með. Krónan hefur aldrei áður veikst jafnmikið milli daga, um sjö prósent, frá því flotgengi hennar var tekið upp árið 2001. Auknar áhyggjur af að bankarnir og ríkið gætu ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar segir Bloomberg hafa haft þessi áhrif. Álag á skuldatryggingar, sem lánveitendur kaupa gegn hugsanlegu tapi, hefði hækkað í kjölfar vangaveltna um að ríkisvaldið þyrfti að bjarga einum bankanum vegna áhrifa lánsfjárkreppunnar.

„Íslenska krónan verður einna harðast úti vegna undirmálskreppunnar í Bandaríkjunum og áhrifa hennar á lánsfjármarkaðinn," segir í greiningu Ulrich Leuchtmann hjá Commerzbank. „Búast má við að krónan veikist enn frekar."

Sérfræðingar hér innanlands rekja hins vegar veikingu krónunnar fremur til almennrar áhættufælni á fjármálamörkuðum, enda lækkuðu aðrar hávaxtamyntir líka. Þá er sagt ýta undir fall krónunnar að hér hefur þurrkast út ábati af gjaldeyrisviðskiptum með krónunna vegna tregðu fjármálafyrirtækja til að láta frá sér erlendan gjaldeyri.

Greiningardeild Kaupþings segir seljanleika krónunnar hafa minnkað verulega vegna mótbyrsins á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Kallað er eftir því að Seðlabankinn bregðist við og útvegi bönkunum gjaldeyri með skiptasamningum til skemmri tíma, en í þeim efnum er smæð gjaldeyrisforða bankans sögð hamla aðgerðum.

Einnig hafa verið uppi hugmyndir um að ríkisvaldið gefi út víxla til skemmri tíma sem erlendir fjárfestar, sem vilji nýta sér háa vexti krónunnar, geti keypt.

„Ég vona að þetta endi vel varðandi Ísland, en ef við hugum að því sem gerðist hjá Bear Stearns eru horfur verri en fyrir viku," segir Paal Ringholm, forstöðumaður greiningardeildar lánsfjármarkaða hjá First Securities í Noregi, sem er hluti af Swedbank AB. „Allir bankar eru háðir fjármögnun og í dag njóta íslenskir bankar ekki trausts á markaðnum."

- sjá síður 4, 6 og 14

**ÞRÓUN KRÓNU OG ÚRVALSVÍSITÖLU FRÁ ÁRAMÓTUM**






**MÓTMÆLI** Harðri framgöngu Kínverja í Tíbet var mótmælt við kínverska sendiráðið í Reykjavík í gær. Birgitta Jónsdóttir listakona, sem tók þátt í skipulagningu mótmælanna, krafðist þess fyrir hönd mótmælendanna að fjölmiðlafólki og fulltrúum mannréttindasamtaka yrði hleypt inn í Tíbet. Í bakgrunni eru tröppur sendiráðsins, sem Jan Jiricek málaði rauðar í fyrradag í mótmælaskyni. - Sjá síðu 12

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Olíufélög hækka verð:

## Bensínverðið aldrei hærra

**VERÐLAG Bensínverð hefur aldrei verið hærra hér á landi en það var í gær. Yfir daginn hækkaði verðið víðs vegar og algengt verð í sjálfsafgreiðslu var 147,90 krónur. Lítrinn með þjónustu kostaði þá 152,90.**

**Öll olíufélögin hækkuðu verðskrá sína, nema Orkan og Atlantsolía. Orkan bauð best í gær; lítrann á 142,10 krónur.**

**Magnús Ásgeirsson hjá N1 sagði í samtali við Vísi að það hefði fyrst og fremst verið snörp lækkun gengisins í gær sem hefði valdið hækkuninni. Kvaðst hann vonast til þess að gengið hækkaði aftur á næstunni.** - kóp



**EUROBANDIÐ** Friðrik Ómar og Regína Ósk verða fyrst á svið.

Eurovision-söngvakeppnin:

## Íslendingar fyrstir á svið

**MENNING** Íslendingar verða fyrstir á svið í forkeppni söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Belgrad í Serbíu.

Tvær undankeppnir verða og leikur íslenska Eurobandið, með Friðrik Ómar og Regínu Ósk í broddi fylkingar, seinna kvöldið, 22. maí. Svíar koma strax á eftir Eurobandinu en þess má geta að Danir spila einnig þetta sama kvöld.

Aðalkeppnin fer fram laugardagskvöldið 24. maí. - kóp

Kindin Þoka var snemma á ferðinni í sauðburði á Svalbarðsströnd í Eyjafirði:

## Lömbin nefnd Kolbrún og Pálmi

**LANDBÚNAÐUR** Sauðburður hófst í fyrra fallinu á bænum Mógili II á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð í fyrradag. Þá bar kindin Þoka tveimur lömbum; mórauðri gimbur og hvítum hrút. Halldóra Kjartansdóttir, bóndi á Mógili og eigandi Þoku, segir barnabarnið sitt ekki hafa hikað við að gefa nýbornu lömbunum nöfn.

„Dótturdóttir mín kom í heimsókn og nefndi þau. Sú mórauða heitir Kolbrún en hrúturinn fékk nafnið Pálmi," segir hún. Aðspurð hvort einhverjar fyrirmyndir hafi verið að nöfnunum svarar Halldóra neitandi. „Henni datt þetta bara í hug á staðnum."

Um tvö hundruð fjár eru á Mógili II, og byrjar sauðburðurinn yfirleitt snemma í maí. Þoka er því frekar snemma á ferðinni, en Halldóra segir það ekki í fyrsta skipti. „Hún bar á svipuðum tíma í fyrra, og var þá fjórlembd. Hún hefur eitthvað verið að skemmta sér í fyrra fallinu í haust." - sþs



**Á MÓGILI** Lömbin stilla sér upp fyrir ljósmyndara ásamt móður sinni. Frá vinstri eru Pálmi, Þoka og Kolbrún.

MYND/VÖLUNDUR JÓNSSON


OPIÐ til 20 alla daga í öllum verslunum

HAGKAUP Ein ferð betra verð

## SPURNING DAGSINS



*Gísli, er vandratað um umhverfi neytenda?*

„Já, en nú geta neytendur neytt réttar síns á neytandi.is.“

Nýtt leiðakerfi fyrir neytendur var opnað um helgina, en því er ætlað að hjálpa neytendum að finna upplýsingar og ná fram rétti sínum. Gísli Tryggvason er talsmaður neytenda.

Siðanefnd Háskólans tekur ekki upp mál Hannesar að eigin frumkvæði:

# Málið er í verkahring rektors

**MENNTUN** „Siðanefndin hefur ekki frumkvæði að því að taka upp mál og í öðru lagi segir í reglum hennar að hún fjalli ekki um mál sem hafa farið fyrir dómstóla,“ segir Þórður Harðarson, formaður siðanefndar Háskóla Íslands.

Sem kunnugt er var prófessor við háskólann, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, dæmdur nýlega fyrir að nota verk rithöfundar án heimildar. Samkvæmt siðareglum Háskólans samræmist þetta ekki starfsvenjum kennara.

Helga Kress prófessor heldur því að auki fram að Hannes hafi einnig tekið verk fræðimanna eins og Peters Hallberg, heiðursdoktors við skólann, og gert að sínum eigin. Á það að hafa verið gert í sama verki og Hannes var dæmdur fyrir.



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Spurður hvort nefndin myndi skoða þann anga málsins, kæmi kæra utan úr bæ, segist Þórður ekki telja það, fyrst hluti þess hafi farið fyrir dómstóla.

Þórður ítrekar að nefndin taki ekki mál upp að fyrra bragði, spurður hvort máli skipti að um sé að ræða verk heiðursdoktors við skólann.

„En ég tel að sú hlið málsins væri í verkahring yfirmanns stjórnsýslu skólans [Kristínar Ingólfsdóttur rektors].“

Á skrifstofu rektors fengust þær upplýsingar að málið væri í skoðun. Rektor hefur sagst taka dóminn alvarlega. - *kóþ*

Loðnuveiði við Snæfellsnes:

# Hugsanleg vestanganga

**SJÁVARÚTVEGUR Loðnuskipið Sighvatur Bjarnason VE fékk um 400 tonn af loðnu í tveimur köstum norður af Öndverðarnesi á Snæfellsnesi í gær og er hugsanlegt að torfan hafi verið úr vestangöngu sem margir hafa verið að vonast eftir.**

**Helgi Valdimarsson skipstjóri segir að þessi loðna eigi enn nokkuð eftir áður en hún hrygni en sú sem kom austan að er þegar farin að hrygna. „Það er nokkuð af loðnu hérna en annars er líka eitthvað um síld svo það er erfitt að greina eitt frá öðru og segja til um hversu mikið er af loðnunni,“ segir Helgi.** - *jse*



**AL GORE OG FORSETI ÍSLANDS** Frá fundi Ólafs Ragnars Grímssonar og Als Gore á orku- og umhverfisþingi í Dyflinni á Írlandi.

Þáði boð forseta Íslands:

# Al Gore kemur til Íslands

**UMHVERFISMÁL** Al Gore, handhafi friðarverðlauna Nóbels og fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, kemur í heimsókn til Íslands 7.-8. apríl næstkomandi.

Er heimsóknin í boði forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar. Segir í tilkynningu frá forsetaembættinu að meðal dagskrárliða heimsóknarinnar verði kynningarfundir með íslenskum vísindamönnum og sérfræðingum, einkum á sviði orkunýtingar og jöklarannsókna. Þá mun Gore flytja fyrirlestur um loftslagsbreytingar og baráttuna gegn þeim og svara fyrirspurnum á opnum fundi sem haldinn verður í samstarfi við Glitni. - *ovd*

## SKATTAMÁL

**Málið rannsakað í sex ár**

Ákveðið verður á næstu vikum hvort ákæra verður gefin út á hendur Jóni Ólafssyni athafnamanni vegna meintra skattsvika. Skattamál hans hafa verið í rannsókn hjá Ríkisskattstjóra í tæp sex ár. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

# Tölvupóstar Jónínu fyrir Evrópudómstól

**Mannréttindadómstóll Evrópu ætlar að taka upp mál Jónínu Benediktsdóttur gegn íslenska ríkinu. Hún kveður mannréttindi sín hafa verið brotin þegar dómstólar höfnuðu lögbannskröfu vegna birtingar tölvupósta í Baugsmálinu.**

**DÓMSMÁL** Mannréttindadómstóll Evrópu hefur fallist á að taka upp kæru Jónínu Benediktsdóttur á hendur íslenska ríkinu. Hún telur að ríkið hafi brotið á sér mannréttindi þegar dómstólar höfnuðu kröfu hennar um að lögbann yrði sett á opinbera birtingu tölvupósta hennar, sem tengdust Baugsmálinu.

Sjálf kveðst Jónína vera hæstánægð með að dómstóllinn hafi tekið málið hennar fyrir. Að öðru leyti vildi hún sem minnst tjá sig um málið.

Tölvupóstar sem farið höfðu á milli Jónínu og ýmissa nafngreindra aðila voru birtir í Fréttablaðinu í september árið 2005. Á meðal viðtakenda bréfanna voru Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, og Jón Gerald Sullenberger, sem kom Baugsmálinu af stað með kæru á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs, í ágúst sama ár.

Í bréfunum komu fram ýmsar upplýsingar um Baugsmálið og aðdraganda þess.

Birting tölvupóstanna var í óþökk þeirra sem þá skrifuðu, og reyndi Jónína að koma í veg fyrir frekari birtingu þeirra. Sýslumaðurinn í Reykjavík setti lögbann þess efnis á Fréttablaðið, en því var hnekkt í Héraðsdómi Reykjavíkur og síðar Hæstarétti. Í kjölfarið leitaði Jónína til Mannréttindadómstólsins.

Í kæru sinni, sem var lögð fram 14. september 2006, heldur Jónína því fram að íslenska ríkið hafi brotið áttundu grein mannréttindasáttmálans með því að hafna lögbannskröfu hennar á birtingu tölvupóstanna. Áttunda greinin kveður á um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Kæran hefur nú verið tekin upp hjá dómstólnum, en aðeins lítið brot af þeim málum sem berast honum komast svo langt. Lögfróðir menn sem Fréttablaðið ræddi við segja að nú séu stærstu þröskuldarnir að baki. Nær öruggt sé að dómstóllinn komist að efnislegri niðurstöðu í málinu.

Fyrsta skrefið í upptöku málsins er spurningalisti sem dómstóllinn hefur sent íslenska ríkinu. Þar er meðal annars spurt hvort birting tölvupóstanna hafi haft áhrif á rétt kæranda til friðhelgis einkalífs og bréfaskipta og hvort höfnun íslenskra dómstóla hafi verið í samræmi við lög.

Ríkið hefur frest til 26. júní til að svara spurningunum eða ljúka málinu með sátt. salvar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**LÖGBANN** Fulltrúar sýslumanns gera gögn um tölvupóstsamskipti Jónínu Benediktsdóttur upptæk á skrifstofu fréttaritstjóra Fréttablaðsins í september 2005.

## FRIÐHELGI EINKALÍFS OG FJÖLSKYLDU

Í áttundu grein mannréttindasáttmála Evrópu segir:

■ 1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.

■ 2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.



**FRÁ GARÐSSTÖÐUM** Í haust er stefnt að því að einungis 40 til 60 bílhræ verði við bæinn Garðsstaði. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Bílakirkjugarður við Djúp:

# Mörg hundruð bílhræ á brott

**HREINSUN** Bílakirkjugarðurinn á Garðsstöðum í Ísafjarðardjúpi verður orðinn lítill um sig í haust ef áætlanir Súðavíkurhrepps ganga eftir. Að sögn Ómars Más Jónssonar sveitarstjóra er verið að finna mann til að taka að sér hreinsunina, sem á að ljúka í nóvember á þessu ári. Eftir hana verða einungis um 40 til 60 bílhræ á Garðsstöðum en nú eru þau 518 og er talið að þau vegi um 150 tonn. Það eru því í það minnsta 478 bílhræ sem þarf að fjarlægja. - *jse*

Viðhorfskönnun í Írak:

# Írakar vonbetri um framtíðina

**WASHINGTON, AP Írakar eru vonbetri varðandi framtíð sína en þakka það ekki aðgerðum Bandaríkjamanna í landinu, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar sem gerð var í Írak í tilefni af því að fimm ár eru liðin frá innrásinni í landið.**

**Þess í stað vilja Írakar þakka íröskum stjórnvöldum, lögreglu og eigin her fyrir batnandi ástand. Þá telja 53 prósent Íraka að fjölgun bandarískra hermanna í Anbar-héraði og í Bagdad hafi í raun gert ástandið verra. Eru það snöggtum betri niðurstöður en í sambærilegri könnun frá ágúst í fyrra þegar 70 prósent Íraka töldu aukningu á herafla Bandaríkjanna vera til hins verra.** - *ovd*






Til átaka kom við dómhús í serbneska hluta Norður-Kosovo í gær:

# Heimamenn og gæsluliðar slást

**KOSOVO, AP** Liðsmenn friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna urðu í gær fyrir árásum reiðra mótmælenda úr röðum Kosovo-Serba, er gerð var tilraun til að koma dómhúsi í bænum Mitrovica nyrst í Kosovo aftur undir stjórn SÞ-bráðabirgðastjórnsýslunnar þar. Serbneskir íbúar bæjarins höfðu í síðustu viku hertekið bygginguna og hindrað kosovo-albanska dómara í því að komast þangað til starfa.

Átökin í gær milli grjótkastandi og að hluta til vopnaðra mótmælenda og vopnaðra SÞ-friðargæsluliða stóð yfir í nokkrar klukkustundir og endaði með því að minnst 45 gæsluliðar og 70 mótmælendur særðust og lemstruðust. Þetta er versta ofbeldið sem brotist hefur út í Kosovo eftir að kjörin stjórnvöld Kosovo-Albana lýstu yfir sjálfstæði Kosovo fyrir mánuði.

Yfirstjórn gæsluliðs NATO og SÞ-bráðabirgðastjórnsýslunnar í Pristina birtu sameiginlega yfirlýsingu þar sem „banvænt ofbeldi, þar á meðal byssuskot frá æstum múg“ í hinum serbneska hluta Kosovska Mitrovica er fordæmt.

Um 100 manna lið SÞ-lögreglumanna og NATO-friðargæsluhermanna handtóku 53 Serba sem höfðu hersetið dómhúsið síðan á föstudag. Fjöldi heimamanna safnaðist saman á hverjum degi við bygginguna síðan þá. - *aa*



**FRÁ VETTVANGI** Heiftarlega var tekist á við dómhúsið. Á annað hundrað manns særðist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

www.volkswagen.is

# Hvað þarf marga aukahluti til að Golf geti kallast United?

**Svar:** Til fá „United“ stimpil þarf hreinlega að troðfylla hann af aukabúnaði. Má þar nefna 16” álfelgur, topplúgu, samlit, hita í sætum, ESP stöðugleikastýringu, sportáklæði á sæti, leður á stýri, leður á handbremsu og meira segja leður á gírstöng.




## Best búni VW Golf frá upphafi.

United er sérstök viðhafnarútgáfa af Golf. Hann lítur alveg sérstaklega vel út og státar af búnaði sem eykur akstursánægjuna og öryggið um leið. Komdu við og prófaðu nýjan Golf United.

Das Auto.

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

## GENGIÐ 17.3.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,88 | 75,24 |
| Sterlingspund | 150,47 | 151,21 |
| Evra | 118,02 | 118,68 |
| Dönsk króna | 15,82 | 15,912 |
| Norsk króna | 14,654 | 14,74 |
| Sænsk króna | 12,457 | 12,529 |
| Japanskt jen | 0,7748 | 0,7794 |
| SDR | 123,51 | 124,25 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
152,279

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjármálaráðherra segir vandamálið fyrst og fremst vera bandarískt:

# Best væri að fá álver í Helguvík

**EFNAHAGSMÁL** „Það besta sem við getum gert núna er að taka vel á móti þeim sem fjárfesta og vilja koma með peninga inn í landið, eins og til dæmis vegna álvers í Helguvík. Það myndi passa vel ef þær framkvæmdir kæmust á skrið,“ segir fjármálaráðherra, Árni Mathiesen.

Íslensk stjórnvöld fari ekki út í neinar sértækar aðgerðir vegna falls krónunnar að svo stöddu, enda séu „allt aðrir og meiri kraftar að verki en við höfum yfir að ráða“.

Fall krónunnar stafi fyrst og fremst af vandræðum á markaði í Bandaríkjunum og af falli hlutabréfamarkaða um allan heim. „Við verðum því að vona að aðgerðir bandaríska seðlabankans skili árangri. En það er voða lítið sem við getum gert sjálf. Vandamálið er annars staðar en hjá okkur,“ segir hann.

Krónan sé nýtt í viðskiptum sem fólk fari óðum út úr. Nú sé fólk að draga úr áhættu og skipta yfir í gjaldmiðla sem það þekki best.

Árni telur ekki ástæðu til að óttast þetta ástand, til lengri tíma séð. Vissulega sé krónan nú vel undir eðlilegu jafnvægi sínu. „En ég á ekki von á því að hún verði þarna til eilífðar.“

Hann segir erfitt að meta hversu lengi ástandið vari. **- kóþ**



**ÁRNI MATHIESEN** Fjármálaráðherra segir ráðuneytið sífellt skoða stöðu mála en enn sé ekki talin ástæða til að grípa til sértækra aðgerða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Átök í Afganistan:

# Danir og Tékki drepnir í árás

**AFGANISTAN, AP Tveir danskir og einn tékkneskur liðsmaður fjölþjóðaherliðs NATO í Afganistan létu lífið í sjálfsmorðsbílsprengjuárás á útimarkaði í Suður-Afganistan í gær. Þetta eru fyrstu Danirnir sem týna lífi með þessum hætti í Afganistan.**

**Auk hermannanna féllu í árásinni afganskur túlkur þeirra og þrír vegfarendur. Sjö særðust, að því er lögreglustjórinn á svæðinu, Mohammad Hussein Andiwal, greindi frá. Hermennirnir voru að skoða byggingarsvæðið þar sem þeir voru að hjálpa til við byggingu skóla þegar árásin var gerð.** **- aa**



**MATTHÍAS IMSLAND** Framkvæmdastjóri Iceland Express segir ekki búandi við núverandi óstöðugleika.

Ferðaþjónusta:

# Ólíðandi ástand

**VIÐSKIPTI** „Við reynum eins lengi og við getum að halda verðinu niðri,“ segir Matthías Imsland, framkvæmdastjóri Iceland Express, spurður hvort verð á flugfargjöldum muni hækka í kjölfar gengisfellingar.

„Hins vegar erum við að horfa upp á 10 prósenta gengisfellingu á einum degi og frá áramótum eru þetta orðin um 25 til 30 prósent. Það er því komin þörf fyrir hækkun. Við förum hreinlega fram á stöðugleika. Það er ekki búandi við þetta.“

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, var sammála og sagði gengisfellinguna koma harðast niður á þeim sem þegar hefðu selt þjónustu sína. **- jse**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Laus hross á vegunum

Lögreglan á Hvolsvelli hefur fengið tilkynningar vegna lausagöngu hrossa við þjóðveginn. Hefur vetur verið bændum afar erfiður þar sem mikill snjór hefur víða fært girðingar og ristarhlið á kaf. Hvetur lögregla bændur og aðra sem hafa eftirlit með útigangi að fylgjast vel með girðingum hjá sér til að koma í veg fyrir óhöpp.

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær var missagt að alþjóðadagur neytenda hefði verið á sunnudaginn. Hið rétta er að alþjóðadagur neytenda var á föstudaginn, 14. mars síðastliðinn.

# Fall krónunnar ýtir undir hækkun á innfluttri vöru

**Hækkanir á innfluttri vöru eru í aðsigi vegna lækkunar gengis krónunnar. Horfurnar eru ekki góðar, segir forstjóri Haga. Tölvuverslanir hækka verð svo ört að því tekur varla að prenta út nýjan verðlista.**

**NEYTENDUR** Verslunarmenn sjá fram á miklar verðhækkanir á næstunni, rétti krónan ekki úr kútnum eftir mikla gengislækkun. Hækkunar verður vart í nær öllum innflutningsgreinum.

Gengi krónunnar lækkaði um tæp sjö prósent í gær, og endaði gengisvísitalan í 153,55 stigum. Í gærmorgun var hún 143,6 stig. Gengisvísitalan mælir verðgildi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónunni og hækkar þegar verð þeirra í krónum hækkar. Hækkun vísitölunnar jafngildir því lækkun á gengi krónunnar.

Þegar gjaldeyrisviðskiptum lauk í gær stóð gengi evrunnar í rúmum 118 krónum, en hún var tæpar 109 krónur í byrjun dags.

„Það er gefið mál að það sem er keypt inn fyrir erlendan gjaldeyri mun hækka í verði, ég held að verslunarmenn geti ekki selt krónuna neitt ódýrar en bankarnir,“ segir Jón Helgi Guðmundsson, forstjóri Kaupáss, móðurfyrirtækis Nóatúns, Krónunnar, 11-11 og fleiri verslana. Hann segir verð ekki hafa hækkað mikið hingað til en verði ekki viðsnúningur á gengislækkun krónunnar þurfi að gera eitthvað.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, tekur í sama streng. „Það er ljóst að það eru verulegar verðhækkanir fram undan ef krónan ætlar að haldast svona í einhvern tíma,“ segir hann. „Horfurnar eru ekki góðar.“

Gengisáhrifa gætir einna fyrst hjá innflutningsfyrirtækjum sem endurnýja lager sinn hratt, eins og til dæmis tölvuverslunum.

Einn starfsmaður slíkrar verslunar, sem Fréttablaðið ræddi við í gær, hafði á orði að varla tæki því að prenta út nýjan verðlista, svo ört þyrfti að breyta honum.

„Við erum að skoða núna hversu mikið var komið inn til okkar á eldra gengi, og ákveðum í kjölfarið hvað við gerum,“ segir Gunnar Freyr Jónsson, framkvæmdastjóri Tölvulistans. „Við forðumst í lengstu lög að hækka, enda búnir að auglýsa og mynda stefnu í kringum fermingartilboð, en við höldum þetta ekki út endalaust ef krónan heldur svona áfram.“

salvar@frettabladid.is



**MATVÖRUBÚÐ** Innflutningsvörur eru ekki þær einu sem munu hækka í verði á næstunni vegna gengis krónunnar. Stór hluti vara sem framleiddar eru hérlendis er háður erlendu hráefni, sem er keypt í erlendum gjaldmiðli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## STAÐFESTIR SKIPBROT SEÐLABANKA

„Þetta staðfestir það skipbrot sem peningastefna Seðlabankans hefur beðið,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um gengisfall krónunnar. Hún féll hratt í gær, og endaði gengisvísitalan í 153,55 stigum.

Vilhjálmur telur þó að gengi krónunnar eigi eftir að hækka á ný til lengri tíma litið. „Það gerist af sjálfu sér, eftir því sem hún fellur meira verður hún fljótari að hækka aftur.“

Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands, telur það sem um var samið í kjarasamningum 17. febrúar vera horfið og gott betur. „Það segir sig sjálft ef þú semur um kauphækkanir og þær hverfa strax í verðbólgu,“ segir hann. „Ef við værum með evru væri þetta ekkert að gerast, þá værum við með stöðugleika í efnahagsmálum.“

„Auðvitað er þessi þróun mikið áhyggjuefni,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands. „Ef fram fer sem horfir hefur þetta vafalaust áhrif á verðbólguna í þá veru að hún verði snöggtum meiri en við áttum von á.“ **- sþs**






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**BAKSLAG Í VORKOMUNNI**

Það hefur verið vor í lofti nú síðustu daga og er dagurinn í dag engin undantekning. Á hinn bóginn vitum við að þegar vorið er að fæðast kostar það fæðingarhríðir. Á fimmtudag eru horfur á allhvassri norðanátt með snjókomu nyrðra. Á föstudag hlýnar á ný, síst þó NA-til.



**Á MORGUN** Suðvestan strekkingur en allhvasst á fjöllum.

**FIMMTUDAGUR** Allhvöss NV-átt og stormur á hálendinu.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Billund | 4° |
| Ósló | 6° |
| Stokkhólmur | 2° |
| Gautaborg | 3° |
| London | 9° |
| París | 8° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 0° |
| Berlín | 5° |
| Alicante | 22° |
| Mallorca | 16° |
| Basel | 6° |
| Eindhoven | 8° |
| Las Palmas | 22° |
| New York | 7° |
| Orlando | 28° |
| San Francisco | 16° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# Gleðilega páska




## Páskalamb

unnið í samstarfi við landslið matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marinerað í ólífulíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk.



**Hamborgarhryggur Hagkaupa**
- saltminni og þarf því ekki að sjóða



**Ferskur kalkúnn**
- tilvalinn um páskana



**Kalkúnaskip** smjörsprautað
- spennandi um páskana




**Fyllt lambalæri**
- að hætti Jóa Fel



**Mjúkís 2 lítrar**
góður um páskana

Kjörís



**Pokasalat**
- frá Himneskri Hollustu



**Rúbín páskakaffi**
- ljúfengt um páskana




**Baquette**
- ferskt baquette með og án hvítlauks

OPIÐ til 20 alla daga

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Ætti Landvernd að kæra byggingarleyfi Norðuráls?*

| | |
|---|---|
| Já | 49% |
| Nei | 51% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Skaðar dómurinn yfir Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni trúverðugleika Háskóla Íslands?*

Segðu skoðun þína á visir.is — VÍSIR

Snörp dýfa á fjármálamörkuðum í gær eftir að tilkynnt var um sölu á fjárfestingarbankanum Bear Stearns:

# Óttast að enn eigi eftir að harðna í ári

**VIÐSKIPTI** Fjármálamarkaðir um allan heim tóku snarpa dýfu í gær, féllu um tvö til rúmlega þrjú prósent, eftir að tilkynnt var um kaup bandaríska bankans JP Morgan á fjárfestingarbankanum Bear Stearns.

Stjórnendur Bear Stearns tilkynntu um fjárhagsvanda í skugga afskrifta og taps fyrir helgi. Í fyrrakvöld var svo samþykkt að JP Morgan keypti Bear Stearns með manni og mús fyrir tvo dali á hlut, samtals 236 milljónir Bandaríkjadala. Það jafngildir tæpum 18 milljörðum íslenskra króna, sem þykir útsöluverð. Gengi bréfa í bankanum fór hæst í 172,6 dali á hlut á síðasta ári og hefur hann talist til fimm stærstu fjárfestingarbanka Bandaríkjanna. Gengið hrundi um tæp 90 prósent í gær.

Á sama tíma kom bandaríski seðlabankinn til móts við fjármálamarkaði með 25 punkta lækkun millibankavaxta. Stýrivaxtadagur er vestanhafs í dag og reikna margir með að bankinn lækki stýrivexti í ofanálag um allt að eitt prósent vegna aðstæðna á mörkuðum.

Fjárfestar hafa fram til þessa talið vaxtalækkun góðar fréttir. Því var ekki að skipta í gær enda óttast menn nú að ástandið versni frekar á fjármálamörkuðum. Geti svo farið að fleiri bankar verði fyrir barðinu á lausafjárþurrð. Bandaríski bankinn Lehman Brothers hefur verið nefndur í þessu sambandi en hann þykir svipa til Bear Stearns. Richard Fuld, forstjóri bankans, hefur hins vegar vísað orðrómi um slíkt á bug, að sögn Bloombergfréttaveitunnar. - jab




**VIÐ HÖFUÐSTÖÐVAR BEAR STEARNS** Hlutabréfavísitölur víða um heim tóku fréttum um kaup á Bear Stearns afar illa í gær. MARKAÐURINN/AP

Þingkosningar í Íran:

## Stjórnvöld blása á gagnrýni

**ÍRAN, AP** Stjórnvöld í Íran blása á alla gagnrýni á þingkosningar sem fram fóru í landinu á föstudaginn.

Í kosningunum unnu íhaldsmenn mikinn meirihluta eftir að umbótasinnar voru að miklu leyti útilokaðir frá þátttöku. Haft er eftir Mahmoud Ahmedinejad, forseta Írans, að kosningarnar séu sigur í ljósi aukinnar kosningaþátttöku, sem sé stuðningur við íslamskt ríki í Íran.

Umbótasinnar gagnrýna að kjörstjórn skipuð klerkum hafi útilokað marga frambjóðendur umbótasinna frá framboði þar sem þeir hafi ekki þótt styðja íslamskt stjórnkerfi og írönsku byltinguna frá 1979 nægilega. - ovd

Króatía og Evrópusambandið:

## Útlit fyrir inngöngu árið 2010

**BRUSSEL, AP Útlit er fyrir að Króatar ljúki aðildarviðræðum sínum tímanlega til að geta gengið í Evrópusambandið árið 2010. Þetta sagði José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, eftir fund með króatíska forsætisráðherranum Ivo Sanader í Brussel fyrir helgi.**



IVO SANADER

**Stjórnvöld í Króatíu eiga enn verk fyrir höndum í að koma á endurbótum í dóms- og stjórnkerfinu til að uppfylla aðildarskilyrðin. En þau hafa þegar yfirstigið stórar hindranir, bæði að því er varðar samstarf við stríðsglæpadómstól SÞ í Haag og deilu við Slóveníu og Ítalíu um fiskveiðilögsögu í Adríahafi.** - aa

# Bankar takmarka lán í erlendri mynt

**Frjálsi fjárfestingarbankinn er hættur að veita íbúðalán í erlendri mynt og útlánaaðhald er hjá Glitni. Afborganir íbúðalána og bílalána í erlendri mynt hafa hækkað mikið. Bílalánin koma verr út vegna þess að þau eru til skamms tíma.**

**EFNAHAGSMÁL** Afborgun af bílaláni upp á eina og hálf milljón króna í japönsku jeni og svissneskum franka frá því í ársbyrjun, hefur hækkað úr 33 þúsund krónum á mánuði í janúarbyrjun í um 43 þúsund krónur á mánuði í gær, gróflega áætlað.

Undanfarin ár hefur færst í vöxt að íslenskir neytendur taki lán í erlendri mynt. Þetta er algengast í bílalánum en einnig er talsvert um að húsnæðislán séu tekin í erlendri mynt.

Með erlendum myntkörfulánum hafa neytendur komist hjá verðtryggingunni sem yfirleitt fylgir lánum sem tekin eru í íslenskum krónum.

„Við beinum því til útibússtjóra okkar að vera varkárir í útlánum. Lánsfé er dýrt um þessar mundir og við verðum að hafa hagsmuni viðskiptavinarins í fyrirrúmi. Það er útlánaaðhald, hvort sem um er ræða lán í íslenskri eða erlendri mynt,“ segir Már Másson, upplýsingafulltrúi hjá Glitni.

Sævar Bjarnason, framkvæmdastjóri hjá Lýsingu, segir að áhersla sé lögð á að gengisáhætta sé áhætta. Höfuðstóllinn hafi hækkað við gengisfall krónunnar og mánaðargreiðsla af lánum hækki í beinu framhaldi. Bílasamningar séu oft gerðir til sjö ára. Þó að greitt hafi verið inn á höfuðstólinn geti hann hækkað.

„Allt sem fer upp kemur niður. Þó að sveiflurnar séu mjög miklar bendum við okkar viðskiptavinum á að bíða og sjá hvernig þetta þróast. Það eru hækkanir nú um miðjan mánuð. Við keyrum út greiðsluseðla í lok mánaðarins og hvað gerist þá? Það getur vel verið að krónan styrkist þó að ég sjái það ekki gerast í fljótu bragði,“ segir hann.



**BÍLAR Á BÍLASÖLU** Afborganir af bílalánum í erlendri mynt hafa hækkað mikið undanfarið vegna falls krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Þó að sveiflurnar séu mjög miklar bendum við okkar viðskiptavinum á að bíða og sjá hvernig þetta þróast.
>
> **SÆVAR BJARNASON**
> FORSTÖÐUMAÐUR HJÁ LÝSINGU

Lýsing ráðleggur viðskiptavinum að halda kostnaðinum í lágmarki, vera með lága greiðslubyrði og gera sér grein fyrir að gengisáhættan sé til staðar.

Lýsing hefur einnig reynt að fá viðskiptavini til að taka íslensku krónuna inn í myntkörfuna á móti japönsku jeni og svissneskum franka til að draga úr gengisáhættunni.

„Við erum að stíga á bremsuna. Við stígum varlega til jarðar,“ segir Sævar.

Á vef Starfsgreinasambandsins tekur Skúli Thoroddsen framkvæmdastjóri dæmi um fimm milljóna króna gjaldeyrislán sem tekið var í fyrra. Þá voru afborganir 45 þúsund krónur á mánuði en eru nú tæplega 90 þúsund krónur. Einnig segir á vef Starfsgreinasambandsins að fjölskylda sem tók 20 milljóna króna lán til íbúðakaupa í fyrra hafi aukið skuldir sínar um milljón í gærmorgun eftir gengisfall íslensku krónunnar. Ekki er tilgreint til hve langs tíma lánin í dæmunum tveimur eru veitt. ghs@frettabladid.is



**FENGU SKELL** Nicolas Sarkozy forseti og Francois Fillon forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Frakklandi:

## Stjórninni sýnt gult spjald

**FRAKKLAND, AP Franskir kjósendur sýndu Nicolas Sarkozy forseta gult spjald með því að kjósa flokksmenn hans í stórum stíl út úr ráðhúsum landsins um helgina. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna urðu ríkisstjórninni í gær tilefni til að endurnýja fögur fyrirheit um að hrinda umbótaáformum í framkvæmd.**

**Sarkozy og ríkisstjórnin „munu taka til greina þau skilaboð sem Frakkar sendu“, sagði talsmaður ríkisstjórnarinnar í gær, og tók fram að vissar „aðlaganir“ yrðu gerðar á ríkisstjórninni fljótlega. Sú uppstokkun yrði þó takmörkuð að umfangi.** - aa

Fyrirhugað álver á Bakka:

## Kærufresturinn rennur út í dag

**UMHVERFISMÁL** Kærufrestur rennur út í dag vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um að láta ekki fara fram heildstætt umhverfismat vegna álvers á Bakka við Húsavík.

Stofnunin ákvað í febrúar að álverið og Þeistareykjavirkjun, stækkun Kröfluvirkjunar og lagning háspennulínu frá Kröflu og Þeistareykjum til Húsavíkur þyrfti ekki að meta saman. Var það meðal annars rökstutt með því að sveitarfélögin létu gera svæðisskipulag með hliðsjón af lögum um umhverfisáhrif áætlana, ólíkt sveitarfélögum á Suðurnesjum vegna Helguvíkur. - kóþ




Sársauki er ekki eðlilegt ástand

Átt þú rétt á slysabótum?

TORT

NR. 1 Í INNHEIMTU SLYSABÓTA

Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - www.tort.is


Áhrif gengislækkunar á útgerðarfyrirtækin:

## Gleðjast en óttast heildaráhrifin

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þetta hefur náttúrlega þau áhrif að aflaverðmætið hækkar svo allir munu hafa meira milli handanna í Vestmannaeyjum,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, spurður um áhrif gengisfellingarinnar í gær. „Laun sjómanna hækka, tekjur bæjarfélagsins hækka og þegar fram líða stundir getur þetta orðið til þess að staða sjávarútvegsins og þar með sjávarbyggða batni. En svo má ekki gleyma því að þetta verður til þess að skuldir okkar hækka einnig. Svo óttast ég nokkuð heildaráhrifin því ef þetta er vísirinn að langvarandi heimskreppu getur hún leitt til neyslusamdráttar og það gæti svo leitt til verðlækkunar á fiski, sem er verulegt áhyggjuefni.“

Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda, tekur í sama streng. „Veikt gengi er náttúrlega okkur í hag en svo fara skuldirnar náttúrlega upp úr öllu valdi þegar svona sveifla á sér stað,“ segir hann. „Hins vegar er svona svakaleg gengisfelling engum holl. Sígandi lukka er best í þessu eins og öðru.“

Þar var Sigurgeir Brynjar einnig sammála. „Það er eins og japanskir viðskiptavinir mínir og félagar segja að peningar sem aflað er með svita og tárum eru meira virði en þeir sem falla af himnum ofan.“ - jse



**HROGNIN SKOÐUÐ** Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson skoðar loðnuhrogn með Japananum Kawamorita Mitsutoma. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA Á BETRA VERÐI EN AÐRIR



**Toyota Land Cruiser 120 LX**
35" breyttur, dráttarbeisli
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 09.05 Ekinn: 72.000 km
Verð: 4.850.000 kr. Skr.nr. DD-264



**Toyota Land Cruiser 120 GX**
Aukasæti, dráttarbeisli
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 07.03 Ekinn: 128.000 km
Verð: 3.750.000 kr. Skr.nr. DD-429



**Toyota Land Cruiser 120 VX, TRC**
Dráttarbeisli, bakkskynjarar
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 09.05 Ekinn: 107.000 km
Verð: 5.090.000 kr. Skr.nr. NE-086



**Toyota Land Cruiser 100**
4200 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 07.03 Ekinn: 150.000 km
Verð: 5.600.000 kr. Skr.nr. VU-317



**Toyota Land Cruiser 120 GX**
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 11.04 Ekinn: 61.000 km
Verð: 4.590.000 kr. Skr.nr. AP-700



**Toyota Land Cruiser 120 LX**
35" breyttur, dráttarbeisli
3000 Dísel 5 gíra
Á götuna: 06.03 Ekinn: 65.000 km
Verð: 3.650.000 kr. Skr.nr. RH-041



**Toyota Land Cruiser 120 VX TRC**
33" breyttur, dráttarbeisli, filmur, kastarar, aukasæti
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 09.03 Ekinn: 118.000 km
Verð: 4.390.000 kr. Skr.nr. PK-743



**Toyota Land Cruiser 100**
DVD, sjónvarp, dráttarbeisli, aukamiðstöð o.fl.
4200 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 04.02 Ekinn: 138.000 km
Verð: 4.850.000 kr. Skr.nr. SP-455



**Toyota RAV4 GX**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 11.06 Ekinn: 18.000 km
Verð: 3.280.000 kr. Skr.nr. UV-188

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 41635 03.2008

Aðalmeðferð í heimilisofbeldismáli lauk fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær:

# Hrottalegt heimilisofbeldismál

**DÓMSMÁL** Hrottalegt heimilisofbeldismál bíður nú dóms fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Karlmaður á fimmtugsaldri er ákærður fyrir fjórar líkamsárásir á hendur fyrrverandi eiginkonu sinni. Í tveimur af þessum tilvikum er hann jafnframt ákærður fyrir húsbrot með því að hafa ruðst í heimildarleysi inn í íbúð hennar og ráðist þar á hana.

Manninum er gefið að sök að hafa ráðist á konuna í janúar 2005 og margsinnis slegið hana hnefahöggum í andlit, bak, axlir, hnakka og maga, rifið í hár hennar og sparkað í fætur hennar svo stórsá á henni. Jafnframt að hafa í apríl sama ár ráðist á konuna í svefnherbergi íbúðarinnar og dregið hana á hárinu úr rúmi sem hún sat í og ítrekað slegið hana með krepptum hnefa þar sem hún lá í gólfinu, með þeim afleiðingum að hún hlaut margvísleg meiðsl.



**HÉRAÐSDÓMUR** Aðalmeðferð málsins lauk í gær.

Í febrúar 2006 er manninum gefið að sök að hafa ruðst í heimildarleysi inn á heimili konunnar, gripið í hár hennar og haldið henni fastri á meðan hann sló hana hnefahöggum í andlit og í bak, og svo sparkað í fætur hennar, með þeim afleiðingum að hún hlaut umtalsverða áverka og eymsl.

Loks er manninum gefið að sök að hafa í mars 2006 enn ráðist inn til konunnar í heimildarleysi, misþyrmt henni á ýmsan hátt og og skaðað hana. **- jss**

# Ingibjörg Sólrún komin til Afganistan

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra kom til Kabúl, höfuðborgar Afganistans, í gær. Hún ætlar að hitta Karzai forseta og fleiri ráðamenn auk þess að kynna sér starfsemi íslensku friðargæslunnar.**

**AFGANISTAN** „Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að kynnast þeim verkefnum sem okkar fólk er að vinna hér á vegum íslensku friðargæslunnar,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra við komuna til Kabúl í gær. Hún lenti á Kabúlflugvelli síðdegis þar sem starfsfólk íslensku friðargæslunnar tók á móti henni.

Ingibjörg segist vilja „heyra frá þeim sjálfum hvað þeim finnst um þessi verkefni. Mér finnst að við skuldum þessu fólki, sem er búið að starfa margt hvert hérna árum saman, að hlusta á sjónarmið þess.“

„Það er bara mjög skemmtilegt fyrir okkur að ráðherrann sé að koma. Það er verið að viðurkenna okkar starf,“ segir Heiða B. Ingadóttir, einn af íslensku friðargæsluliðunum í Kabúl. „Hún kom líka með páskaegg að gjöf handa okkur og við erum mjög ánægð með það.“

Á flugvellinum í Kabúl tóku einnig á móti Ingibjörgu fimm íslenskir sérsveitarmenn, alvopnaðir, sem hafa það hlutverk að gæta öryggis hennar í heimsókninni. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenska lögreglan sinnir öryggisgæslu af þessu tagi utan landsteinanna.

Í gærkvöld snæddi Ingibjörg Sólrún með fulltrúum ýmissa alþjóðastofnana og mannúðarsamtaka hér. Í ferðinni ætlar hún einnig að hitta nokkra af ráðamönnum landsins, meðal annars Karzai forseta og kvennamálaráðherra.



**UTANRÍKISRÁÐHERRA Í KABÚL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ræðir við friðargæsluliða skömmu eftir að hún lenti í Kabúl um hádegisbilið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐSTEINN

Enn fremur flýgur hún til Meymanah, lítils þorps í fjallahéraði norðvestan til í landinu, þar sem íslenskir friðargæsluliðar eru að hefja starfsemi á ný eftir nokkurt hlé.

„Ég hefði verið tilbúin að fara fyrr ef ég hefði haft tök á því en þetta er í raun og veru fyrsta mögulega tækifærið vegna veðráttu á svæðinu að koma hingað,“ segir Ingibjörg.



GUÐSTEINN BJARNASON
SKRIFAR FRÁ AFGANISTAN
gudsteinn@frettabladid.is


FERMINGAR TILBOÐ



6.000 kr. afsláttur

UNICORN FLAKKARI
MEÐ 320 GB HÖRÐUM DISKI
19.800 KR.
Eldra verð: 25.800 kr.
320 GB harður diskur
Afspilunartæki fyrir: tölvu/sjónvarp/skjávarpa
HDTV upscaling: 1920x1080i, 1280x720p
Video: MPEG1/2/4, AVI, DivX3,11/4x/5x, Xvid, DVD, IFO, VOB, VCD(DAT)
Audio: AC3, MP2/3, DTS pass through, WMA, OGG/JPEG
Slideshow möguleiki fyrir Digital myndir
Fjarstýring fylgir
Margir tengimöguleikar

5.000 kr. afsláttur




KODAK EASYSHARE V1253
KODAK MYNDAVÉL
34.900 KR.
Eldra verð: 39.900 kr.
12 MP upplausn
3X optískur aðdráttur
Schneider linsa
Möguleiki á HD videoupptöku
3,1" skjár
ISO 3200
Stafræn hristivörn

30% afsláttur



Gott fólk

ZICPLAY V-MAX 2 GB
MP3 SPILARI
6.900 KR.
Eldra verð: 9.900 kr.
FM útvarp og FM upptaka
Hljóðupptaka
WMA, MP3 og MP4 videoafspilun
Styður JPEG og BMP myndir
1,5" litaskjár (128x128)
Innbyggð hleðslurafhlaða – 7,5 klst.

Það er til lausn á öllu
EJS
Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000
Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000 / www.ejs.is





ATARNA

SIEMENS
Aneta
Eldunartæki, kælitæki, uppþvottavél og ljós í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




Bókaðu núna!

# Kóngurinn í Køben

**Bubbi Morthens**, í samvinnu við Iceland Express og Express ferðir, heldur stórtónleika í hinum glæsilega **Falconer Salen** í Kaupmannahöfn **18. október 2008**. Þar mun Bubbi, eins og honum einum er lagið, flytja sín þekktustu lög í bland við nýtt efni. **Ekki missa af þessum einstaka tónlistarviðburði!**

***Björk, Kiss, Bruce*** *og* ***REM*** *með Express ferðum!*

| | |
|---|---|
| ***Björk*** *í London* | *14.–15. apríl* |
| ***Kiss*** *í Køben* | *3.–5. júní* |
| ***Bruce Springsteen*** *í Gautaborg* | *2.–6. júlí* |
| ***REM*** *í Køben* | *5.–7. sept.* |

*Nánar á expressferdir.is*
*eða í síma 5 900 100*

**Express** *ferðir*
*Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express*

Verð frá:
**39.900 kr.**
Kynntu þér mismunandi pakkaferðir
á tónleikana á **www.expressferdir.is**

**Iceland Express**
**með ánægju**

**www.icelandexpress.is**

Fiton/SÍA




Fyrirtækjaþjónusta

KAUPÞING
Hugsum lengra

Markmið Fyrirtækjaþjónustu Kaupþings er að veita fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum framúrskarandi fjármálaþjónustu og stuðla að því með faglegum vinnubrögðum að viðskiptavinir okkar nái markmiðum sínum. Við kappkostum að byggja upp langtímasamband við viðskiptavini okkar sem grundvallast á trausti og trúnaði.

Við tökum þátt í að byggja upp fyrirtækið þitt og erum með þér alla leið!

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veita fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings í síma 444 7000 eða á info@kaupthing.is


**LÖGREGLUHUNDAR** Lögregluhundar geta verið sérhæfðir til fíkniefnaleitar, leitar á munum og lífsýnum og til valdbeitingar. Ríkislögreglustjóri þarf að samþykkja að lögregla taki valdbeitingarhunda í sína þjónustu.

# Þarfagreining á hundum

**Ríkislögreglustjóri mun láta fara fram þarfagreiningu á tillögum lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins um breytt hundahald. Samþykki hans þarf til.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég hef ekki séð þessar tillögur og þær hafa ekki borist embætti ríkislögreglustjóra,“ segir Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra.


GUÐMUNDUR GUÐJÓNSSON

Guðmundur kveðst því ekki geta tjáð sig um hugmyndir lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins um breyttar áherslur á hundamálum embættisins, sem Fréttablaðið hefur greint frá.

Þessar hugmyndir fela einkum í sér að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu samnýti fíkniefnaleitarhunda með lögreglu og tollgæslu á Suðurnesjum, en fái sér valdbeitingarhunda í stað þeirra fíkniefnaleitarhunda sem eru á höfuðborgarsvæðinu.

„Þegar lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur kynnt ríkislögreglustjóra tillögur sínar fer fram þarfagreining á því sem þar er nefnt og ríkislögreglustjóri leggur síðan mat á þær, enda þarf samþykki hans fyrir því að lögregla taki valdbeitingarhunda í sína notkun“ segir Guðmundur enn fremur.

Einnig er í athugun að lögregla höfuðborgarsvæðisins fái sér sértæka leitarhunda sem geta leitað að munum og jafnvel lífsýnum. Starfshópur lögreglu höfuðborgarsvæðisins vinnur að athugun á þörf og hagkvæmni þessara breytinga.

Hörður Jóhannesson, aðstoðarlögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, sagði af þessu tilefni við Fréttablaðið að hugsanleg samnýting embætta höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja á fíkniefnaleitarhundum yrði angi af því góða og vaxandi samstarfi sem væri milli umdæmanna.

- jss

TVÖFALDIR VILDARPUNKTAR TIL 1. APRÍL

HJÁ VILDARFYRIRTÆKJUM VISA OG ICELANDAIR
Handhafar Vildarkorts VISA og Icelandair safna Vildarpunktum hraðar með því að beina viðskiptum sínum til Vildarfyrirtækja Vildarklúbbsins.
Frá 17. mars til 1. apríl fá þeir tvöfaldan afslátt í formi Vildarpunkta þegar þeir greiða með kortinu sínu.

**Meðal Vildarfyrirtækjanna eru:**
**BSR**, leigubílastöð, sími: 56 10 000
**ORKUSALAN**, um allt land
**HOLE IN ONE**, Bæjarlind 1
**BLÓMAVERKSTÆÐI BINNA**, Skólavörðustíg 12
**APÓTEKARINN, VESTURBÆJARAPÓTEK**, Melhaga 22
**RÍN**, hljóðfæraverslun, Brautarholti 2
**Z-BRAUTIR OG GLUGGATJÖLD**, Faxafeni 14
**H. GÆÐASVAMPUR**, Vagnhöfða 14
**DUXIANA**, Ármúla 10

VISA ICELANDAIR Vildarklúbbur
WWW.VILDARKLUBBUR.IS

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 41526 03/08

WWW.VILDARKLUBBUR.IS
VISSIR ÞÚ ...
AÐ ÞÚ FÆRÐ ENN FLEIRI VILDARPUNKTA EF ÞÚ ÁTT VIÐSKIPTI VIÐ VILDARFYRIRTÆKI VISA OG ICELANDAIR?

Hæstiréttur sneri við dómi héraðsdóms:

# Mátti segja lækni upp

**DÓMSTÓLAR** Tryggingastofnun var heimilt að segja upp samningi við sjálfstætt starfandi svæfingalækni, samkvæmt dómi Hæstaréttar. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður með dómi sínum ógilt þessa ákvörðun TR um uppsögn samningsins.

Ástæðu uppsagnarinnar sagði TR vera þá að svæfingalæknirinn hefði gerst sekur um stórkostlegt misferli í starfi, en hann var talinn hafa skráð rangar upplýsingar á reikninga og þannig krafið Tryggingastofnun um greiðslur fyrir mun lengri svæfingatíma en kæmi fram í svæfingaskýrslum.

Af framlögðum gögnum í málinu þótti ljóst að svæfingalæknirinn hefði framvísað reikningum fyrir læknisverk langt umfram það sem ráðgert væri í gjaldskrá svæfingalækna. Samkvæmt mati Tryggingastofnunar hafði svæfingalæknirinn brotið af sér af ásetningi og misferli hans verið stórkostlegt, en hann hefði ekki borið nokkuð fram í málinu er dregið gat réttmæti þessa mats TR í efa. Þá hafnaði Hæstiréttur þeirri málsástæðu svæfingalæknisins að ekki hefði verið gætt umsaminna og lögbundinna málsmeðferðarreglna áður en ákvörðun um uppsögnina var tekin.

- jss



**LEIKSKÓLABÖRN Á ROFABORG** Ekki eru öll börn svo lánsöm að komast á leikskóla og tillögur borgarstjóra miða að því að létta undir með foreldrum þeirra sem heima sitja. Heimagreiðslur hafa þó verið harðlega gagnrýndar af minnihlutanum, sem heldur því fram að greiðslurnar vinni gegn atvinnuþátttöku kvenna. Myndin tengist fréttinni annars ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leikskólaráð deilir um heimagreiðslur

**Á fundi leikskólaráðs fékkst ekki botn í hvort komið yrði á svokölluðum heimagreiðslum eður ei. Fulltrúi Samfylkingar segir enga samstöðu innan meirihlutans. „Pólitískt ryk,“ segir formaður leikskólaráðs.**

**MENNTUN** Það sem rætt hefur verið um og kallað heimagreiðslur heitir það alls ekki; hér er um að ræða þjónustutryggingar, að sögn Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur, formanns leikskólaráðs.

Hún vill þó ekki segja hvort þær verði greiðslur til foreldra, eins og borgarstjóri hefur haldið fram, eða til þriðja aðila, eins og hún hélt sjálf fram í Morgunblaðinu.

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri kynnti þriggja ára áætlun borgarinnar 3. mars síðastliðinn. Sagði hann standa til að taka upp greiðslur til þeirra foreldra sem bíða eftir leikskólaplássi fyrir börn sín. Greiðslan myndi nema tugum þúsunda og með henni yrði sagt skilið við „biðlistastefnuna“.

Síðan hefur minnihlutinn gagnrýnt þessa hugmynd og kallað hana „kvennagildru“ sem vinni gegn atvinnuþátttöku kvenna og viðhaldi launamun kynjanna.

Þorbjörg Helga sagði svo í Morgunblaðinu 7. mars að þetta yrðu ekki greiðslur til foreldra, heldur þriðja aðila; au pair eða ömmu, líkt og verið hefur.

Á fundi leikskólaráðs í síðustu viku bókaði minnihlutinn að hann vildi vita hvort þetta þýddi að Þorbjörg formaður væri að draga heimagreiðslur Ólafs til baka.

Sigrún Elsa Smáradóttir Samfylkingu segir að skýrt svar hafi ekki fengist við þessu, sem sé dæmigert fyrir meirihlutann.



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**



**SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR**

„Ólafur fer af stað með mál sem er óreifað í leikskólaráði og greinilega engin samstaða um innan meirihlutans. Svo kemur Tobba [Þorbjörg Helga] heim frá útlöndum og þarf að bera þetta allt til baka,“ segir Sigrún. Hún voni í það minnsta að Þorbjörg beri greiðslurnar til baka.

Þorbjörg Helga vildi ekki tjá sig nánar um málið þegar blaðamaður náði af henni tali.

„Þær [í minnihlutanum] geta bókað eins og þær vilja,“ sagði hún. Ekki væri rétt að fjalla mikið um tillögurnar fyrr en þær hefðu hlotið viðunandi kynningu hjá borginni.

„Úrræðin verða kynnt fyrir foreldrum og fjölmiðlum í apríl,“ segir Þorbjörg; „þær eru bara að reyna að búa til eitthvert pólitískt ryk.“

klemens@frettabladid.is


TM

Engin biðskylda.

**Skjót viðbrögð skipta máli**
Það er lykilþáttur í þjónustu TM að bregðast hratt og örugglega við tjónstilkynningum. Þú hringir, við mætum strax á staðinn, metum aðstæður og leiðum þig í gegnum næstu skref – engin biðskylda.

Við leggjum áherslu á að sérhver viðskiptavinur á fyrirtækjasviði TM hafi sinn eigin ráðgjafa sem metur vátryggingaþörf fyrirtækisins.

**Fyrirtækjatrygging TM**

**Dæmi um tryggingar sem standa til boða:**

**Grunnvernd**
// Brunatrygging lausafjár.
// Rekstrarstöðvunartrygging.
// Ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur.
// Slysatrygging launþega.

**Viðbótarvernd**
// Brunatrygging húseigna.
// Húseigendatrygging.
// Skyldutrygging bifreiða.
// Kaskótrygging bifreiða.
// Sjúkra- og slysatryggingar.
// Starfsábyrgðartryggingar.
// Víðtækar lausafjártryggingar.
// Farmtryggingar.
// Skipatryggingar.
// Verktakatrygging.
// Flugvélatryggingar.

**Fyrirtækjatrygging** TM

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** / Sími 515 2000 / tm@tm.is



Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á.
Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á **www.tm.is** og fáðu skýr svör.

Sprengingar í vopnageymslu í Albaníu:

# Ráðherra segir af sér

**ALBANÍA, AP** Varnarmálaráðherra Albaníu, Fatmir Mediu, sagði af sér í gær í kjölfar þess að ellefu manns létust og nærri þrjú hundruð særðust í sprengingum í vopnageymslu nærri höfuðborginni Tirana.

Björgunarmenn fundu í gær lík barns sem fórst í sprengingunum en tólf er enn saknað. Sprengingarnar hófust á laugardag og stóðu í fjórtán klukkustundir, fram á sunnudagsmorgun. Hafin er rannsókn á tildrögum slyssins og hefur albanskur undirverktaki verið yfirheyrður en hann sá meðal annars um eyðingu gamalla skotfæra á svæðinu. - ovd



**EYÐILEGGING** Loftmynd af verksmiðju í þorpinu Gerdec, en hún var meðal bygginga sem eyðilögðust í skotfærageymslusprengingunum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**SÍMAMYND AF VETTVANGI** Mynd sem íbúi í Linxia í Vestur-Kína fékk í gær senda frá ættingja í Lhasa í farsíma sinn og sýnir vettvang í miðjum óeirðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Mótmælendum í Tíbet hótað hörðu

**Héraðsstjóri Tíbets segir færri hafa látið lífið í óeirðunum en útlagastjórnin segist hafa heimildir fyrir. Í gær rann út frestur sem yfirvöld gáfu mótmælendum til að gefa sig fram eða sæta hörðu ella.**

**KÍNA, AP** Héraðsstjóri Tíbet, sem sjálfur er Tíbeti en er fulltrúi stjórnvalda í Peking, fordæmdi í gær þá sem hafa tekið þátt í mótmælum gegn kínverskum yfirráðum í tíbetsku höfuðborginni Lhasa undanfarna daga. Hét hann því að lögum yrði komið yfir mótmælendurna, en á miðnætti í gærkvöld að staðartíma rann út frestur sem yfirvöld gáfu þeim til að gefa sig fram. Til frekari árekstra mótmælenda og lögreglu kom í gær, bæði í Tíbet og fleiri héruðum Kína.

Héraðsstjórinn, Champa Phuntsok, sagði fjölda þeirra sem látið hefðu lífið í óeirðum síðustu daga vera kominn í sextán manns og tugir hefðu særst. Talsmenn útlagastjórnar Tíbets sem hefur aðsetur á Norður-Indlandi segjast hins vegar hafa áreiðanlegar heimildir fyrir því að minnst áttatíu manns hafi fallið.

Þetta eru mestu andófsaðgerðir gegn kínverskum yfirráðum í Tíbet í nærri tvo áratugi. Þær hafa nú breiðst til fleiri héraða, þar sem Tíbet-ættað fólk hefur efnt til samúðarmótmæla. Þessi atburðarás kemur stjórnvöldum í Peking mjög illa nú er þau eru að undirbúa Ólympíuleikana sem eiga að fara fram þar í borg í sumar, en með því að halda leikana vildi kommúnistastjórnin bæta ímynd landsins út á við.

„Gefi þetta fólk sig fram verður tekið á því af mildi,“ sagði Phuntsok. Að öðrum kosti „munum við taka á því af hörku“.

Talsmenn alþjóðlegra samtaka sem berjast fyrir sjálfstæði Tíbets og hafa höfuðstöðvar í Washington D.C. (International Campaign for Tibet), sögðu að íbúar Tíbets óttuðust að eftir að miðnæturfrestur gærdagsins rann út myndi herinn gera allsherjarrassíu í tilraun til að uppræta hreyfingu mótmælenda.

Að því er fram kom í breska blaðinu The Times gengu hermenn þegar í gær hús úr húsi og handtóku hvern þann sem ekki gat framvísað gildum skilríkjum og heimild til dvalar í Lhasa.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, skoraði á ný á kínverska ráðamenn í gær að taka á málum í Tíbet af hófstillingu og til að finna leið til að stofna til samskipta við útlagastjórn Dalai Lama. Kínversk yfirvöld hafa sakað útlagastjórnina um að standa á bak við uppþotin.

audunn@frettabladid.is

Orkuveita Reykjavíkur

Þinn styrkur – okkar framlag

Við auglýsum eftir umsóknum um styrki á sviði menningarmála, íþrótta- og æskulýðsmála, umhverfis- og útivistarmála og mannúðarmála.

Alls leggjum við fram 50 milljónir króna og skiptast þær þannig að 15 milljónum verður ráðstafað til menningarmála, 15 milljónum króna verður varið til umhverfis- og útivistarmála, til íþrótta- og æskulýðsmála, þ.m.t. styrkir til afreksfólks, verður varið 15 milljónum króna og 5 milljónir króna renna til líknarmála.

Sækja skal um styrki fyrir 14. apríl næstkomandi. Eingöngu er hægt að sækja um á vef Orkuveitu Reykjavíkur: **www.or.is**



• Nýir tímar, nýjar hugmyndir

or.is



MultiBook®

Rafmögnuð bók sem hleður síma og spilastokka



MultiBook er ítölsk snilli sem líkja má við galdraöskju. Hún er stílhrein eins og bók, lýsir eins og lampi og á kilinum er stafræn vekjaraklukka. Inni í bókinni eru þrjár innstungur til að hlaða raftæki á borð við farsíma, spilastokka (iPod) og myndavélar. Allar snúrurnar hverfa ofan í MultiBook og tiltektin er úr sögunni!

Til í hvítu, svörtu, rauðu og dökkbláu í Lumex.

www.lumex.is

Lumex, Skipholti 37, Sími 568 8388

LUMEX

Fjarnámi hætt í íslensku:

# Vilji er til að efla fjarnámið

**MENNTUN Mikill vilji er innan Háskóla Íslands til að efla fjarkennslu, að sögn rektors, þrátt fyrir að heyrst hafi að leggja eigi fjarnám í íslensku niður.**

**„Það er mál sem er í endurskoðun. Við erum að skoða fjármögnun fjarkennslunámsins og í sambandi við sameininguna við Kennaraháskólann,“ segir Kristín Ingólfsdóttir rektor.**

**„Við viljum efla fjarkennsluna við skólann og viljum sjá með hvaða hætti við getum gert þetta sem best,“ segir hún en kveður ekki fastar að orði. Málið sé í endurskoðun, sem fyrr segir.** - kóþ

Angela Merkel kanslari Þýskalands er í þriggja daga opinberri heimsókn í Ísrael:

# Ísraelar og Þjóðverjar efla samstarf

**ÍSRAEL, AP** Leiðtogar Ísraels og Þýskalands undirrituðu í Jerúsalem í gær samkomulag um mun nánara samstarf en ríkin tvö hafa haft með sér til þessa. Samkomulagið markar einn af hápunktum þriggja daga opinberrar heimsóknar Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, til Ísraels í tilefni af sextíu ára afmæli gyðingaríkisins.

Merkel og ísraelski forsætisráðherrann Ehud Olmert stýrðu sameiginlegum fundi sem ráðherrar úr ríkisstjórnum beggja landa sátu. Á fundinum var gengið frá samningum um eflt samstarf landanna á fjölmörgum sviðum, svo sem í menntunar-, umhverfis- og varnarmálum. Samið var um að halda slíka ráðherrasamráðsfundi einu sinni á ári framvegis.

Á sameiginlegum blaðamannafundi bar Olmert lof á vináttu Ísraels og Þýskalands, en tók fram með vísun til helfarar þýskra nasista gegn gyðingum á sínum tíma: „Mikilvægt er að við gleymum engu, en við ætlum okkur heldur ekki að hundsa þau tækifæri og þá skyldu sem við höfum til að vinna saman í því skyni að tryggja þjóðum vorum, heimshlutanum og heiminum öllum betri framtíð.“

Í dag stendur til að Merkel ávarpi Ísraelsþing, Knesset, en með því verður hún fyrsti erlendi ríkisstjórnarleiðtoginn sem það gerir. Einungis þjóðhöfðingjum hefur verið boðið það til þessa. - aa



MERKEL OG OLMERT Ríkisstjórnarleiðtogarnir tveir mæta á sameiginlega ráðherrafundinn í Jerúsalem í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Á VEIÐUM Heildaraflaverðmæti nam 80 milljörðum króna í fyrra samanborið við 76,2 milljarða árið 2006.

Hagstofa Íslands:

# Aflaverðmæti jókst í fyrra

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaverðmæti íslenskra skipa jókst um tæpa fjóra milljarða frá árinu 2006 til 2007. Heildaraflaverðmætið nam 80 milljörðum í fyrra samanborið við 76,2 milljarða árið þar á undan og jókst því um rúm fimm prósent.

Verðmæti botnfisks vegur þar langþyngst en í fyrra nam það rúmum 60 milljörðum en 57,5 milljörðum árið þar á undan. Verðmæti ýsu jókst mest milli áranna, eða um 27 prósent, en einnig jókst verðmæti þorsksafla um tæp sjö prósent. Aflaverðmæti karfa dróst hins vegar saman um 9,5 prósent. - jse

Hraðakstur á Suðurlandsvegi:

# Á um 150 kílómetra hraða

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Hvolsvelli hefur undanfarna daga haft afskipti af óvenju mörgum ökumönnum vegna hraðakstursbrota á Suðurlandsvegi.**

**Sá sem hraðast ók var á hátt í 150 kílómetra hraða á klukkustund þar sem hámarkshraði er 90. Nokkrir ökumenn voru á um og yfir 130 kílómetra hraða á klukkustund. Góðar aðstæður og auðir vegir eru taldar ástæður þess að ökumenn virða ekki hámarkshraða.** - ovd

Ríkisútvarpið:

# Aðalfundur dregst enn

**VIÐSKIPTI** Enn verður dráttur á því að aðalfundur Ríkisútvarpsins ohf. geti farið fram. Samkvæmt samþykktum á að halda aðalfund í lok janúar en fyrr í þessum mánuði hafði Páll Magnússon sagt í fjölmiðlum að fundurinn yrði líklegast haldinn í lok þessa mánaðar. Í samtali við Fréttablaðið segir Ómar Benediktsson stjórnarformaður að líklegast verði hann ekki fyrr en í apríl. „Við getum ekki gert okkar uppgjör fyrr en við höfum stofnefnahagsreikning,“ segir Ómar. „Eftir því sem ég hef heyrt verður hann tilbúinn frá Ríkisendurskoðanda í þessari viku. Þá getum við farið í að gera okkar uppgjör og strax að því loknu verður boðað til aðalfundar og mér þykir líklegt að hann verði í apríl.“ - jse




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.652 **-3,45%**

**Fjöldi viðskipta:** 823
**Velta:** 6.330 milljónir

MESTA HÆKKUN

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **FL GROUP** | **-13,21%** |
| **EXISTA** | **-10,32%** |
| **365** | **-7,97%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,20 -1,37% ... Bakkavör 38,15 -2,18% ... Eimskipafélagið 26,60 -6,17% ... Exista 10,43 -10,32% ... FL Group 7,23 -13,21% ... Glitnir 16,15 -4,15% ... Icelandair 24,25 -2,61% ... Kaupþing 707,00 -1,40% ... Landsbankinn 27,05 -4,25% ... Marel 86,30 -2,27% ... SPRON 4,74 -5,39% ... Straumur-Burðarás 10,80 -3,31% ... Teymi 4,58 -7,10% ... Össur 87,00 -1,70%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Bæklingur frekar en bók

Árið 2001 gaf Pálmi Jónasson blaðamaður út bókina Íslenskir milljarðamæringar. Var það framhald á bók sem kom út nokkrum árum áður. Þá hét hún hins vegar Íslenskir milljónamæringar. Það var auðvitað í takt við þróun mála á Íslandi að það tók því ekki lengur að telja upp alla milljónamæringana og því valdi Pálmi að einskorða umfjöllunina við þá sem hagnast höfðu um milljarða. Og þeir voru ansi margir. Fyllti umfjöllunin heilar 332 blaðsíður. Þeir sem hins vegar hyggjast uppfæra þessa bók, enda margt breyst frá árinu 2001, þurfa ekki að örvænta. Eins og útlit var fyrir á síðasta ári þarf ekki að skrifa mörg hundruð blaðsíðna bók um íslenska milljarðamæringa. Niðursveiflan síðustu mánuði hefur orðið til þess að bókin hefur frekar rýrnað í blaðsíðum talið. Jafnvel orðin að bæklingi.



### Saving Iceland

Margir erlendir gestir flykktust til landsins síðasta sumar til að berjast gegn „eyðingu landsins“. Bar nokkuð mikið á þessu fólki sem hékk í krönum og hengdi upp borða með mikilvægum skilaboðum. Nú væri hægt að nota kraft þessa unga fólks til að bjarga Íslandi – bara í öðrum skilningi. Á fréttaveitunni Bloomberg í gærkvöldi birtist frétt sem nánast lýsti örvæntingarfullum aðstæðum í fjármálakerfi landsins. Sumir halda því fram að fundir og áróður stjórnmálamanna á erlendri grund, þar sem ástandinu hér er lýst sem traustu, fái ekki nógu góða umfjöllun. Því væri ráð að taka hópinn Saving Iceland í þjónustu sína og svo hægt sé í raun og veru að bjarga Íslandi frá örvæntingu. Það væri til dæmis hægt að fá nokkra til að hanga utan á höfuðstöðvum viðskiptablaðsins Financial Times í London með áríðandi skilaboðum: „The Icelandic banks are not in distress.“ „CDS doesn't say it all.“ Bara sem dæmi.

## Bear Stearns á brunaútsölu

J.P. Morgan keypti Bear Stearns á verði sem blaðið Wall Street Journal kallar brunaútsölu.

Verðið sem J.P. Morgan greiddi voru 2 dollarar á hlut og samkvæmt því var Bear Stearns metið á 236 milljónir dollara eða 16 milljarða króna en í síðasta mánuði var markaðsverð Bear Stearns um 3,5 milljarðar dollara. Til samanburðar eru höfuðstöðvar Bear Stearns metnar á 1,2 milljarða dollara. bankinn hækkað um 8,5% í gær.

Bear Stearns er síðasta fórnarlamb undirmálslánanna á fasteignamarkaðinum vestan hafs og þurfti neyðaraðstoð í síðustu viku til að komast hjá gjaldþroti.

# Sveitarfélögin í plús

„Aukin umsvif, framkvæmdir og fólksfjölgun á suðvesturhorninu skipta miklu máli í þessu sambandi,“ segir Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samkvæmt Hagtíðindum Hagstofunnar hefur afkoma sveitarfélaganna í heild farið mjög batnandi undanfarin þrjú ár, eftir langt tímabil neikvæðrar afkomu. Tekjuafgangur sveitarfélaganna í heild í fyrra nam tæpum sex milljörðum króna, eða hálfu prósenti af landsframleiðslu. Þetta er hærra hlutfall landsframleiðslunnar en árið á undan. Gunnlaugur Júlíusson bendir þó á að ástandið sé misjafnt hjá sveitarfélögunum. Á stöðum þar sem fimmtungur þjóðarinnar býr, hafi lítið verið að gerast undanfarin ár.



**GUNNLAUGUR JÚLÍUSSON** Mismunandi staða hjá sveitarfélögunum en mestur uppgangur á suðvesturhorninu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í heild námu tekjur hins opinbera 617,5 milljörðum króna í fyrra, sem er 57 milljörðum meira en í hittiðfyrra. Sem hlutfall af landsframleiðslu hefur hlutur hins opinbera aldrei verið meiri, 48,3 prósent. Afkoma hins opinbera í heild var jákvæð um tæpa 67 milljarða króna í fyrra.

Skuldir hins opinbera umfram eignir nema hins vegar hátt í 93 milljörðum króna. **- ikh**

# Vilji til að taka FL Group úr Kauphöll

Til stendur að taka FL Group af markaði, samkvæmt heimildum Markaðarins. Það hefur þó ekki verið rætt í stjórn félagsins að því er fram kom í tilkynningu frá stjórn FL Group til Kauphallar Íslands í gær.

FL Group lækkaði um 13,2 prósent í viðskiptum gærdagsins. Lokagengi félagsins var 7,23 samkvæmt Markaðsvaktinni. Til viðmiðunar var gengi FL Group þegar hlutafé félagsins var aukið í nóvember á síðasta ári 14,7. Frá áramótum hefur gengi félagsins lækkað um rúm fimmtíu prósent.

Í lok febrúar 2008 var Baugur stærsti einstaki eigandinn í FL Group með tæplega 35 prósenta hlut. Oddaflug, sem Hannes Smárason hefur verið skráður fyrir, á um 11 prósenta hlut. Í Landsbankanum í Lúxemborg eru geymd 6,3 prósent og Materia Invest, sem Þorsteinn Jónsson, Magnús Ármann og Kevin Stanford hafa farið fyrir, á önnur 6,3 prósent. Pálmi Haraldsson, meirihlutaeigandi Fons, fer með 4,7 prósent. **- bg**

# Mesta lækkun sem hér hefur orðið á markaði

**Lækkun á hlutabréfamarkaði er orðin meiri en þegar netbólan brast. Áhættufælni fjárfesta á alþjóðavísu og dræmt aðgengi bankanna að erlendri mynt grefur undan gengi krónunnar. Hún hefur ekki fallið jafnskarpt áður á einum degi. Skyndilausn til styrktar krónunni er ekki í augsýn. Meiri gjaldeyrisforði myndi hjálpa Seðlabankanum að liðka til á peningamarkaði.**



**RÝNT Í STÖÐUNA Á MARKAÐI** Miðlarar Kaupþings sjást hér fyrir nokkru fylgjast með þróun markaða. Í gær voru met slegin, bæði hvað varðar mestu lækkun á markaði og mestu veikingu krónunnar á einum degi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gengi krónunnar lækkaði um nálægt því sjö prósent í gær og hefur ekki fallið jafnmikið á einum degi frá því gengi hennar var gefið frjálst á markaði. Þá lækkuðu hlutabréf skarpt í gær og er lækkun frá hæsta gengi í sumar orðin meiri en lækkunin sem varð á markaði þegar netbólan sprakk árið 2000.

Gengisfall hávaxtamynta um heim allan í gær er rakið til áhættufælni fjárfesta í kjölfar fregna af óförum bandaríska bankans Bear Stearns, en hann var seldur á „brunaútsöluverði“ eftir að hafa tapað miklu á undirmálslánum þar í landi. Þá eykur á vandann dræmt aðgengi íslenskra fjármálastofnana að erlendu lausafé. Þó svo að mikill vaxtamunur kunni að ýta undir viðskipti með krónubréf eru bankar ófúsir að láta erlenda mynt í staðinn fyrir krónur nema gegn afslætti. Því er minni hvati fyrir fjárfesta að standa í slíkum viðskiptum, sem að öðrum kosti hefðu stutt við gengi krónunnar.

„Maður vonar auðvitað að þessu mikla umróti á alþjóðamörkuðum fari að linna,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans. Hún segir þó erfitt að spá þar um. „Megi menn eiga von á fréttum á borð við þessar af Bear Stearns verður þetta erfitt áfram.“ Mestu máli hvað varðar framvindu hér heima segir hún hins vegar skipta hvaða skilaboð Seðlabanki Íslands sendi frá sér. „Stýrivextir eru bara ein hliðin á þessu. Það sem seðlabankar heims gera nú er að reyna að tryggja aðgang að lausafé, ekki bara í heimamynt heldur líka í erlendum myntum. Það var út af þessu sem seðlabankar G-10 landanna gerðu sín á milli gjaldeyrisskiptasamninga til að bankar í Ameríku hefðu aðgang að evrum og öfugt.“

Samninga sem þessa segir Edda Rós vera trúverðugustu leiðina til að tryggja aðgang banka að lausu fé í mynt annarra landa og kveður einsýnt að hér þurfi því að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans. „Þarna myndi maður vilja sjá Seðlabankann virkari. Í þessu svakalega erfiða árferði á lánamörkuðum þarf okkar banki að vera mjög virkur og reyna að tryggja aðgang bankanna að, ekki bara innlendu fé, heldur erlendu líka,“ segir Edda Rós.

Í viðtali við Útvarpið í gær sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri nauðsynlegt að fara varlega í því efnahagsárferði sem nú ríkti og kvað ljóst að horfur á vaxtalækkun hefðu versnað.

Greiningardeild Glitnis sendi í gær frá sér spá þar sem gert er ráð fyrir óbreyttum stýrivöxtum í 13,75 þar til í júlí, en þá myndi Seðlabankinn hefja vaxtalækkunarferli. Greining Glitnis gerir ráð fyrir veikri krónu fram á sumar, en að hún taki að styrkjast í haust með bættum efnahagshorfum þjóðarbúsins.

**olikr@frettabladid.is**



# HEILIR STURTU KLEFAR

## ÚR HERTU ÖRYGGISGLERI ALLAN HRINGINN

## EIN FLOTTASTA OG VANDAÐASTA VARAN Á MARKAÐNUM!




331-A Trapisulagaður
framopnun 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn




311-A Kantaður
heilopnun 80x80 og 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn




622-A Rúnaður
80x80 og 90x90
6mm hert öryggisgler
allan hringinn




611-A
Kantaður 8 mm hert öryggisgler
allan hringinn

**Innifalið í öllum:**

Hitastýrð blöndunartæki
Handsturtusett
Ömmustöng m stórum haus

**Stærðir:**

331-A 90x90
311-A 80x80 og 90X90
622-A 80x80 og 90x90
611-A 70x70, 75x75, 80x80 og 90x90

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Friðargæsla og hervarnir:

## Hlutverk Íslands

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Allt er breytingum undirorpið. Sá ráðherra í núverandi ríkisstjórn sem ber ábyrgð á varnarsamningnum við Bandaríkin, frumvarpi að fyrstu löggjöf um hernaðarlega starfsemi á vegum íslenskra stjórnvalda og íslenskri friðargæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins er gamall herstöðvaandstæðingur.

Þetta er til marks um ábyrg og ánægjuleg hugmyndafræðileg umskipti. En svo sýnist það líka hafa gerst að sumir þeirra sem áður gengu fremst í baráttu fyrir vörðu landi og aðild að Atlantshafsbandalaginu hafi valið sér nýjan sjónarhól í tilverunni þaðan sem utanríkisráðherrann sést enn eins og í sjónglerjum Þjóðviljans á sinni tíð í hlutverki leikbrúðu Bandaríkjanna.

Umræður um aukna hlutdeild Íslands í friðargæslu í Afganistan og ferð utanríkisráðherra til landsins hafa dregið þessi pólitísku hamskipti fram í dagsljósið. Ærin ástæða er til að ræða hlutverk Íslands á þessu sviði. Það getur að vísu aldrei orðið stærra eða umfangsmeira en efni segja til um. Stærð þjóðarinnar setur okkur eðli máls samkvæmt veruleg takmörk en leysir okkur ekki undan skyldum og ábyrgð.

Að sönnu er það rétt að Ísland ræður ekki yfir eigin herafla. En endurteknar yfirlýsingar um Ísland sem herlaust land eru um sumt misvísandi. Með gagnkvæmum samningi við Bandaríkin var hér varnarlið í áratugi. Það er nú farið en samningsbundin varnarskuldbinding Bandaríkjanna stendur enn. Reyni á þessar skuldbindingar bera Íslendingar ábyrgð á ákvörðunum þar að lútandi.

Aukheldur hefur núverandi ríkisstjórn ákveðið að taka yfir loftvarnir Íslands. Það er í fyrsta skipti sem Ísland sér á eigin ábyrgð um hernaðarlega starfsemi. Sú upplýsingaöflun getur einn góðan veðurdag orðið forsenda ákvarðana um beitingu hervalds. Við öxlum með öðrum orðum ríkari skyldur á þessu sviði en áður.

Allar þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að tryggja öryggi landsins eru innan ramma aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Í hartnær sex áratugi hefur sú aðild verið hornsteinn öryggisstefnunnar. Af þeirri aðild hefur verið augljós ávinningur sem sumir sáu ekki áður en sjá nú.

Sem aðildarríki að Atlantshafsbandalaginu ber Ísland ábyrgð á ákvörðunum um hlutverk þess í Afganistan í umboði Sameinuðu þjóðanna. Þátttaka í friðargæslu í þessu stríðshrjáða landi er því bæði rétt og eðlileg.

Undir dönskum áhrifum lýsti Ísland yfir ævarandi hlutleysi við fullveldisstofnunina. Það reyndist gagnslaust þegar á reyndi. Ekkert hefur breyst að því leyti. Fyrir þá sök er Ísland virkur þátttakandi í varnarbandalagi. Í samræmi við efnahag og þekkingu hvílir þar af leiðandi á okkur sú skylda að axla ábyrgð með bandalagsþjóðunum.

Þau verkefni sem Ísland hefur tekið að sér í friðargæslu hafa svo sem vænta má fyrst og fremst verið borgaraleg. Engin starfsemi af þessu tagi er á hinn bóginn áhættulaus. Það er staðreynd sem horfast verður í augu við.

Satt best að segja bæri það vott um skinhelgi ef við ætluðum að losa okkur undan ábyrgð á friðargæsluverkefnum með því að láta duga að sinna almennu hjálparstarfi og þróunaraðstoð. Við komumst einfaldlega ekki hjá að gera sitt lítið af hvoru tveggja. Báðum þeim hlutverkum eigum við að sinna með stolti.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fjárskortur

Ekki eru þær traustvekjandi nýjustu fregnir af Lögreglunni í Reykjavík. Áður var móttakan við Hverfisgötu opin allan sólarhringinn. Nú er henni lokað á nóttunni og búið að hengja upp miða þar sem gestum er bent á að nota dyrasíma vestanmegin. Hringingunni er svarað ef einhver á stöðinni heyrir og hefur tíma. Það er sjálfsagt til vitnis um sáran fjárskort lögreglunnar að hún hefur ekki einu sinni efni á að eyða prentarableki í tilkynninguna, heldur er hún handskrifuð.



### Annþór til dyra

Ekki er þó víst að allir treysti sér til að nota dyrasímann við Hverfisgötu. Miðað við nýlegar fréttir er allt eins von á Annþóri Karlssyni handrukkara til dyra – en eins og kunnugt er slapp hann úr gæsluvarðhaldi á dögunum eftir að lögreglunni láðist að læsa klefa hans yfir nóttina.

### Púkalausir páskar

Páskar eru fram undan með tilheyrandi súkkulaðimauli. Löng hefð er fyrir gulum hænuungum á toppi páskaeggja en í seinni tíð hafa aðrar verur prílað upp á súkkulaðitindana, svo sem strumpar og púkar. Þeir síðarnefndu sættu reyndar gagnrýni af hálfu kirkjunnar manna, sem létu sumir í ljós að verið væri að að ginna saklausar súkkulaðiætur til að dufla við myrkraöflin á sjálfum páskunum. Ósagt skal látið hvort það tengist þeirri gagnrýni en nú hafa súkkulaðiframleiðendur látið púkana hverfa. Í þeirra stað eru komnar ekki ósvipaðar verur, en kallast einfaldlega fígúrur.



bergsteinn@frettabladid.is

# Óléttar stýrur og ófrískar

Í laugardagsblaði 24 stunda er stutt frétt í dálki um fólk með fyrirsögninni: Minnie Driver með barni. Þetta er svo fátítt orðaval nú um stundir að maður spyr sig ósjálfrátt: Hvaða blaðamaður skyldi hafa þýtt þessa frétt? Hjá flestum hefði fyrirsögnin verið – Minnie Driver ólétt!

Í jafnréttismálum er eitt sem aldrei getur fallið körlum í skaut, sama hvað þeir sækti það fast – það, að finna nýtt líf kvikna innra með sér og verða smám saman að manneskju. Hlutverk karla er að kveikja þetta líf, síðan er það konunnar einnar þar til það fæðist. Að eignast barn er alltaf í ætt við kraftaverk, og að koma því til manns er það mikilvægasta sem lífið trúir manni fyrir. Það er því undarlegt að konur skuli sætta sig við að meðgöngu sé lýst með orðum sem byrja á ó.

Ó-orðin lýsa að jafnaði ekki því sem er eftirsóknarvert. Þetta eru orð eins og óánægja, óskemmtilegt, ógeðfellt, óþolandi og ólund. Samt þykir sjálfsagt og eðlilegt að tala um að konur séu óléttar eða ófrískar þegar þær eiga von á barni. Einnig er talað um að þær séu þungaðar eða vanfærar. Vanfærar um hvað?

Ekkert af þessum orðum vísar til barnsins sem í vændum er, eða gleðinnar yfir því. Öll gefa til kynna óþægindi, vanlíðan og ó-spennandi útlit konunnar sjálfrar.

Af hverju þykir nútímakonum ekkert athugavert við þetta, meðan þær rita og ræða hástöfum um mikilvægi þess að finna nýtt orð um kvenráðherra og vilja frekar stýra en stjórna?



**JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR**

**Í DAG** | Kynjaumræða

### Hjónaskilnaður fyrr og nú

Vestræn þjóðfélög hafa breyst umtalsvert eftir að konur fóru að taka þátt í atvinnulífinu til jafns við karla, ekki síst fjölskyldulíf fólks. Þetta hefur gerst á ótrúlega stuttum tíma. Foreldrar konu sem ég þekki skildu árið 1956. Hún var þá að hefja skólagöngu. Hún fór í gegnum barnaskóla, gagnfræðiskóla og framhaldsnám án þess að kynnast nokkrum öðrum sem var barn fráskilinna foreldra. Viðbrögð umhverfisins við sérstöðu hennar voru með þeim hætti að við bar að hún segði að faðir hennar væri látinn. Henni þótti mun erfiðara að vera skilnaðarbarn í samfélagi þar sem slíkt þekktist naumast en skilnaðurinn sjálfur.

Í dag er þetta eins og þjóðsaga. Hjónaskilnaðir eru svo algengir að þeir teljast ekki til tíðinda nema hjá nánustu fjölskyldu og margir ræða af léttúð um slíkar fréttir. Upplausn fjölskyldu er þó alltaf sár fyrir þá sem í hlut eiga. Það breytist ekkert þó að skilnuðum fjölgi og margt bendi til að það geti orðið regla fremur en undantekning að alast upp í stjúpfjölskyldu.

En nýir tímar og nýtt gildismat kallar á endurskoðun tungumálsins.

Miklu skiptir að neikvæð orð um skilnað og allt sem honum fylgir verði hugsað í ljósi breyttra aðstæðna íslenskra fjölskyldna og gildishlaðin orð sem fela í sér fordóma og vandlætingu, kannski án þess að fólk veiti því athygli, séu skoðuð upp á nýtt.

### Sjálfstætt foreldri

Fyrir nokkrum árum skrifaði Arna Schram grein í Morgunblaðinu um þá málvenju að tala um einstæða foreldra. Betur færi á að tala um sjálfstæða foreldra. Þetta er hárrétt hjá henni og viðblasandi kostur. Ég tek því undir með Örnu og öðrum sem hafa tjáð sig um þetta mál.

Barátta kvenna fyrir jafnrétti hér á landi hefur skilað árangri. Fleiri konur en karlar ljúka háskólanámi og þær láta að sér kveða á öllum sviðum samfélagsins, víða með glæsibrag. Á síðustu árum hefur samstaða kvenna aukist, en á það skorti lengi vel. Þó mætti miða betur þegar um valdastöður er að ræða. Þær hafa verið að rýna í tungumálið og er það vel. Hins vegar þarf maður ekki endilega að vera sammála öllu sem þar er sett á oddinn.

Í stað þess að stöðuheiti sé það sama hver sem gegnir stöðunni, vilja áhrifakonur undirstrika hvort kynið er á bak við stöðuna. Semsé ná jafnrétti með aðgreiningu. Konur og karlar eru bæði menn. Karlmaður og kvenmaður. Þegar konur leggja áherslu á að vera blaðakonur og þingkonur, en ekki blaðamenn og þingmenn, eru þær að afsala sér mennskunni.

Ég vona að leitin að öðru orði en ráðherra fyrir konur í þeirri stöðu lukkist ekki. Herra merkir vald og yfirráð. Ekki bara herrann sem er með frúnni. Að vilja frekar vera stýra en stjóri er kannski bara smekksatriði. Það hefur lengi verið notað og er ágætis orð. Allir kannast við orð eins og skólastýra, klappstýra og hótelstýra. Það býr þó ekki yfir sömu hughrifum og bæjarstjóri, forstjóri og skólastjóri.

Áður en nútímatækni var tekin í notkun í skipum var stýrimaðurinn kannski mikilvægasti maðurinn um borð meðan hann stóð við stýrið – en hann var ekki skipstjóri!

# Framkvæmdir og leikreglur

**UMRÆÐAN**

Álver í Helguvík

Algeng rök gegn byggingu álvers í Helguvík eru á þá leið að ekki sé ýkja mikið atvinnuleysi á Suðurnesjum, þar séu fremur konur en karlar án atvinnu og þær sæki síður en karlar í vinnustaði á borð við álver. Þá sé ekki búið að tryggja orku fyrir væntanlega stækkun álversins síðar meir. En er það hlutverk stjórnmálamanna að stýra annars sjálfsprottinni uppbyggingu atvinnulífs út frá sjónarmiðum á borð við þessi?



**GÚSTAF ADOLF SKÚLASON**

Nú er það raunar svo að á annað hundrað kvenna starfar hjá Alcoa Fjarðaáli á Reyðarfirði. Aðalatriðið er hins vegar það að fjárfestingar eins og þessi eiga ekki sífellt að vera settar í einhvers konar varnarstöðu af hálfu fólks úti í bæ sem telur sig hafa þarna betri yfirsýn yfir alla hluti. Nýlega bárust þannig fréttir af því að erlend leikfangakeðja hyggist síðar á þessu ári opna nýjar verslanir í Grafarholti og á Akureyri. Hvað ef tölur sýna nú að atvinnuleysi meðal íbúa í Grafarholti og á Akureyri sé mest í hópi eldra fólks? Henta þessi störf kannski betur fyrir ungt fólk? Ætti þá ef til vill að stöðva þessi áform? Og hvað með ef útgerðir kaupa ný skip, án þess að hafa fyrirfram tryggt þeim nægan kvóta næstu árin? Þarf ekki að koma upp stjórntækjum til að stöðva slíkt ábyrgðarleysi? Auðvitað er þetta fráleit umræða.

Bygging álvers í Helguvík á einfaldlega að lúta þeim almennu leikreglum sem öll fyrirtæki lúta með sínar framkvæmdir og fjárfestingar. Umhverfismat, framkvæmdaleyfi, skipulagsmál og hvað það nú allt heitir sem unnið hefur verið að í fjögur ár, í samstarfi við sveitarstjórnir og fleiri aðila. En það er ekki hlutverk stjórnmálamanna eða svonefndra kjaftastétta að fella dóma um þessi áform út frá eigin sjónarmiðum um það hverjum slík störf henti, hversu mikil eftirspurn verði eftir þeim, eða hvort forsvarsmenn umrædds fyrirtækis séu örugglega búnir að reikna dæmið til enda. Ekki frekar en gildir um fjárfestingaráform fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum.

*Höfundur er aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja.*

# Umhugsunarefni fyrir foreldra

**UMRÆÐAN**
Mýrarhúsaskólamál


MARÍA KRISTÍN GYLFADÓTTIR

Viðbrögðin við dómi í svokölluðu Mýrarhúsaskólamáli hafa með sanni verið nokkuð tilfinningaþrungin og mörgum finnst orðið til mikils ætlast að 11 ára barn geti verið skaðabótaskylt og „eigi að vera ljóst“ hvaða afleiðingar ákveðnar gjörðir þess hafi. Það er auðvelt að setja sig í spor foreldris sem er stefnt fyrir hönd barns síns og á sama tíma auðvelt að setja sig í spor kennara sem verður fyrir alvarlegu heilsutjóni við dagleg störf.

Stjórn Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, tjáir sig alla jafna ekki efnislega um einstök mál og mun halda sig við þá vinnureglu í þessu máli. Í yfirlýsingu sem stjórnin sendi fjölmiðlum í gær kemur fram þessi skoðun stjórnar og það álit að umræða í fjölmiðlum og þjóðfélaginu hafi á síðustu dögum að einhverju leyti verið á villigötum, s.s. hvað varðar meinta ábyrgð foreldris en barnið var dæmt skaðabótaskylt, fjárhæð skaðabóta og mat á bótahæfi stúlkunnar. Fyrirsögn Fréttablaðsins sl. laugardag, „Kærði fatlað barn vegna hurðarskells“ er þannig ekki í samræmi við málsatvik en kennarinn kærði ekki neinn heldur höfðaði mál á hendur tjónvaldi til að fá greitt tjón sem hún varð fyrir. Móðir stúlkunnar var þar fyrir utan ekki dæmd til greiðslu bóta, heldur var henni aðeins stefnt f.h. stúlkunnar. Bæturnar voru að lokum í samræmi við nákvæmar reglur skaðabótalaga um bætur fyrir líkamstjón og taka engöngu mið af tjóninu og ekki verknaðinum sem slíkum.

*Dómurinn ætti því að vekja foreldra til umhugsunar um hvernig tryggingamálum fjölskyldunnar sé hagað.*

Stjórn Heimilis og skóla telur aftur á móti að öll umræða sé af hinu góða. Í yfirlýsingu stjórnar segir m.a.: „Útgangspunkturinn í Mýrarhúsaskóladóminum er sú staðreynd að börn geta verið skaðabótaskyld á grundvelli sakar vegna tjóns sem þau valda öðrum og foreldrar verða að vera meðvitaðir um það. Dómurinn ætti því að vekja foreldra til umhugsunar um hvernig tryggingamálum fjölskyldunnar sé hagað. Á sama tíma vekur dómurinn upp áleitnari spurningar. Má þar nefna spurninguna um hvort það sé eðlilegt að börn séu ábyrgðartryggð í skólastarfi á kostnað opinberra aðila vegna líkamstjóns sem þau valda samnemendum eða kennurum sínum. Slíkt gæti hvoru tveggja verið til hagsbóta fyrir tjónþola, sem ætti þá auðveldara með að fá bætur greiddar, sem og börnin sjálf.“

Sömuleiðis væri vert að skoða hvaða tryggingar sveitarfélög hafa í dag verði nemendur fyrir tjóni af völdum slyss á meðan þau eru í umsjá skólans, hvort sem það er í skólabyggingu, á skólalóð eða í íþróttamannvirkjum.

*Höfundur er formaður Heimilis og skóla.*

# Áfram Árni

**UMRÆÐAN**
Álver í Helguvík


GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR

Áfram Árni, þú hefur minn stuðning. Þrátt fyrir að vera í hjarta mínu á móti álverum í byggð, get ég ekki annað en staðið við bakið á bæjarstjóranum mínum þegar hann tekur svona af skarið. Að taka fyrstu skóflustunguna án pólítísks stuðnings þarf kjark. Loksins höfum við mann með kjark.

Ég er orðin þreytt á því að fá aldrei stuðning þingsins þegar á reynir. Kvótaúthlutun hefur verið fremur dræm til Suðurnesja, sér í lagi til Reykjanesbæjar. Rökin hafa verið þau að „þið hafið Kanann“, eða „þið eruð ekki landsbyggð í raun, því þið eruð svo nálægt höfuðborgarsvæðinu“. Enn og aftur á að nota sömu rökin. Landsbyggðin (sem er ekki þið) þarf meira á álveri að halda, þið getið fundið eitthvað annað að starfa við.

Er einhver firra í gangi á hinu háa Alþingi? Átta þeir sig ekki á því að fólkið er hér og er að flytja hingað í stórum stíl, hvort heldur Íslendingar eða útlendingar? Reyndin er sú að þrátt fyrir álver á Austfjörðum vantar fólk til að vinna þar, því margt fólk einfaldlega vill ekki búa þarna. Fólksfjölgun hefur hvergi verið meiri en í Reykjanesbæ og á Suðurnesjum almennt. Í þeim tölum teljast ekki farandverkamenn. Álver Norðuráls í Helguvík skapar örugga vinnu fyrir nokkur hundruð manns þegar fram í sækir. Sú vinna verður ekki bara eftirsótt af Suðurnesjabúum, heldur mun fólk af höfuðborgarsvæðinu einnig sækja þangað vinnu, þrátt fyrir að þurfa að keyra á milli, sem verður tiltölulega lítið mál þegar Vegagerðin hefur lokið verki sínu. Ég skora á þingmenn okkar, sérstaklega Árnana tvo, þá Árna M. Mathiesen og Árna Johnsen, að standa eining við bakið á bæjarstjóra Reykjanesbæjar. Sýnið stuðning ykkar í verki og berjist fyrir því að álverið fái þær losunarheimildir sem það þarf, starfsleyfi og leyfi fyrir lagningu rafmagnslína. Einnig að Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur fái að framleiða þá orku sem álverið kemur til með að þarfnast í framtíðinni.

Áfram Árni Sigfússon bæjarstjóri Reykjanesbæjar, þú hefur minn stuðning.

*Höfundur er deildarstjóri í Njarðvíkurskóla.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





AFGREIÐSLUTÍMI VÍNBÚÐA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU UM PÁSKANA

| | |
|---|---|
| Miðvikudagur 19. mars | **OPIÐ 11-19** (OPIÐ 9-20 Í SKEIFUNNI OG DALVEGI) |
| Skírdagur | LOKAÐ |
| Föstudagurinn langi | LOKAÐ |
| Laugardagur 22. mars | **OPIÐ 11-18** |
| Páskadagur | LOKAÐ |
| Annar í páskum | LOKAÐ |
| Þriðjudagur 25. mars | **OPIÐ 11-18** (OPIÐ 9-20 Í SKEIFUNNI OG DALVEGI) |

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

# Hve stór væri kvótinn ef togveiðarfæri væru bönnuð?

UMRÆÐAN
Fiskveiðar


ÓSKAR HRAFN ÓLAFSSON

Mikil umræða hefur átt sér stað um fiskveiðistjórnunarkerfið á undanförnum árum og sýnist sitt hverjum í þeim efnum. Ekki er um það deilt að viðleitni manna til að byggja upp þorskstofninn hefur gjörsamlega mistekist. Gæti verið að skýringanna væri að leita í stóraukinni sókn með togveiðarfærum í ýmsa nytjastofna allt í kringum landið?

Áhrif þess að fiskseiði og smærri og stærri fiskar lenda í því að smjúga um möskva togveiðarfæra eru örugglega meiri en menn átta sig á. Margir telja að fiskur þoli ekki að smjúga í gegnum möskva vegna sýkingar sem kemur í sár á roðinu. Þessi fiskur drepst í stórum stíl og kemur aldrei fram í veiði eða stofnstærðarmati. Hve stór væri þorskkvótinn nú ef ekki hefði verið trollað eftir þorski, rækju, síld, loðnu, kolmunna og hinum og þessum öðrum tegundum í stórauknum stíl á undanförnum árum og áratugum? Hve stórir væru aðrir kvótar ef ungviðið hefði fengið að njóta vafans? Þeir sem stunduðu rækjuveiðar á sínum tíma sáu vel hve mikið var af fiskseiðum og smáfiski á veiðislóðinni vegna þess að þessi fiskur skilaði sér svo til allur í hin fínriðnu rækjutroll. Menn reyndu að ráða bót á þessu með því að nota skiljur á trollunum en skilar það árangri? Fiskurinn berst um í trollinu og nuddast við aðra fiska, möskva og loks skiljurnar áður en hann kemst út. Það virðist stundum gleymast að fiskurinn, sem veiðist í troll, hafnar í trollinu eftir að hafa gefist upp á því að synda í trollopinu og innar í trollinu áður en hann gefst upp og hafnar í pokanum.

Það hefur verið reynt að benda á Halamið sem dæmi um það að togveiðar hafi ekki slæm áhrif. Þar sé alltaf nóg af þorski þótt stöðugar togveiðar séu stundaðar á svæðinu. Í þessu sambandi gleymist að hafa í huga að þarna er ekki verið að veiða fisk sem hefur smogið mörgum sinnum í gegnum trollmöskva. Sá fiskur er dauður. Fiskurinn veiðist á Halanum vegna þess að hann velur sér kjörsvæði með tilliti til ætis. Það finnur hann í hitaskilunum á milli kalda og hlýja sjávarins á þessari veiðislóð.

Hvernig halda menn að laxveiðin í Elliðaánum væri ef öll laxaseiðin í ánum þyrftu að koma margsinnis í snertingu við netmöskva á leið sinni til sjávar? Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta er m.a. sú að þorskkvótinn er orðinn það lítill að það er full ástæða hvort ekki sé hægt að veiða þetta litla magn með öðrum veiðarfærum sem fara betur með lífríkið og fiskinn en togveiðarfærin. Það er t.d. umhugsunarefni að á meðan þorskstofninn er á niðurleið þá er ýsustofninn í uppsveiflu. Gæti það verið vegna þess að ýsuseiðin og smáýsan halda sig á miklu grynnra vatni en þorskseiði og smáþorskur og sleppa þ.a.l. við að þurfa að smjúga trollmöskvana á togslóðinni?

*Höfundur er fyrrverandi skipstjóri.*

# Heilsustefnan

UMRÆÐAN
Skólamál


UNNUR STEFÁNSDÓTTIR

Fyrir tólf árum stóð undirrituð í þeim sporum að taka við stjórnun á litlum leikskóla í Kópavogi, sem heitir Skólatröð og er staðsettur fyrir austan Hamraborgina þar í bæ. Mér fannst þetta vera tækifæri til að láta drauminn rætast. Koma með nýja íslenska uppeldisstefnu í leikskóla. Fyrst datt mér í hug íþróttaskóli, enda alltaf haft mikinn áhuga á íþróttum, en taldi að það gæti fælt einhverja frá og það væri of einhæf stefna. Þá kom hugmyndin að heilsustefnunni. Með henni væri hægt að hafa starfsemina fjölþættari og við flestra hæfi. Hugsunin var sú að ef einstaklingur fengi hollt fæði, mikla hreyfingu, þá sprytti fram þörf til að skapa.

**Markmið**

Kennararnir sem réðust til starfa í Skólatröðina voru mjög áhugasamir um þessa áherslu og við sömdum markmið skólans saman á fyrstu vikum starfseminnar. Markmið skólans var að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Undirmarkmiðin eru að borða hollan og næringarríkan mat, fjalla um mikilvægi fæðuhringsins, börnin verði meðvituð um mikilvægi hollustu og hvaða mataræði ber að varast og að matarhefðir verði í hávegum hafðar.

Í hreyfingu er lögð áhersla á að auka vitneskju um líkamann, styrkja sjálfsmynd, stuðla að betri hreyfifærni, auðvelda samskipti og læra hugtök.

Í listsköpun er lögð áhersla á að örva sköpunargleði, auka hugmyndaflug, skynja fegurð í umhverfinu og kynnast mismunandi efnivið og handfjatla hann.

**Heilsubók barnsins**

Til þess að geta mælt það hvernig börnunum gengur að ná markmiðum heilsustefnunnar, sömdum við kennarar skólans heilsubók barnsins, sem er einfalt en yfirgripsmikið skráningarform sem gefur heildarmynd af stöðu barns í þeim þáttum sem markmiðin leggja áherslu á/ fjalla um. Mæld er hæð, þyngd, heilsufar, fjarvera vegna veikinda, næring og svefn, leikur, lífsleikni, gróf- og fínhreyfingar og þróun myndsköpunar.

Vor og haust eru börnin metin og árangurinn skráður í Heilsubók barnsins og í framhaldi af því fá foreldrar viðtal við kennara, sem skýrir þeim frá stöðu barnsins.

**Skólinn stækkaði**

Eftir tveggja ára starfsemi Skólatraðar með rúmlega 30 börn var búið að semja markmiðin, Heilsubók barnsins og vígja skólann sem fyrsta heilsuleikskólann á Íslandi, en það gerði þáverandi heilbrigðisráðherra Ingibjörg Pálmadóttir. Árið 1997 stækkaði skólinn um eitt gamalt hús sem tók 19 börn og er það staðsett að Kópavogsbraut 19, sem heitir Stubbasel. Það var rekið sem deild í Skóatröð. Árið 2000 byggði Kópavogsbær nýtt glæsilegt 100 barna leikskólahús, Urðarhól, á lóð Stubbasels og frá þeim tíma var skólinn rekinn sem ein stofnun í þremur húsum og var það nýjung í leikskólarekstri á Íslandi.

**Fleiri Heilsuleikskólar**

Fljótlega fór boltinn að rúlla á heilsubrautinni. Leikskólinn Krókur í Grindavík var vígður sem heilsuleikskóli árið 2003, næst kom Garðasel á Akranesi, þá Heiðarsel í Reykjanesbæ, Suðurvellir í Vogum, Árbær í Árborg var vígður sl. vor og einnig Krógaból á Akureyri. Nokkrir skólar eru nú að undirbúa sig fyrir það að verða heilsuleikskólar s.s. Kór í Kópavogi, Krakkakot á Hornafirði og Laufás á Þingeyri.

Sjö fyrstu skólarnir stóðu að stofnun Samtaka heilsuleikskóla þann 4. nóvember árið 2005 og var fyrsta verk þeirra að vinna að útgáfu viðmiða fyrir heilsuleikskóla. Í haust er stefnt að ráðstefnu fyrir alla kennara í heilsuleikskólum, þar sem þemað verður heilsa kennara í heilsuleikskólum. Einnig er verið er að skoða Heilsubók fyrir kennara.

*Höfundur er formaður Samtaka heilsuleikskóla.*





Bókaðu fermingarbarninu betri framtíð

Saga daganna
Verð: 5.980,-

Stóra myndorðabókin
Verð: 9.990,-

Þessar bækur og margar fleiri færðu á fermingartilboði í næstu bókabúð

FORLAGIÐ
www.forlagid.is


# Karlmenn og krabbamein

UMRÆÐAN
Heilbrigðismál


RAGNHEIÐUR ALFREÐSDÓTTIR

Nú stendur yfir tveggja vikna átak Krabbameinsfélags Íslands undir yfirskriftinni Karlmenn og krabbamein. Hvernig tengist Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins karlmönnum og krabbameini?

Sjúkdómurinn krabbamein breytir lífi flestra sem komast í kynni við hann og óttinn getur búið um sig hjá viðkomandi einstaklingum. Krabbamein er fjölskyldusjúkdómur sem þýðir að grunur um krabbamein og greining þess hefur ekki bara áhrif á viðkomandi einstakling heldur einnig á fjölskyldu og vini. Þeir eru því, ekki síður en sá sem greinist, fórnarlamb sjúkdómsins. Nánasti aðstandandi getur jafnvel verið að ganga í gegnum meiri þjáningu en sá sem er að takast á við sjúkdóminn.

Einstaklingar eru misjafnlega í stakk búnir til að takast á við áfall eins og það að greinast með krabbamein. Það ræðst meðal annars af skapgerð, aldri, hlutskipti og fyrri reynslu af áföllum og sjúkdómum. Áfall gerir þá kröfu að viðkomandi dragi fram alla sína reynslu, þroska og þekkingu og nýti hana. Á sama tíma er álagið mikið, og áfallið getur gert viðkomandi viðkvæman og dofinn eða ófæran til framkvæmda þegar mest á reynir.

Hvað er þá mikilvægast? Samskipti með eða án orða og nærvera er eitt af því mikilvægasta þegar kemur að úrræðum. Uppbyggjandi samskipti eru hins vegar ekki alltaf sjálfsagður hlutur innan fjölskyldunnar eða þar sem á reynir. Börn taka því mjög misjafnlega þegar foreldrar þeirra veikjast og oft þarf að styrkja foreldra til þess að mæta börnunum og þörfum þeirra á einlægan hátt í slíkum aðstæðum. Varðandi karlmenn sem greinast, hafa rannsóknir leitt í ljós að þeim karlmanni sem hefur greinst með blöðruhálskirtilskrabbamein og hefur einhvern til að deila tilfinningum sínum með, líður betur, upplifir sig sterkari, er í meira jafnvægi, hefur meiri orku og er hamingjusamari en sá karlmaður sem er tilfinningalega einangraður.

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins er fyrir þá sem vilja leita sér upplýsinga, ráðfæra sig við fagfólk, ræða stöðu sína, skoða áunnin réttindi, óska eftir stuðningi, hvatningu eða vilja deila reynslu sinni. Ráðgjafarþjónustan er viðbót við þá þjónustu sem veitt er af meðferðaraðilum og er ætlað að styrkja þá þjónustu en kemur ekki í staðinn fyrir hana. Í Ráðgjafarþjónustunni er auk þess boðið upp á fyrirlestra, námskeið, slökun og að hitta aðra sem hafa gengið í gegnum svipaða reynslu. Stuðningshópar Krabbameinsfélagsins hafa aðsetur í húsnæði þjónustunnar og eru sterkur bakhjarl starfseminnar.

Hvað með karlmenn og krabbamein? Er karlmaðurinn hin hljóða hetja eða strútur í mannsmynd? Karlmenn greinast með krabbamein og karlmenn eru aðstandendur þeirra sem greinast með krabbamein. Það hefur hins vegar verið minni áhersla á karlmenn og krabbamein samanborið við konur og krabbamein. Flestir vita að október hefur á sér bleikt yfirbragð og tengist brjóstakrabbameini. Nú er komið að því að leggja áherslu á karlana og að setja blátt yfirbragð á marsmánuð og tengja hann körlum og þeim krabbameinum sem þeir geta greinst með. Konur eru vanari að hugsa um fyrirbyggjandi aðgerðir varðandi heilsu sína og annarra, karlmenn hafa hins vegar meiri tilhneigingu til að bregðast við einkennum. Rannsóknir sýna að karlmenn sækja sér síður stuðning en konur, þeir leita seinna til læknis vegna einkenna og þeir ræða minna um sína líðan. Rannsóknir sýna einnig að það að lenda í áfalli getur haft neikvæða fylgikvilla í för með sér. Því ætti hver sá sem verður fyrir áfalli að spyrja sig; hvaða ráðgjöf eða þjónusta er til staðar og þarf ég á því að halda að nýta mér þá þjónustu?

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins er fyrir þá sem hafa nýlega greinst með krabbamein eða greindust fyrir löngu. Hún er einnig fyrir aðstandendur og hún er líka fyrir þá sem hafa orðið fyrir missi og eru að syrgja. Sorg er ferli sem tekur tíma að vinna sig í gegnum. Sorginni getur fylgt mikill einmanaleiki, hún getur valdið doða, sársauka, reiði og fleiri tilfinningum. Hún getur valdið svefnerfiðleikum og jafnvel tímabundnu þunglyndi. Þá er gott að geta talað opinskátt um sorgina og að geta deilt reynslu sinni með öðrum.

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins vinnur að heilsueflingu þeirra sem eru í návígi við sjúkdóminn krabbamein. Hún vinnur að þeirri heilsueflingu með forvörnum, fræðslu, miðlun upplýsinga, stuðningi til ábyrgðar og sjálfstjórnar og með hvatningu, einn dag í einu.

*Höfundur er hjúkrunarfræðingur.*



**Skoðanakönnun** sem Lýðheilsustöð lét gera í janúar leiddi í ljós að mun færri en áður vilja að áfengi sé selt í matvöruverslunum. Á höfuðborgarsvæðinu er stuðningur við sölu á bjór og léttvíni meiri en á landsbyggðinni og þeir sem yngri eru styðja hana frekar en þeir sem eldri eru.

**Kuðungsígræðsla** hefur breytt lífi margra, bæði þeirra sem farið hafa í aðgerðina og aðstandenda þeirra, samkvæmt frétt á heimasíðu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, www.hti.is. Rúmlega 40 Íslendingar hafa farið í kuðungsígræðslu, þar af tíu börn.

**Tæknifrjóvgun** gæti fljótlega orðið mögulegur valkostur fyrir einhleypar íslenskar konur sem vilja eignast börn. Heilbrigðisráðherra skipaði síðasta haust nefnd til að endurskoða reglugerð um tæknifrjóvganir sem skilar af sér á næstunni og er talið líklegt að hún leyfi tæknifrjóvgunarmeðferð einhleypra kvenna hér á landi.





FERMINGAGJAFIR

Seðlaveski

ókeypis nafngylling fylgir

**Opnunartími:**
mánudag - föstudag 8:00 - 17:00
fimmtudag 8:00 - 19:00
laugardag 12:00 - 15:00







Atson

Atson • Brautarholti 4 • s. 561-0060 • www.atson.is




Rakel Húnfjörð, verslunarstjóri í Heilsuhúsinu, er ánægð með jónatannburstann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Jónir í stað tannkrems

***Flest notum við tannkrem á tannburstann þegar við burstum tennurnar en það gerir Rakel Húnfjörð, verslunarstjóri í Heilsuhúsinu í Lágmúla, ekki. Hún notar sérstakan tannbursta sem ekki þarf tannkrem á.***

Svokallaður Jónatannbursti eða Soladey kom fyrst fram á sjónarsviðið snemma á níunda áratugnum en Japaninn dr. Yoshinori Nakagawa fann hann upp. Dr. Nakagawa byggði nýja tannburstann á þeim vísindum að þegar títaníum kemst í snertingu við vatn og ljós myndast neikvæðar jónir. Þær gera umhverfið í munninum basískt og þar með eyðast bakteríurnar í munninum án þess að tannkrem eða munnskol þurfi til.

Soladey-burstinn er gríðarlega vinsæll í Japan og hefur verið að hasla sér völl hér á landi líka en hann hefur einungis verið fáanlegur hérna síðan fyrir jól. „Mér líkar vel við burstann en ég fékk mér eintak til að prófa þetta og er búin að nota hann núna í einhverja mánuði,“ segir Rakel.

En hvernig er að bursta tennurnar án tannkrems? „Það er náttúrlega svolítið sérstakt en það virkar alveg ótrúlega vel. Tennurnar verða skínandi hreinar og mér fannst þær lýsast og var sérstaklega ánægð með burstann fyrir það. Ég set líka stundum myntudropa í burstann og í sjálfu sér er í lagi að nota tannkrem en það er samt óþarfi.

Fólk er að uppgötva þennan tannbursta og er hrifið af hugmyndinni en hann er tiltölulega nýlega kominn á markaðinn. Það getur líka verið erfitt fyrir þá sem eru mikið á náttúrulegu línunni að finna tannkrem sem er án skaðlegra efna og svo er þetta auðvitað mjög gott fyrir þá sem eru með tannholdsvandamál eða vilja lýsa tennurnar.“

Rakel segir gott að nota kjarnaolíur með mismunandi bragði á burstann til að fá frískandi bragð í munninn og nefnir að til dæmis sé Tea tree-olía góð því hún er líka bakteríueyðandi. Passa þarf að setja ekki of mikið en einn dropi er nóg.

„Mér finnst mjög gott að eiga þennan bursta. Það er þægilegt á ferðalögum að þurfa ekki að taka með sér tannkrem og ég hugsa að ég muni alltaf eiga jónatannburstann í veskinu mínu,“ segir hún ánægð.

*heida@frettabladid.is*



MARS
Kafbátur mánaðarins
PIZZABÁTUR
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur
329 kr.
Gildir í mars 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
SUBWAY
í fínu formi



**Vatnsdrykkja** er holl en vatn hjálpar líkamanum við öll efnaskipti og hreinsar bæði líkamann og húðina. Vatn er hressandi þegar syfja og slen sækir að.

# Bara fyrir heilsuna

*Bjargey Ingólfsdóttir, iðjuþjálfi og hönnuður, hefur undanfarin ár hannað heilsupúða sem nýtast vel við ýmsar aðstæður. Bjargey heldur úti heimasíðunni www.bara123.is.*

Sem iðjuþjálfi fannst Bjargeyju sárlega vanta eitthvað eins og púða sem veitir fólki stuðning undir framhandleggi og hendur svo það geti slakað betur á í herðum, handleggjum og höndum og minnkað þannig vöðvaspennu og verki sem henni fylgja.

„Handleggir og hendur eru dýrmætustu verkfærin okkar og okkur ber að hlúa vel að þeim. Það er jafn nauðsynlegt að eiga góðan stuðningspúða til að hvíla axlir og handleggi eins og það er að eiga góða pullu á gólfi til að setja fætur á þegar fætur eru þreyttir,“ útskýrir Bjargey.



Bara 1 veitir handleggjunum góðan stuðning þegar unnið er í tölvunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bara-vörumerkið stendur fyrir: b=bak, a=axlir, r=rétt líkamsstaða, a=afslöppun. Þrjár gerðir eru til af bara-stuðningspúðum sem er ætlað að bæta setstöðu fólks.



Bara 1 er langvinsælasti púðinn. Hann líkist banana í útliti og hefur teygju í innri hring svo auðvelt er að skorða hann utan um sig til að fá réttan stuðning undir framhandleggina. Hann hefur þá eiginleika að nýtast líka sem stuðningur við mjóbak. Þessi púði nýtist fólki við tölvuvinnu og ýmiss konar handavinnu. Bara 2 er hugsaður sem lestrarpúði. Fólk nýtur sín vel með bók í hönd og hentar vel fyrir þá sem eru með gigtarhendur. Hendurnar hvílast vel á þessum púða enda nokkurs konar borð í fangið.

Bara 3 er púði sem er hannaður fyrir hjólastóla og þröng sæti með örmum. Hann fæst í fjörutíu og fimmtíu sentimetrum á breidd. Þessi púði getur gert mikið fyrir einstaklinga í hjólastól sem eru með verki í öxlum og handleggjum.

Sjúkraþjálfi á Reykjalundi hvatti Bjargeyju til að hanna stuðningspúða fyrir fólk sem er með verki í mjöðmum og baki og á af þeim sökum erfitt með að hvílast í hliðarlegu. Afraksturinn var sérstakur millifótapúði sem fékk nafnið bara sex. Hann er lagður milli hnjánna og nær frá nára og niður fyrir hæl og hjálpar fólki að halda mjöðmunum í réttri stöðu.

Nýjasta heilsuvaran sem Bjargey hefur hannað lítur brátt dagsins ljós og hefur hlotið nafnið FAÐMURINN. „Ég hef lengi séð þörf fyrir handleggjastoð þegar ég ligg í tannlæknastól því þá hef ég alltaf verið í vandræðum með handleggina sem hefur hindrað mig í að geta slakað almennilega á,“ segir Bjargey.

*mikael@frettabladid.is*



## Fæða í heimabyggð

KONUR FÆÐA BÖRN SÍN HELST Í HEIMABYGGÐ SAMKVÆMT SVARI HEILBRIGÐISRÁÐHERRA VIÐ FYRIRSPURN Á ALÞINGI.

Í svari ráðherra kom fram að árið 2006 hefðu 3.999 börn fæðst á Íslandi. Af þeim komu 3.038 í heiminn á Landspítala, 308 á sjúkrahúsinu á Akureyri, 238 á sjúkrahúsinu á Akranesi, 150 á Suðurnesjum og 144 á Selfossi. Á öðrum stöðum voru fæðingar mun færri.

Af þessum nærri fjögur þúsund fæðingum voru um 3.500 í því sveitarfélagi þar sem konan hafði lögheimili. Í svarinu kom einnig fram að vitað væri að sumar konur velja sér að eigin frumkvæði fæðingarstað utan eigin sveitarfélags þótt þar sé öll aðstaða til fæðinga.

*- öhö*





Inniheldur 22 valin bætiefni, 12 vítamín og 10 steinefni.

NÁTTÚRULEGT GMP GÆÐAVOTTAÐ
heilsa –hafðu það gott

**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**19. mars kl. 20:00 - 22:00**
**Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?**
*Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari*

**03. apríl 18:00 - 21:00**
**Heilsukostur - Matreiðslunámskeið 3. apríl**
*Auður I Konráðsdóttir heilsukokkur*

**10. apríl kl 17:30 - 19:00**
**Góð heilsa er auðveldari en þú heldur**
*Matti Ósvald heilsuráðgjafi*

**12. apríl kl 11:00 - 14:00**
**Hláturjóga með jákvæðu ívafi**
*Ásta Valdimarsdóttir jógakennari*

*Stinnari á 4 vikum...*
*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*





SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is



Velkomin til okkar
Lesblindulist
-lesblinda er náðargáfa
www.lesblindulist.is
Víðiteig 8 Mosfellsbæ

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga




ÍSLENSKU
TÓNLISTARVERÐLAUNIN
Landsbankinn
FRÉTTABLAÐIÐ
Tónlist.is
Apple IMC
SAMTÓNN
samtök rétthafa íslenskrar tónlistar


Eiríkur Fjalar verður á meðal þeirra sem afhenda verðlaun í Borgarleikhúsinu í kvöld.

# Eiríkur Fjalar afhendir í kvöld

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Björgvin Halldórsson, Raggi Bjarna, Ágústa Eva Erlendsdóttir, Valgeir Guðjónsson og sjálfur Eiríkur Fjalar verða á meðal þeirra sem afhenda Íslensku tónlistarverðlaunin í Borgarleikhúsinu í kvöld.

Sex tónlistaratriði verða flutt og á meðal þeirra sem stíga á svið verða Sprengjuhöllin, Einar Scheving, Hjaltalín og Páll Óskar Hjálmtýsson, sem kemur fram ásamt 25 dönsurum. Kynnir verður Felix Bergsson og honum til halds og trausts verður bítboxarinn ungi, Bjartur.


Felix Bergsson

# Árlegt stefnumót

Í kvöld verða íslensku tónlistarverðlaunin afhent í fjórtánda sinn við hátíðlega athöfn í Borgarleikhúsinu sem send verður beint út í Sjónvarpinu eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Þannig gegnir viðburðurinn fjölþættu hlutverki; sem uppskeruhátíð þeirra sem fást við sköpun, flutning og útgáfu tónlistar á Íslandi, ánægjuleg kvöldstund á heimilum landsmanna og síðast en ekki síst áminning til okkar allra um hve fjölbreyttu og blómlegu tónlistarlífi við lifum þessi árin.

Þessi staðhæfing um stöðu íslenskrar tónlistar getur virkað eins og tugga, enda ófáir tekið sér hana í munn. En þegar litið er yfir tónlistarsvið síðasta árs, útgefnar plötur, samin tónverk, tónlistarhátíðir og tónleika af öllu tagi, blasir við að klisjan er svo sannarlega raunrétt lýsing á veruleikanum. Tilnefningar til verðlaunanna í ár staðfesta það svo um munar.

Listrænt hugrekki, fagmennska og sköpunargleði í alls kyns myndum og ólíkum hlutföllum blasa alls staðar við, frá einörðustu afþreyingu til harðsvíruðustu tilraunamennsku. Það er gaman að halda hátíð og fagna þegar ástandið er svona gott og ekkert bendir til annars en að það verði þannig áfram. Fyrir áframhaldandi góðæri er reyndar engin trygging eins og dæmin sanna, enda kærum við okkur líklega ekki um hana. Til þess er of spennandi að fylgjast með þróuninni gleðjast yfir nýsköpuninni og þræða með tónlistarmönnunum alla þá krákustíga sem eyrun leiða þá.

Að ári hittumst við svo aftur, prúðbúin í sal eða í notalegheitum í sófanum, og sjáum hvernig gekk.

*Þorgeir Tryggvason*
*Formaður stjórnar íslensku tónlistarverðlaunanna*


**Þorgeir Tryggvason**


Inga Elín hannar verðlaunagrip íslensku tónlistarverðlaunanna.

# Fyllist stolti á hverju ári

Myndlistarmaðurinn Inga Elín hannar verðlaunagrip íslensku tónlistarverðlaunanna, Ístóninn, og er þetta fimmta árið í röð sem sami gripurinn er afhentur. Alls þurfti hún að búa til nítján verðlaunagripi, sem er vitaskuld ekki auðvelt verkefni.

„Þetta er rosalega mikil vinna. Ég notast við gler og síðan er neðri hlutinn unninn úr steypu sem ég móta. Það verður enginn gripur nákvæmlega eins því þetta er allt saman handgert,“ segir Inga Elín.

Gripurinn vísar til bæði íss og jökla landsins sem og tónlistarinnar því hann er í laginu eins og nóta. Eru línurnar á annarri hliðinni tilvísun í strengi og mjúku hliðarnar á hinni hliðinni merkja tónlistina, auk þess sem steypan sem gripurinn stendur á er tilvísun í íslenska steininn. Segist Inga Elín jafnframt hafa haft íslenska stuðlabergið í huga þegar hún ákvað hönnunina.

Inga Elín ætlar að sjálfsögðu að mæta á verðlaunaafhendinguna í kvöld eins og undanfarin ár. „Mér finnst þetta mjög skemmtileg athöfn,“ segir hún og játar að hún fyllist stolti í hvert skipti sem gripirnir hennar eru afhentir.

Nánari upplýsingar um listamanninn má finna á heimasíðunni www.ingaelin.com.




**íslensku tónlistarverðlaunin**

**Stjórn**
Þorgeir Tryggvason stjórnarformaður
Eiður Arnarsson
Pétur Grétarsson framkvæmdastjóri
pegre@simnet.is

**Dómnefndir**
**Sígild og samtímatónlist:** Elísabet Indra Ragnarsdóttir, formaður, Helgi Jónsson, Hildigunnur Halldórsdóttir. /**Djass:** Vernharður Linnet, formaður, Benedikt Garðarsson, Hildur Guðný Þórhallsdóttir. /**Fjölbreytt tónlist:** Andrea Jónsdóttir, formaður, Bjarni Bragi Kjartansson, Elsa María Jakobsdóttir, Ívar Guðmundsson, Trausti Júlíusson. / **Bjartasta vonin:** Steinþór Helgi Arnsteinsson, Unnsteinn Stefánsson. / **Myndband, umslag, kvikmynda- sjónvarpstónlist ársins:** Sigríður Pétursdóttir, formaður, Jakob Jóhannsson, Hilmar Oddsson.

Samtónn er ábyrgðaraðili Íslensku tónlistarverðlaunanna.

# Kraumur til aðstoðar



Kraumur er nýr sjálfstætt starfandi sjóður sem settur var á laggirnar í upphafi árs af Aurora velgerðasjóði. Sjóðurinn og starfsemi hans hefur það meginhlutverk að efla íslenskt tónlistarlíf, fyrst og fremst með stuðningi við unga listamenn, auðvelda þeim að vinna að listsköpun sinni og koma verkum sínum á framfæri innanlands sem utan.

Tónlist skipar mikilvægan sess í íslensku menningarlífi og íslenskir tónlistarmenn eru öflugir sendiherrar okkar á erlendri grundu. Þótt unnið hafið verið frábært starf fyrir íslenska tónlist á síðustu árum er engu síður þörf á auknum stuðningi við tónlistarfólk okkar og þeirra mikilvæga framlag.

Kraumur mun vinna ötullega að beinum stuðningi við listamenn og listsköpun þeirra, sem og að auka möguleika þeirra á að koma list sinni á framfæri. Stefnt er á samstarf við ýmsa þá aðila sem vinna að sömu markmiðum og sjóðurinn.

Markmiðið er að styrkja stöðu ungra tónlistarmanna á Íslandi með styrkjum, faglegri aðstoð og samstarfi af ýmsu tagi. Starfsemin miðar jafnframt að því að miðla þekkingu, meðal annars með námskeiðahaldi og ráðgjöf.

Ætlunin er að Kraumur styrki tiltölulega fá verkefni/listamenn en geri það þannig að stuðningurinn sé afgerandi. Hvert verkefni skal í upphafi skilgreint í tilheyrandi samningi með fjárhags- og tímaáætlun. Framkvæmdastjóri Kraums er listamönnum til halds og trausts og annast tengsl sjóðsins við samstarfsaðila og fylgir því eftir að markmiðum samstarfs og stuðnings sé náð.

Kraumur – tónlistarsjóður er þriggja ára tilraunaverkefni sem samkvæmt núverandi áætlun lýkur í lok árs 2010.

Heimasíða: www.aurorafund.is

*Eldar Ástþórsson*



# FAGNIÐ VINIR
# - GRÍNIÐ -
# ER Á ENDA!

heyrðu mig nú!

**KRASSANDI KVÖLD** MEÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

**PÍANÓKONSERT NR. 3** EFTIR **BEETHOVEN** /// EINLEIKARI **ROBERT LEVIN**

HÁSKÓLABÍÓ /// **FÖSTUDAGINN 4. APRÍL** /// KL. 21

/// Robert Levin mun einnig spinna út frá lögum sem áhorfendur stinga upp á

/// **eftirpartí** með hljómsveitarmeðlimum og dj þorbirni /// miðaverð **1.000 KR.**

www.sinfonia.is /// midi.is.

Fíton/SÍA FI025104

FL GROUP ER AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

# Blómleg djassflóra

Það má marka af tilnefningum til íslensku tónlistarverðlaunanna í djassflokki að djassflóran er afar blómleg á Íslandi um þessar mundir og þó er þar aðeins að finna brotabrot af því sem blómgast í djassjurtagarðinum íslenska. Nokkrar af djassskífum þeim er út komu í fyrra gnæfa yfir tískustrauma og gætu því orðið jafn ferskar eftir nokkra áratugi og nú; svona eins og bestu hljóðritanir Gunnars Ormslevs eru, en hann hefði orðið áttræður í ár hefði dauðinn ekki skorið á líftaug hans árið 1981. Á síðasta ári féllu tveir af félögum Gunnars í valinn: Jón Sigurðsson, fyrsti alvörudjassbassaleikari Íslendinga, og Árni Scheving, helsti víbrafónleikari Íslandsdjassins, og Gunnar Reynir Sveinsson, konungur þriðja straumsins, lést nú í janúarlok.

Árni var í fararbroddi Útlendingahersveitarinnar allt til ársloka 2006, en þá má segja að Sigurður Flosason hafi tekið upp merki hins klassíska djass með sveit sinni Bláum skuggum, sem gaf út samnefnda skífu í fyrra og hyggur á nýja landvinninga í ár. Einar Scheving sendi frá sér fyrstu skífu sína, Cycles, og Agnar Már Magnússon sína aðra, Láð. Báðir slá þeir íslenskan tón í djassskköpun sinni þótt á ólíkan hátt sé. Djasspönksveitin Bonsom sendi frá sér samnefnda skífu og nýstofnuð stórsveit básúnuleikarans og tónskáldsins Samúels Jóns Samúelssonar skífuna Fnyk. Hinn lágstemmdi hljómur Einars og Agnars, sem höfðar jafnvel til krúttkynslóðarinnar, hefur ekki síður notið vinsælda en hinn fönkrokkaði stíll Samma og Bonsoms. Aftur á móti hafa skífur sem vísa meira til framúrstefnudjassins, eins og Herbert með Rodent Hauks Gröndals, átt erfiðara uppdráttar.

Annað er upp á teningnum er Haukur fer í svingskóna og töfrar fram lög í anda Billie og Lesters ásamt Ragnheiði systur sinni. Þau héldu fína tónleika á Múlanum í DOMO þar sem harða boppið hefur verið nokkuð ríkjandi, en það er engin frágangssök meðan meistarar á heimsmælikvarða, eins og Jón Páll Bjarnason gítarleikari, sitja á sviðinu. Jón Páll er lítið að spá í heimsfrægðina þó að mestallan feril sinn hafi hann leikið erlendis, bæði í Evrópu og Ameríku, en það gera Björn Thoroddsen, Sigurður Flosason, Tómas R. Einarsson og fjölmargir aðrir íslenskir djassleikarar einnig. En nú eru samgöngur með þeim hætti að það er engin frágangssök að búa hérlendis þótt mikið sé spilað erlendis. Björn hefur gert það gott í Ameríku með kanadísku hljómsveitina sína Cold Front, sem gaf út kliðmjúka en skemmtilega skífu, Full House, í fyrra. Sigurður leikur víða, var að hljóðrita skífu með verkum sínum ásamt Norbotten Stórsveitinni í Svíþjóð og hélt tónleika í Lincoln-djassmiðstöðinni í New York (eins og Full Circle Bjössa Thor) með kvartetti sínum og Jóels Pálssonar; þeim sama og lék á djasshátíð í Kína í fyrra og hljóðritaði þar skífu. Tómas hefur farið Havana-Moskvu hringinn og er ekkert lát á fagnandi móttökum í hinni latnesku Ameríku við Karíbadjassi hans, sem var tæknivæddur á skífunni Tekno Rom Tom í fyrra.


Vernharður Linnet

Stórsveit Reykjavíkur hélt tónleika jafnt með erlendum sem innlendum stjórnendum og á liðnu ári bar einna hæst er Kjartan Valdemarsson píanisti stjórnaði eigin tónverkum. Sveitin hefur hljóðritað Íslandssvítu Bob Mintzer undir stjórn höfundar og nú er von á tónleikum með verkum Hilmars Jenssonar, en hann starfaði meira erlendis en heima á síðasta ári enda í slagtogi með mörgum helstu meisturum á hvítu framúrdjasssenunni í New York þar sem Skúli Sverrisson starfar.

Mezzoforte, ein fremsta fönkdjasssveit veraldar, átti þrítugsafmæli í fyrra. Var þess minnst með þrennum tónleikum. Eyþór Gunnarsson, píanisti Mezzo, kom víðar við á djasssviðinu og stóð m.a. fyrir fínum tónleikum, sem helgaðir voru lögum Jóns Múla á Jazzhátíð Reykjavíkur í haust. Á vegum Múlans voru margir frábærir tónleikar í fyrra. Af frumsaminni tónlist vil ég sérstaklega nefna tónleika Sigurðar Flosasonar, þar sem Egill Ólafsson og Ragnheiður Gröndal sungu sönglög hans og svo má ekki gleyma túlkun tríós trompetleikarans Snorra Sigurðarsonar á tónlist af efnisskrá Chet Bakers tríósins með Doug Raney og Niels-Henning. Jóel Pálsson vakti mikla athygli erlendra gagnrýnenda og Boris Rabinowitsch, sem ekki kallar allt ömmu sína, sagði hann saxófónsnilling á heimsmælikvarða.

Fjöldi ungra hljóðfæraleikara lét ljós sitt skína og einna eftirminnilegastur er trompetleikarinn kornungi Ari Bragi Kárason. Guðjónsbræður, Óskar og Ómar, fóru stórum og hafa skapað sér sérdeilis persónulegan stíl. Árni Ísleifs varð áttræður en hefur nú eftirlátið yngri mönnum Jazzhátíð Egilsstaða. Sem fyrr voru djasshátíðir haldnar þar, í Vestmannaeyjum, Garðabæ og Skógum undir Eyjafjöllum að ógleymdri Jazzhátíð Reykjavíkur, en langt er síðan hún hefur heppnast jafnvel; jafnan troðfullt á öllum tónleikum.

Hér hefur verið stiklað á stóru og mörgu sleppt, en íslenskur djass er ekki á flæðiskeri staddur haldi þessi þróun áfram.

*Vernharður Linnet*

## DJASSFLYTJANDI ÁRSINS


**Bonsom**
Djassrokkuð hljómsveit ungra manna, sem búa yfir mikilli reynslu, og tekst að varpa pönkuðum frjálsdjassblæ á tónlist sína.


**Stórsveit Samúels J. Samúelssonar**
Ótrúlegt afrek hjá básúnuleikaranum unga að stofna fönkaða djassstórsveit með kornungum mönnum, gefa út athyglisverða skífu með sveitinni og halda tónleika um land allt.


**Sigurður Flosason**
Afkastamesti djasslistamaður þjóðarinnar sem aldrei kastar höndum til nokkurs verks. Hefur gefið út enn eina snilldardjassskífu á árinu og kynnt aðra sem er á leiðinni.

## DJASSHLJÓMPLATA ÁRSINS


**Agnar Már Magnússon - Láð**
Önnur tríóskífa Agnars Más, sem að þessu sinni kveðst á við þjóðararfinn á innhverfum djassnótum. Lögin eru ýmist frumsamin eða unnin uppúr gömlum stemmum og sálmum.



**Sigurður Flosason - Bláir skuggar**
Saxófónleikarinn þrautreyndi glímir hér við blúsinn í ólíkum myndum, bæði innan og utan hefðbundins blúsramma. Með honum leika nokkrir af reyndustu djassleikurum Íslands.


**Einar Scheving - Cycle**
Fyrsta skífa trommarans unga. Lögin tíu mynda sterka heild og mætti kalla svítu; eru alþjóðleg í eðli sínu en bera þó sterkt norrænt yfirbragð og ríma vel við hljóðfæraleikarana sem flytja.

## DJASSTÓNVERK ÁRSINS


**Björn Thoroddsen - Ice West**
Einföld en grípandi laglína sem vísar til marvíslegra hrynrænna áhrifa.


**Agnar Már Magnússon - Daboli**
Seiðandi impressjónísk tónsmíð með alþjóðlegu sem íslensku ívafi.

**Eyjólfur Þorleifsson - Bonsom**
Kraftmikið lag með klassísku sem latnesku ívafi og rokkaðri undiröldu.



SanDisk

sansa

Sansa View MP3 VÍDEÓ SPILARI

## SETTU KVIKMYNDIR Í VASANN MEÐ MP3 VÍDEÓ SPILARA

Kvikmyndir. Framhaldsþættir. Myndefni. Allt í nettu tæki sem passar beint í vasann. Þó hann sé undir sentimeter á þykkt fær hann myndefni og ljósmyndir til að njóta sín á stórum litaskjá. Hlustaðu á MP3 lög, útvarp og hljóðbækur í frábærum hljómgæðum. Og ef þig vantar meiri afþreyingu þá er innbyggður microSD kortalesari í spilaranum. Slakaðu svo bara á og njóttu Sansa View!

ÍSLENSKT VIÐMÓT



**SanDisk Sansa VIEW 8GB**
**8GB** MP3 SPILARI með 2.4" LCD litaskjá, FM útvarpi með upptöku, innbyggðum diktafóni og microSDHC kortalesara. Sýnir ljós og kvikmyndir. Er högg- og rispuþolinn. Hleðslurafhlöður: 35 klst. í tónlist - 7 í kvikmyndum. Spilar MP3, WMA, AAC, WAV og Audible í tónlist og WMV, MPEG4 og H.264 í kvikmyndum.

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 21.990

**Sandisk VIEW 16GB**
**KR. 24.990**

MP3 SPILARI MEÐ ÚTVARPI

MP3 OG DIKTAFÓNN



**Sandisk M250**
**2GB** MP3 SPILARI með innbyggðum diktafón, baklýstum skjá og USB 2.0. Spilar MP3, WMA.

TILBOÐ 4.990
FULLT VERÐ kr. 7.990



MP3 SPILARI MEÐ ÚTVARPI

**Sandisk Clip 1GB**
Agnarsmár **1GB** MP3 SPILARI með FM útvarpi með upptöku, diktafóni og USB 2.0. Spilar MP3, WMA og WAV. Innbyggð hleðslurafhlaða sem endist allt að 15 tíma í einu. Beltisfesting

TILBOÐ 5.990
FULLT VERÐ kr. 6.990

Clip 2GB KR. 7.990
Clip 2GB Bleikur KR. 7.990



**SanDisk C240FM**
**1GB** MP3 SPILARI með FM útvarpi með upptöku, microSD kortarauf, litaskjá, diktafóni og USB 2.0. Spilar MP3, WMA og WAV. Innbyggð hleðslurafhlaða sem endist í allt að 15 tíma í einu.

TILBOÐ 4.990
FULLT VERÐ kr. 8.990

2GB C250FM KR. 6.990

MP3 SPILARI MEÐ ÚTVARPI



**SanDisk E250FM**
**2GB** MP3 SPILARI með FM útvarpi með upptöku, microSD kortarauf, 1,8" litaskjá, diktafóni og USB 2.0. Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir. Spilar MP3, WMA og WAV. Innbyggð hleðslurafhlaða sem endist í allt að 20 tíma í einu.

TILBOÐ 11.990
FULLT VERÐ kr. 15.990

4GB E260FM KR. 13.990
8GB E280FM KR. 17.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



Andrea Jónsdóttir

# 2007 vel yfir meðallagi

Fjölbreytt tónlist er víðfeðmur flokkur: Popp/dægurtónlist; Rokk/jaðartónlist; Ýmis tónlist. Dilkar þessir falla þó allir undir það sem kallast á ensku „popular music“, en sú grein hefur orðið æ fjölbreyttari með hverjum áratug síðan lagavinsældalistar fóru að birtast. Billboard-útgáfan bandaríska birti fyrst slíkan lista árið 1936 og var hann þá bara einn; nú eru listarnir á vegum Billboard meira en 100.

Þrátt fyrir fjölbreytileikann í þessum flokki er afrakstur hvers árs misjafn, þ.e.a.s. tónlistarlega (læt aðra um að mæla hann í peningum), en mér finnst árið 2007 vera vel yfir meðallagi í þeim efnum … kannski bara mjög gott. Hins vegar á tíminn eftir að leiða í ljós hversu vel og lengi tónlist ársins 2007 lifir og hvernig tónlistarmönnunum farnast. Hver veit til dæmis hvað verður um björtustu vonina? Ein slík lagði upp laupana efir sína fyrstu ágætu langplötu (LP) og fór hin tónlistarlega útför fram á Organ 8. mars sl. En kannski mun nafn Jakobínurínu lifa lengur en ella einmitt þess vegna þegar fram í sækir; dægrin eru mislöng í dægurtónlistinni og endurnýjast stundum áratugum eftir rauntímann.

Árið 2007 komu út plötur með þungavigtarfólki í íslenskri dægurlagatónlist sem ekki hefur lent á sama útgáfuári í nokkur ár: Björk, Megas, Mugison, Magnús Þór, Gusgus, Páll Óskar og Hjálmar gáfu öll út hljómandi plötur (afsakið ef ég gleymi einhverjum :-) og það gerir árið auðvitað sterkt og safaríkt. En nýliðarnir rifu líka upp árið með krafti, frumleik, list … og fjölbreytni: Sprengjuhöllin, Hjaltalín, Ólöf Arnalds, Benny Crespo´s Gang, Bloodgroup … Svo eru það þungu rokkararnir okkar sem við kunnum kannski ekki nógu mörg að meta hér heima: Mínus og Sign hafa fengið góða dóma fyrir sínar plötur í erlendri metal-pressu.

Plötuútgáfan er það haldbærasta sem eftir lifir af hverju tónlistarári en gæti illa staðið ein og sér; án hljómleikahalds væri lítið líf í útgáfunni og það hefur verið ansi frísklegt umrætt nýliðið ár, 2007; margir hljómleikar í viku víða í „Hundrað-og-einum“. Það er hins vegar sárt til þess að vita að gráðugir kaupsýslumen skuli vera að kaupa upp miðborg Reykjavíkur með niðurrif þeirra staða í huga sem hafa verið helsta athvarf tónlistargrasrótarinnar í mörg ár og alið upp margan listamanninn. Einu sinni stóð til að rífa „skítabúlluna“ Cavern-klúbbinn í Liverpool í Englandi, staðinn sem Bítlarnir gerðu heimsfrægan. Nú er það viðurkennt að Liverpool væri á vonarvöl eins og mörg önnur sjávarpláss í Bretlandi … og á Íslandi … ef ekki hefði verið gert út á sögu Bítlanna, og hluti af því er að Cavern-klúbburinn var látinn standa. Nú er Liverpool í uppsveiflu, einkum og sér í lagi í sambandi við listir og menningu, sem varð kleift af því að borgaryfirvöld viðurkenndu menningarleg áhrif strákanna sem risu til heimsfrægðar upp úr grasrótinni í „skítabúllunni“ Cavern. Ég get ekki að því gert, en yfirvofandi niðurrif á „skítabúllunni“ Sirkus minnir mig á umræðuna um að tortíma Cavern-klúbbnum á sínum tíma. Sirkus er frægt út fyrir landsteinana vegna heimsfrægasta Íslendings fram til þessa og ég hef líka heyrt að sá næstheimsfrægasti hafi farið í þetta gamla og sérstaka hús til að versla með ömmu sinni.

Sem sagt: Árið 2007 var gott tónlistarár í Fjölbreyttri tónlist, flokkurinn stendur alveg undir nafni, og ég vona að listamönnunum verði ekki úthýst með list sína í hjarta borgarinnar … né annars staðar í okkar ágæta landi.

*Andrea Jónsdóttir*

## LAGAHÖFUNDUR ÁRSINS



**Högni Egilsson (Hjaltalín)**
Tónlistin á Sleepdrunk Seasons streymir áfram eins og fljót með einstaka flúðum. Dægurtónlist og klassík fallast í faðma í hugvitssamlegum útsetningum á fjölbreyttum lagasmíðum Högna.



**Megas**
Það eru tæplega þrjátíu ný lög eftir Megas á Frágangi og Hold er mold og flest þeirra standa vel fyrir sínu. Þau eru staðfesting á því að Megas er einn af öflugustu lagasmiðum landsins.



**Snor inni)**
Spren ustu samb Íslan Helg ópar

## POPP-/DÆGURPLATA ÁRSINS



**Páll Óskar – Allt fyrir ástina**
Nýjasta plata Páls Óskar sló í gegn svo um munaði enda skartaði hún hverju grípandi laginu á fætur öðru. Takturinn er frísklegur út í gegn og rofnar aldrei þar sem lögin eru faglega tengd saman.



**Megas og Senuþjófarnir – Frágangur/Hold er mold**
Á þessum tveim plötum eru alls 28 lög sem sýna að það er engin þurrð hjá Megasi. Í útsetningunum er horft til baka til hans gömlu meistaraverka frá áttunda áratugnum.



**Spre**
Fyrst hölli rúml grípa legar tíðar

## SÖNGKONA ÁRSINS



**Björk**
Lögin á Volta eru mjög margvísleg og gefa Björk sem aldrei fyrr tækifæri til að sýna hið mikla vald sem hún hefur á röddinni og breiddina sem hún hefur í túlkun.



**Eivör**
Eivör er fædd með einstaka söngrödd og söngstíllinn er náttúrulegur og agaður í senn, sem kemst allt vel til skila á síðustu plötu hennar, Mannabarni.



**Urðu**
Í Urð sálars tekno fáar í leikið

## LAG ÁRSINS



**Niclas Kings/Daniela Vecchia/Örlygur Smári/Páll Óskar – Allt fyrir ástina**
Þrumandi danstónlist, fín melódía og grípandi viðlag með vel saman settum texta, m.a. með tilvitnunum í Sofðu unga ástin mín og kærleiksboðskap Páls postula.



**Ólöf Arnalds – Englar & dárar**
Hér tvinnast saman í texta og tónum fortíð og nútíð í gegnum einstakan flutning Ólafar, bæði söng og hljóðfæraleik, og útkoman er bæði frumleg og alþýðleg.



**Högni Egilsson – Goodbye Julie/Margt að ugga**
Hljómsveitin Hjaltalín vakti verðskuldaða athygli með þessu sérstæða lagi snemma árs 2007. Þetta er ein djarflegasta og óhefðbundnasta tónsmíð sem hljómað hefur í vinsældaspilun í seinni tíð.



**Björn Jörundur Friðbjörnsson – Verðbólgin augu**
Björn Jörundur sannar einu sinni enn að hann er meðal okkar langbestu laga- og textahöfunda og hér fangar hann núið á kaldhæðinn hátt mitt í evru-umræðunni.



**Snorri Helgason/Bergur Ebbi – Verum í sambandi**
Með þessu fallega og skemmtilega lagi, sem margan hefur snert djúpt, söng Sprengjuhöllin sig að innstu hjartarótum þjóðarinnar.



**Björk**
Björk fylgdi plötunni sinni Volta með heimstónleikaferð sem hó með stórtónleikum í Laugardals 9. apríl 2007. Þar flutti hún bæð ný lög og gömul í gjörbreyttum útsetningum, m.eðal annars me fulltingi tíu stúlkna lúðrasveitar



**ri Helgason (Sprengjuhöll-**

ngjuhöllin átti þrjú af vinsæl-
lögum ársins 2007: Verum í
bandi; Glúmur og Keyrum yfir
d. Þau eru öll samin af Snorra
asyni. Frekari rökstuðningur er
fur.



**ngjuhöllin – Tímarnir okkar**

a plata strákanna í Sprengju-
nni stóðst allar væntingar og
ega það. Lagasmíðarnar eru
andi, útsetningarnar skemmti-
og textarnir ná að fanga
andann á einstakan hátt.



**r Hákonardóttir (Gusgus)**

býr þeldökk og þokkafull
söngkona sem sómir sér vel í
óhljóðheimi Gusguss. Það eru
slenskar söngkonur sem geta
pennan stíl eftir.

## SÖNGVARI ÁRSINS



**Páll Óskar**
Páll Óskar er einn af bestu söngvurum þjóðarinnar og er búinn að vera lengi. Það er ekki bara að röddin sé falleg, heldur er meðferð Páls á texta og tilfinning fyrir innihaldi hans áberandi góð.
.



**Mugison**
Mugison syngur af algjörri innlifun og tilfinningar og geðsveiflur eiga sér greiða leið í gegnum barka hans. Hann var góður strax á fyrstu plötu en er kominn enn lengra á þessari þriðju.



**Högni Egilsson (Hjaltalín)**
Raddbeiting Högna er mikilvægt krydd í tónlist Hjaltalíns og þessi sérstaka hljómsveit verður enn eftirtektarverðari vegna hennar. Högni er söngvari með áberandi karakter

## TEXTAHÖFUNDUR ÁRSINS



**Bergur Ebbi Benediktsson (Sprengjuhöllinni)**
Bergi tekst á einstakan hátt að fanga tíðarandann í íslensku samfélagi með hversdagslegu og hnyttnu orðfæri. Bergur er beinskeyttur og mælir fyrir munn sinnar kynslóðar.



**Megas**
Megas er með lærðustu mönnum í kveðskap á Íslandi. Hann hefur aldrei setið fastur í reglum heldur bætir stöðugt við gamlan arf okkar með tilraunum og frumleika.



**Þorsteinn Einarsson (Hjálmum)**
Það eru fáir textahöfundar af ungu kynslóðinni sem leyfa sér að vera með meiningar, vera pólitískir og áleitnir. Textar Þorsteins endurspegla hugsjónamanninn, þeir eru gagnrýnir og afar ljóðrænir í senn.

## ÝMIS TÓNLIST - PLATA ÁRSINS



**Forgotten Lores – Frá heimsenda**
Forgotten Lores hefur allt til að bera sem góð hipp-hopp sveit getur óskað sér: góða taktsmiði og plötusnúða og rappara í sérflokki. Þeir fara á kostum á Frá heimsenda sem kom út í árslok 2006.



**Ólöf Arnalds – Við og við**
Þessi fyrsta plata Ólafar Arnalds er að margra mati frumlegasta og sérstakasta plata ársins. Fallegar laglínur, sérstakur söngstíll og persónulegir textar eru meðal þess sem einkennir þessa einstöku plötu.



**Björk – Volta**
Björk heldur áfram að sækja á nýjar slóðir á Volta. Hún býr til tryllta takta með Timbaland, syngur af tilfinningaþrunginni innlifun með Antony og hverfur aftur til anda pönksins í Declare Independence.

## BJARTASTA VONIN



**Benny Crespo's Gang**
Það er mikið að gerast á fyrstu plötu sveitarinnar sem kom út seinni hluta árs 2007. Því verður margur hissa sem sér þessa hljómsveit í fyrsta sinn; að hún skuli standa undir þessari metnaðarfullu, fjölbreyttu og orkumiklu tónlist sinni á sviði einungis fjögurra manna.

**Bloodgroup**
Bloodgroup sendi frá sér sína fyrstu löngu plötu á sl. ári. Sticky Situation nefnist hún og inniheldur svala danstónlist. Á hljómleikum er hljómsveitin spræk og skemmtileg og sýnir að binda má við hana miklar vonir.



**Hjaltalín**



Hljómsveitin hefur yfir sér bæði íslenskan og erlendan blæ, klassískan og dægurlegan, rokk- og popplegan. Hjaltalín hefur gefið bjartar vonir um að hún eigi áhugaverða framtíð fyrir sér.

**Seabear**
Hljómsveitin Seabear sendi frá sér sínu fyrstu breiðskífu á árinu, The Ghost That Carried Us Away. Hún er einkar vönduð og vel heppnuð. Sindri Már Sigfússon fer fyrir sveitinni sem leikur melódískt og hlýlegt kántrískotið indírokk.





**Graduale Nobili**
Stjórnandi: Jón Stefánsson. Kórinn er skipaður stúlkum á aldrinum 17 til 24 ára. Skipaður einvala liði ungra kvenna. Efnisskrá spennandi – túlkun frábær og fágun og agi mikill.

## TÓNLISTARFLYTJANDI ÁRSINS



eftir
fst
shöll
i
n
eð
.



**Gusgus**
Tónleikar með Gusgus á NASA eru fyrir löngu orðnir fastur punktur í tilveru margra íslenskra tónlistaráhugamanna. Þeir hafa undanfarin ár oft verið einn af hápunktum Airwaves-hátíðarinnar.



**Megas & Senuþjófarnir**
Megas og Senuþjófarnir gerðu plöturnar Frágang og Hold er mold og fylgdu þeim eftir með tónleikaferð um landið. Hrifningin var jafnmikil í Bræðslunni á Borgarfirði eystra, Edinborgarhúsinu á Ísafirði og í Laugardalshöll.

## ROKK-/JAÐARPLATA ÁRSINS




**Benny´s Crespos Gang**
Þessi fyrsta og nafnlausa plata hljómsveitarinnar inniheldur rokkaða, taktskipta og nokkuð flókna tónlist, sem minnir á „prog"-risa 8. áratugarins að viðbættum ferskum og nýjum vindum.




**Mugison – Mugiboogie**
Áður einsmannssveitin Mugison stígur djarflega fram á sjónarsviðið á ný og í þetta skiptið er Mugison studdur af einkar kraftmikilli hljómsveit og heppnast sú blanda afar vel.



**Hjaltalín – Sleepdrunk Seasons**
Lagasmíðarnar á Sleepdrunk Seasons eru flóknari en gengur og gerist í dægurtónlist en jafnframt melódískar og grípandi. Útsetningarnar eru óvenjulegt sambland af poppi og klassík.

HUGLEIÐINGAR UM TÓNLISTARÁRIÐ 2007

# Nokkrir sem ekki eru tilnefndir …

Það verður að segjast alveg eins og er að þegar komið er fram í mars árið 2008 þarf kona aðeins að klóra sér í höfðinu til að rifja upp hvað gerðist markvert í íslenskri músíksenu árið 2007. Bíðum samt hæg. Var þetta ekki árið hans Ben Frost og hans frábæru plötu, Theory of Machines, sem fékk glimrandi gagnrýni úti um allan heim? Árið sem hljómsveitin múm gaf út eina sína bestu plötu hingað til, fulla af dillandi orku og nostri? Gleymum ekki ótrúlegu samstarfsverkefni dúettsins Ghostigital og Finnboga Péturssonar myndlistarmanns sem endurómar á plötunni Radíum. Og rámar ekki einhvern í að stelpurnar í Amiinu hafi gefið út og fylgt eftir fyrstu breiðskífu sinni á þessu herrans ári? Kurr heitir hún og ber nafn með rentu.



Elísabet Indra Ragnarsdóttir

Þetta eru sem sagt nokkrir af þeim stórfínu músíköntum sem ekki eru tilnefndir til Íslensku tónlistarverðlaunanna þetta árið. Engin ástæða til að býsnast yfir því svo sem. Sjálf sat ég í dómnefnd fyrir sígilda og samtímatónlist og veit af þeim stóra hópi sem ekki er í hópi tilnefndra þar á bæ – þrátt fyrir ótrúleg afrek og óeigingjarnt starf í þágu tónlistarinnar undanfarna mánuði og ár. Árið 2007 var glæsilegt tónlistarár innan þess geira sem nefnist sígild og samtímatónlist – óvanalega glæsilegt má sjálfsagt fullyrða. Að minnsta kosti átti fyrrnefnd dómnefnd í stökustu vandræðum við niðurskurðinn, að útnefna bara þrjár plötur, þrjú tónverk, þrjá flytjendur.

Samt held ég að það sé ástæða til að nema aðeins staðar við fyrrnefnda músíkanta, þessa sem ekki eru tilnefndir og þá alveg burtséð frá íslenskum tónlistarverðlaunum. Listinn (sem mótast auðvitað að einhverju leyti af persónulegum smekk undirritaðrar en þó ekki alveg) gæti svo sannarlega verið lengri en látum það liggja á milli hluta. Mig langar nefnilega rétt sem snöggvast til að setja mig í spor ónefndrar útlenskrar tónlistaráhugakonu sem hefur fylgst grannt með íslenskri tónlistarsenu um nokkurt skeið. Hún gæti búið í erlendri stórborg þessi kona, New York, London, Tókýó, Berlín. Hún sækir reglulega tónleika með nokkrum af sínum eftirlætis íslensku tónlistarmönnum, kaupir plöturnar þeirra sem stillt er upp á áberandi stað í bestu plötubúðunum í bænum, les um listræna sigra þeirra í erlendum netmiðlum og virtum tónlistartímaritum.

Ímyndum okkur svo að þessi sama stúlka legði leið sína til Íslands til að fá íslensku senuna beint í æð. Þessa djörfu og róttæku tilraunasenu sem svo mjög er mærð og við kynnum með stolti þegar við höldum listahátíðir í útlöndum. Ætli hún yrði ekki svolítið hissa konan þegar hún áttaði sig á tómlætinu sem við Íslendingar sýnum hinni gargandi snilld.

Útrásartalið er ekki í tísku um þessar mundir, ég geri mér grein fyrir því. Í kreppubyrjun hugum við að túnfætinum heima og hirðum lítt um hvað útlendingarnir hafa um okkur að segja. Hvað vita þeir svo sem? Það er samt óneitanlega skemmtilegt og skrýtið hvað upphefðin að utan kemur okkur merkilega lítið við þegar íslensk tónlist er annars vegar. Þar er sjálf Björk Guðmundsdóttir ekki undanskilin, að minnsta kosti ekki ef marka má spilunarlista frá íslenskum útvarpsstöðvum. Af þeim að dæma er það nánast viðburður þegar tónlistin hennar ómar á öldum íslenskra ljósvaka (að hinni lífseigu Gling gló undanskilinni). Í nýlegu viðtali á netmiðlinum The Milk Factory eru tveir liðsmenn múm spurðir að því af hverju sveitin syngi ekki á íslensku og vitnað er til plötunnar Loksins erum við engin sem kom út hvort tveggja á ensku og íslensku árið 2002. Múmliðarnir Gunnar og Örvar segja þá útgáfu hafa misst marks – kaupendur íslensku plötunnar hafi fyrst og fremst verið erlendir tónlistargrúskarar sem vildu eiga plötuna í báðum útgáfum. Í hérlendum plötubúðum hafi gripurinn lítið sem ekkert hreyfst.

Að þessu sögðu er kannski rétt að beina sjónum að senunni sem nefnd er sígild og samtímatónlist og árétta það sem að framan var sagt um ágæti tónlistarársins 2007. Naumur tilnefningarlisti tónlistarverðlauna dugir þar skammt til að draga upp mynd af því blómlega ári. Þar gefst ekki tóm til að þakka fyrir hérlendan frumflutning Sifjar Tulinius og Sinfóníuhljómsveitarinnar á fiðlukonserti Sofiu Gubaidulinu né heldur fyrir tónleika Caput-hópsins þar sem verk hinnar sömu stórmerkilegu konu voru í brennidepli. Viröld fláa hans Hafliða Hallgrímssonar sem ómaði í fyrsta sinn á Íslandi var og ógleymanleg, geggjuð túlkun Hamrahlíðarkórsins á Sálmasinfóníu Stravinskys, sellókonsert Jóns Nordal í frábærum flutningi Bryndísar Höllu Gylfadóttur, Morton Feldman maraþon Adapter-tónlistarhópsins á Kjarvalsstöðum, glæsileg frammistaða Hönnu Dóru Sturludóttur í Ariadne eftir Richard Strauss, Sálumessa hins spænska Tomas Luis da Victoria í túlkun hins flotta kammerkórs Carminu sem hljómaði í fyrsta sinn á Íslandi og nýr barrokktónlistarhópur, Camerata Drammatica kvaddi sér hljóðs og færði okkur ögn nær þeirri grósku sem á sér stað í flutningi barrokktónlistar víða um heim um þessar mundir. Og áfram væri hægt að halda og verður haldið, að minnsta kosti ef marka má fyrsta þriðjung ársins 2008. Núna fögnum við uppskerunni og þökkum þeim sérstaklega sem þoka okkur fram á veginn, sprengja ramma, stunda tilraunir og færa okkur inn í alþjóðlega hringiðu tónlistarinnar fyrir afrek sín og gjafmildi, heima og að heiman.

*Elísabet Indra Ragnarsdóttir*

## SÍGILD OG SAMTÍMATÓNLIST HLJÓMPLÖTUR

**Jón Leifs – Edda I**

Gunnar Guðbjörnsson, Bjarni Thor Kristinsson, Schola Cantorum, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hermann Bäumer. Ómetanleg heimild um höfundarverk Jóns Leifs. Hér er um að ræða frumhljóðritun á fyrsta hluta Eddu-óratoríunnar, stærsta og metnaðarfyllsta verki þessa einstaka tónskálds. Verkið gerir miklar kröfur til flytjenda, sem standa sig frábærlega. Er þar vert að minnast sérstaklega á framúrskarandi frammistöðu kórsins Schola Cantorum. Með plötunni fylgja ítarlegar upplýsingar um tónsmíðina og tónskáldið. Margra ára vinna liggur að baki þessari útgáfu sem er mikið þrekvirki.




**Melódía – Kammerkórinn Carmina**

Stjórnandi: Árni Heimir Ingólfsson. Sönghandritið Melódía er merk heimild um tónlistariðkun Íslendinga fyrr á öldum og á þessari plötu hljómar úrval laga sem fæst hafa verið hljóðrituð áður. Kammerkórinn Carmina hefur á undanförnum árum bætt fjöður í hatt íslensks tónlistarlífs en kórinn sérhæfir sig í flutningi endurreisnartónlistar og hefur vakið eftirtekt fyrir framúrskarandi flutning og spennandi efnisskrár. Túlkun söngvara og barrokkhljóðfæraleikara á þessum diski tekur mið af flutningsstíl fyrri alda og er innlifaður og fágaður. Nýjar útsetningar á gömlum lögum eru heillandi, tengja íslenska tónlistarsögu við tónlistarhefðir meginlandsins sem gefur plötunni spennandi vídd. Lagasamsetning er sannfærandi og heildstæð. Bæklingur hefur að geyma ítarlegar og gagnlegar upplýsingar um handritið. Hljómgæði eru fyrsta flokks og útlit plötunnar og innihald allt sýnir sterka heildarhugsun og listræna dýpt.



**Roto con moto – Njúton**

Tónverk eftir Hlyn Aðils Vilmarsson, Önnu Sigríði Þorvaldsdóttur, Guðmund Stein Gunnarsson, Inga Garðar Erlendsson, Kolbein Einarsson, Steingrím Rohloff og Huga Guðmundsson. Njúton hefur sýnt sig og sannað á undanförnum árum sem mikilvægt afl í íslensku tónlistarlífi. Hópurinn hefur sýnt listrænan metnað og áræði, verið dýrmætur vettvangur fyrir nýsköpun og tilraunamennsku. Á plötunni er að finna tónsmíðar sem allar eru samdar sérstaklega fyrir hópinn og er flutningur mjög góður, kraftmikill og blæbrigðaríkur. Hljóðupptaka og hljóðvinnsla plötunnar er afbragðs góð og slær þar við nýjan tón í plötuútgáfu innan „sígildrar“ samtímatónlistar. Hönnun plötunnar sýnir einnig sterka heildarhugsun að baki útgáfunni og eykur á listræn áhrif.




## SÍGILD OG SAMTÍMATÓNLIST – FLYTJENDUR



**Ágúst Ólafsson**

Kom víða við á árinu 2007. Frammistaða Ágústs í fjölbreyttum verkefnum hefur verið frábær og sýnir að hann býr yfir mikilli listrænni vídd og aga. Tæknilegt vald hans er afburða gott; túlkun hans hófstillt en innlifuð og mjög sannfærandi.

**Elfa Rún Kristinsdóttir**

Kom fram á nokkrum afar eftirminnilegum tónleikum á árinu og sýndi þar mikla dýpt og innlifaða túlkun jafnframt því að hafa einstakt vald á hljóðfærinu sínu. Elfa Rún hefur mikla breidd, henni lætur vel að túlka tónlist ólíkra tónlistarskeiða allt frá barrokki til 21. aldarinnar.





**Kammersveitin Ísafold**

Hefur frá upphafi sýnt dirfsku og mikinn listrænan metnað, sinnt íslenskri nýsköpun jafnframt því að flytja fjölmörg lykilverk erlendra tónskálda frá 20. öld. Sveitin er skipuð frábærum hljóðfæraleikurum og tónleikar hennar eru ávallt sérlega vandaðir og heilsteyptir.

## SÍGILD OG SAMTÍMATÓNLIST – TÓNVERK



**Hlynur Aðils Vilmarsson – Akihabara**

Fyrir sinfóníuhljómsveit. Frumlegt og sterkt verk. Rætur tónskáldsins í ólíkum tónlistargeirum styrkja tónmálið þannig að úr verður afar sannfærandi og grípandi tónsmíð með miklum andstæðum og ríkulegum blæbrigðum. Hlynur Aðils er spennandi tónskáld, með persónulega rödd.



**Hugi Guðmundsson – Apocrypha**

Fyrir barokkhljóðfæri, slagverk, mezzósópran og gagnvirk rafhljóð. Hljóðfærasamsetningin er frumleg og tekst Huga einkar vel að spinna úr þessum hljóðheimi afar sterkt og áhrifamikið tónverk. Samspil hins gamla og nýja er seiðandi og persónulegt tónmál og tónhugsun Huga nýtur sín til fullnustu.

**Sveinn Lúðvík Björnsson – Og í augunum blik minninga**

Fyrir strengjakvartett: Afar fínlegt og spennandi tónverk eins og Sveins Lúðvíks er von og vísa. Tónhugsun Sveins Lúðvíks og tónmál er persónulegt og hefur verið afar áhugavert að fylgjast með þróun hans sem tónskáld á undanförnum árum.



# Björgólfur hlýtur Hvatningarverðlaun

**Björgólfur Guðmundsson er fæddur í Reykjavík árið 1941. Fljótlega eftir að hann lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands hafði hann tekið að sér forystustörf við rekstur fyrirtækja. Lengst af leiddi hann Dósagerð Reykjavíkur, þá Hafskip og síðar Pharmaco. Í dag er Björgólfur formaður bankaráðs Landsbanka Íslands, formaður stjórnar Portusar, sem er félag um byggingu og rekstur Tónlistarhússins í Reykjavík, og þá er hann formaður og eigandi enska knattspyrnuliðsins West Ham United. Björgólfur Guðmundsson er kvæntur Þóru Hallgrímsson og eignuðust þau fimm börn.**

Flestum er kunnur stuðningur Björgólfs Guðmundssonar og fyrirtækja undir forystu hans við listir, íþróttir og menningu. Þar hefur tónlistin notið ríkulega. Landsbankinn er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er í hópi bakhjarla Listahátíðar í Reykjavík. Þá veitti bankinn tónlistarmönnum af yngri kynslóðinni skjól þegar hann rak í um tvö ár Klink og bank. Þá styður Landsbankinn við ýmsar uppákomur og tónleika á ári hverju eins og t.d. Blúshátíðina sem er nýhafin. Þá hefur Menningarsjóður Landsbankans lagt fjölda tónlistarmanna lið á undanförnum árum með fjárstyrkjum.

Björgólfur hefur styrkt ýmis útrásarverkefni íslenskra tónlistarmanna, m.a. alþjóðlega ráðstefnu sem haldin var hér á landi um tækifærin sem felast í breyttum sölu- og dreifileiðum tónlistar með tilkomu netsins. Þá er mörgum minnisstætt að Björgólfur reiddi sjálfur fram einn milljarð íslenskra króna til að tryggja að Tónlistarhúsið í Reykjavík gæti orðið sem glæsilegast.

Síðast en ekki síst er rétt að nefna að hjónin Þóra og Björgólfur standa að minningarsjóði um dóttur þeirra Margréti sem lést af slysförum fyrir um tuttugu árum. Úr þeim sjóði hafa margir tugir íslenskra tónlistarmanna fengið stuðning á síðustu árum.

Björgólfur Guðmundsson hlýtur Hvatningarverðlaun Samtóns árið 2008.

*Jakob Frímann Magnússon, formaður Samtóns.*



Björgúlfur Guðmundsson, formaður bankastjórnar Landsbankans.



Björk Guðmundsdóttir spilaði í Laugardalshöll í apríl til að fylgja eftir plötu sinni Volta. Að sjálfsögðu var Höllin troðfull enda ekki á hverjum degi sem Björk heldur tónleika hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Megas spilaði með hljómsveit sinni Senuþjófunum í Höllinni í október í tilefni af útkomu platnanna Frágangur og Hold er mold, sem báðar hlutu einróma lof gagnrýnenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



Nýdönsk hélt tvenna tónleika í Borgarleikhúsinu í október þar sem hún söng öll sín bestu lög í tilefni af tuttugu ára afmæli sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Vel heppnað íslenskt tónleikaár

**Íslenskir tónlistarmenn voru á síðasta ári duglegir sem fyrr að halda tónleika. Mesta athygli vakti hversu tónlistarmenn voru duglegir að nýta sér Laugardalshöllina og heppnuðust allir þeir tónleikar einstaklega vel.**



Rúnar Júlíusson flutti öll sín þekktustu lög á stórtónleikum í Laugardalshöll í október. Fjöldi gesta kom fram á tónleikunum, sem þóttu heppnast með eindæmum vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



Hljómsveitin Amiina hélt útgáfutónleika í Iðnó síðasta sumar til að fagna sinni fyrstu plötu, Kurr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Björgvin Halldórsson spilaði á þrennum jólatónleikum í Laugardalshöll í desember við góðar undirtektir. Fjöldi gesta aðstoðaði hann á tónleikunum auk strengjasveitar og barna-, gospel- og karlakóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Eilífur æskumaður og Íslandsbítill

**Rúnar Júlíusson hlýtur heiðursverðlaun íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2007.**

Ef einhverjum dytti í hug að varpa fram hugtakinu Íslandsbítill er aðeins einn einstaklingur sem kemur til greina til að hengja nafnbótina á: Guðmundur Rúnar Júlíusson frá Keflavík, betur þekktur sem Rúnni Júl.

Keflavík stendur í skjóli úfins sjávar eða logntærs eftir atvikum. Þessi gamalgróna verstöð varð laust upp úr 1960, að því er virtist upp úr þurru, iðandi hrútakró nýrrar og full æsilegrar tónlistar að mörgum hinna ráðsettari þótti. Um þetta leyti var farið að tala í fullri alvöru um gömlu dansana. Þessi menningarbylting var þó ekki alveg úr lausu lofti gripin.

Á Miðnesheiði ofan við Keflavík og Njarðvíkurnar tvær var fjölmennur bandarískur dátakaupstaður, með útvarps- og sjónvarpsstöð sem enginn tónelskur unglingur varð ósnortinn af. Samgangur var tölverður á milli soldáta og Suðurnesjafólks og í blámóðu tímans má hugsa sér að bandaríski herinn hafi skilið öllu meira eftir sig í andlegum efnum en hann tók með sér heim. Það hefur heldur aldrei verið sterkasta hlið amrískra að tileinka sér góða siði annarra þjóða. Þeim þykir heimaslátrað best.

Rúnar Júlíusson óx úr grasi í Keflavík, í norðanverðri hringiðu kalda stríðsins. Hann var réttur maður á réttum tíma þegar saman laust tveimur menningarsprengingum; rokkinu úr vestri og svo nýrri framsetningu þessarar taktföstu tónlistar, úr andstæðri átt. Arfur afkomenda afrískra þræla hljómaði nýstárlega í meðförum drengja sem fæddust í sprengjuregni seinni heimsstyrjaldarinnar á Stóra-Bretlandi og nú var ekki aftur snúið.

Sagan hermir að Rúnar Júlíusson hafi byrjað á raunverulegum byrjunarreit sem tónlistarmaður. Hann kunni ekki að spila á neitt hljóðfæri en þótti reyndar lagviss og söngvinn, svo eldra skyldfólki þótti unun á að hlýða. Önnur saga segir að hann hafi valist í flokkinn sem síðar varð Hljómar af því að hann var tiltölulega bassaleikaralegastur drengja á svæðinu.

Hljómar voru og eru fyrstu poppstjörnur Íslands. Þar fór Rúnar, þessi annars hægláti kurteisispiltur, hamförum. Hann hékk í veikburða ljósakrónum og stóð nakinn í beltisstað á gjögtandi hátalarasúlum frá Marshall-verksmiðjunum, með það eitt að leiðarljósi að hefja kraft stuðsins á örlítið hærra plan. Sem honum tókst. Gunnar Þórðarson stóð skrefinu aftar á sviðinu og sá til þess að hljóðfæraslátturinn var fumlaus þótt bassabotninn vantaði í hljóminn.

Helstu jökulár íslenska poppsins runnu í sama farveg þegar hallaði að nýjum áratug, þeim áttunda eins og seventís heita á íslensku. A-landsliðið stofnaði Trúbrot og til varð spánný kynslóð hljómsveita á landinu bláa. Rúnar var í A-landsliðinu og lék á bassann sem aldrei fyrr, í nánu hrynsambandi við frumkvöðla tvöfalda bítsins, Gunnar Jökul Hákonarson og Karl Sighvatsson. Öld hippanna barst með seinni skipunum til Íslandsstranda og Trúbrjótar voru hvað fremstir jafningja í þeim efnum.



Rúnar Júlíusson hlýtur heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2007. MYND/TEITUR

Eins og skrattinn úr sauðarleggnum birtust svo Lónlí blú boys með blandaðan landa og diggíliggileyjuðu til Búðardals og heim aftur. Í lífi Rúnars Júlíussonar var að hefjast nýr kafli, kenndur við Geimstein. Sá kafli stendur enn og sér ekki fyrir endann á honum, þótt Íslandsbítillinn sé hrokkinn á sjötugsaldurinn og kominn með spánnýjar hjartalokur úr gáfaðasta spendýri jarðar að sumra sögn. Á Upptökuheimilinu að Skólavegi 12 í gömlu Keflavík hafa fjölmargir tónlistarmenn fengið tækifæri til að láta ljós sitt skína og skína margir enn. Þannig hefur Rúnar haft áhrif á íslenskt tónlistarlíf langt út fyrir sinn eigin túngarð.

Rúnar Júlíusson er vel kominn að þeirri viðurkenningu sem félagar hans í tónlistarheiminum veita honum nú. Hann hefur staðið langa vakt og stendur hana enn, ofurlítið knattspyrnulegur til fótanna með Fender-bassann í síðri ól. Söngvarinn, bassaleikarinn, lagasmiðurinn, útgefandinn og séntilmaðurinn veit sjálfur að tónlistarbransinn tæki ofan, væri hann með hatt á höfðinu, fyrir eilífa æskumanninum Rúnari Júlíussyni.

*Valgeir Guðjónsson*

## HEIÐURSVERÐLAUNAHAFAR ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNANNA

- 2006 Ólafur Gaukur
- 2005 Guðmundur Jónsson
- 2004 Helga Ingólfsdóttir
- 2003 Jórunn Viðar
- 2002 Ingibjörg Þorbergs
- 2001 Jónas Ingimundarson
- 1999 Bubbi Morthens
- 1998 Magnús Eiríksson
- 1997 Jón Múli Árnason
- 1996 Gunnar Þórðarson
- 1995 Guðmundur Steingrímsson
- 1994 Ragnar Bjarnason
- 1993 Björgvin Halldórsson



Rúnar Júlíusson kynnir útgáfur Geimsteins árið 1976.



Á afmælistónleikum Bubba Morthens í Laugardalshöll árið 2006.



Rúnar ungur að árum en hann óx úr grasi í Keflavík og býr þar enn í dag.



Rúnar ásamt eiginkonu sinni Maríu Baldursdóttur.


B O H E M I A

PÍANÓ OG FLYGLAR



Handsmíðuð gæða píanó frá Tékklandi, 10 ára ábyrgð.
Einnig Ritmullar og Duke píanó og flyglar, með 5 ára ábyrgð á hagstæðu verði. Einnig mikið úrval af píanóbekkjum, og stafrænum (digital) píanóum og flyglum.

Hljóðfæraverslun
Pálmars Árna ehf
Rangársel 6 109 Reykjavík

S. 553 - 2845 GSM: 663 - 2845


# Samtónn helsti bakhjarlinn

Til SAMTÓNS var efnt 2. maí 2002 til verndunar og eflingar íslenskri tónlist og rétthöfum hennar. Samtökin eru helsti bakhjarl Íslensku tónlistarverðlaunanna, Útflutningsskrifstofu tónlistarinnar, Dags íslenskrar tónlistar og fleiri samstarfsverkefna. Stofnaðilar skipa stjórn en þeir eru STEF og SFH, nánar tiltekið; Samtök tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) ásamt aðildarfélögum þess, Tónskáldafélagi Íslands (TÍ) og Félagi tónskálda og textahöfunda (FTT) annars vegar og hins vegar Samtökum flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH)og aðildarfélögum þess: Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH), Félag hljómplötuframleiðenda (FHF), Félag íslenskra tónlistarmanna (FÍT),Félag íslenskra leikara (FÍL), Samband lúðrasveita, Samtök karlakóra og Samtök blandaðra kóra. Formaður SAMTÓNS er Jakob Frímann Magnússon (FTT/STEF), Björn Árnason varaformaður (SFH/FÍH), Kjartan Ólafsson (TÍ/STEF), Eiríkur Tómasson (STEF), Ásmundur Jónsson (FHF) og Gunnar Guðmundsson (SFH) en hann er jafnframt framkvæmdastjóri SAMTÓNS.



Jakob Frímann Magnússon, formaður Samtóns.

# Útrás íslenskrar tónlistar

Mér var falið 15. febrúar sl. að stýra uppsetningu á Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar og vinna að markmiðum hennar undir styrkri stjórn sem skipuð er fimm aðilum völdum af þeim sem standa að skrifstofunni. Þeir eru Gunnar Guðmundsson lögfræðingur sem er stjórnarformaður, Sigtryggur Baldursson sem situr fyrir STEF, Gunnar Hrafnsson sem situr fyrir FÍH, Björgólfur Guðmundsson sem er fulltrúi Landsbankans og Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs.

Verkefnið er nýtt í íslensku tónlistarlífi og við höfum því verið að feta okkur áfram bæði með því að byggja á reynslu og árangri sem Íslendingar hafa náð í útflutningi til þessa og með því að líta til nágrannaþjóða okkar þar sem útflutningsskrifstofur tónlistar hafa verið starfræktar um nokkurt skeið. Starfið hefur verið einstaklega ánægjulegt, bæði vegna þess krafts sem býr í þeim sem vinna að því að koma sér á framfæri í útlöndum, bæði listamönnum og fyrirtækjum, og eins vegna jákvæðs stuðnings þeirra sem standa að skrifstofunni. Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar var sett á laggirnar árið 2006 að frumkvæði Samtóns. Að stofnun og fjármögnun hennar koma utanríkis-, iðnaðar- og menntamálaráðuneyti ásamt Landsbanka Íslands. Útflutningsráð Íslands skaffar skrifstofuaðstöðu og alla þjónustu við rekstur ásamt því að vera samstarfsaðili um verkefni á sviði kaupstefna og ráðstefnuhalds.

Á þessu fyrsta starfsári hefur enska heiti skrifstofunnar, Iceland Music Export, sem er skammstafað IMX, verið að festast í sessi. IMX er viðskipta- og markaðsskrifstofa sem sinnir því hlutverki að kynna íslenska tónlist erlendis og stuðlar að því að koma á tengslum við þá sem hafa áhuga á að fjárfesta eða starfa að framgangi íslenskrar tónlistar um heim allan. Við vinnum með tónlistarmönnum, plötuútgáfum og hátíðum og leitum eftir náinni samvinnu við aðila úr öllum geirum íslensks tónlistarlífs.

IMX stuðlar einnig að kynningu á listamönnum og verkefnum í gegnum vefsíðu sína, www.imx.is. Þar eru kynningar á tónlistarmönnum, hljómsveitum, plötufyrirtækjum og tónlistarhátíðum jafnframt því sem sagt er frá því helsta sem er á döfinni hverju sinni.

Við erum alltaf opin fyrir uppástungum og ábendingum og tökum fagnandi á móti þeim sem eru að vinna að útflutningi á íslenskri tónlist og tónlistarframleiðslu. Ég vona að íslensku tónlistarverðlaunin reynist íslensku tónlistarfólki hvati til að vinna fleiri lönd og hlakka til að eiga samstarf.

Verum í sambandi.

Anna Hildur Hildibrandsdóttir
Netfang: anna@icelandmusic.is
Farsími: 824-4371
Aðsetur: Borgartún 35



**Anna Hildur Hildibrandsdóttir starfar hjá Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar.** FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR






Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is

# FRÁBÆRT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

**STÓRIR - STERKIR- LITLIR - SILFRAÐIR - NETTIR - SNÖGGIR - RÚMGÓÐIR - KRAFTMIKLIR - LIPRIR - FÁGAÐIR ...**

bíla land

**Grjótháls 1, 110 Reykjavík, S: 575 1230. Opið virka daga frá kl. 10-18 og á laugardögum frá 12-16.**

## TILBOÐS BÍLAR



**BMW X5**
Nýskr: 09/2001, 4400cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Blár, Ekinn 102.000 þ. Verð: 4.250.000
**Tilboðsverð 3.350.000**



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 07/2003, 2400cc
5 dyra, Beinskiptur, Grár - tvílitur, Ekinn 98.000 þ. Verð: 1.980.000
**Tilboðsverð 1.570.000**



**HYUNDAI SONATA**
Nýskr: 07/1999, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur, Ekinn 188.000 þ. Verð: 490.000
**Tilboðsverð 260.000**



**HYUNDAI TRAJET**
Nýskr: 06/2001, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður, Ekinn 124.000 þ. Verð: 880.000
**Tilboðsverð 720.000**



**RENAULT LAGUNA II**
Nýskr: 04/2004, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Blár, Ekinn 64.000 þ. Verð: 1.790.000
**Tilboðsverð 1.480.000**



**RENAULT MEGANE**
Nýskr: 01/2005, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Blár, Ekinn 53.000 þ. Verð: 1.690.000
**Tilboðsverð 1.380.000**

## 500.000- 1.500.000



**ARCTIC CAT M8**
Nýskr: 11/2006, 0cc
1 dyra, Sleðar, Svartur, Ekinn 1.600 þ.
**Verð: 1.170.000**



**FORD FOCUS**
Nýskr: 06/2003, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Grár, Ekinn 60.000 þ.
**Verð: 1.220.000**



**HYUNDAI ACCENT**
Nýskr: 06/2005, 1600cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 53.000 þ.
**Verð: 1.290.000**



**HYUNDAI GETZ**
Nýskr: 10/2005, 1300cc
5 dyra, Beinskiptur, Hvítur, Ekinn 20.000 þ.
**Verð: 1.370.000**



**HYUNDAI MATRIX**
Nýskr: 05/2004, 1600cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrænn, Ekinn 66.000 þ.
**Verð: 1.280.000**



**MERCEDES C180**
Nýskr: 08/2000, 1800cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 112.000 þ.
**Verð: 1.250.000**

## 1.500.000- 3.000.000



**BMW 318I**
Nýskr: 11/2004, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Dökkblár, Ekinn 47.000 þ.
**Verð: 2.750.000**



**HYUNDAI SONATA**
Nýskr: 08/2006, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn, Ekinn 14.000 þ.
**Verð: 2.740.000**



**HYUNDAI STAREX**
Nýskr: 05/2000, 2500cc
5 dyra, Beinskiptur, Grár, Ekinn 64.000 þ.
**Verð: 2.890.000**



**HYUNDAI TERRACAN**
Nýskr: 11/2001, 2500cc
5 dyra, Beinskiptur, Grænn, Ekinn 106.000 þ.
**Verð: 1.790.000**



**HYUNDAI TRAJET**
Nýskr: 06/2006, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósbrúnn, Ekinn 30.000 þ.
**Verð: 2.160.000**



**HYUNDAI TUCSON**
Nýskr: 12/2005, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Blár / Svartur, Ekinn 33.000 þ.
**Verð: 2.590.000**

## 3.000.000- 4.500.000



**BMW 118I**
Nýskr: 08/2007, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 3.000 þ.
**Verð: 3.720.000**



**BMW 335XI**
Nýskr: 05/2007, 3000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 6.000 þ.
**Verð: 7.600.000**



**HONDA S2000**
Nýskr: 11/2006, 2000cc
2 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár, Ekinn 15.000 þ.
**Verð: 3.450.000**



**LAND ROVER FREELANDER**
Nýskr: 04/2007, 2200cc Disel
5 dyra, Sjálfskiptur, Blár, Ekinn 12.000 þ.
**Verð: 5.500.000**



**MITSUBISHI PAJERO**
Nýskr: 06/2006, 3200cc Disel
5 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur, Ekinn 49.000 þ.
**Verð: 4.100.000**



**TOYOTA LAND CRUISER**
Nýskr: 07/2006, 4000cc Bensín
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 23.000 þ.
**Verð: 6.150.000**

## ATVINNU BÍLAR



**CITROEN BERLINGO**
Nýskr: 12/2000, 1400cc
0 dyra, Beinskiptur, Grár, Ekinn 94.000 þ.
**Verð: 450.000**



**RENAULT KANGOO**
Nýskr: 10/2005, 1600cc
6 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur, Ekinn 46.000 þ.
**Verð: 1.520.000**



**RENAULT KANGOO**
Nýskr: 10/2005, 1400cc
6 dyra, Beinskiptur, Hvítur, Ekinn 43.000 þ.
**Verð: 1.310.000**



**RENAULT AT MASTER**
Nýskr: 07/2004, 0cc
5 dyra, Beinskiptur, Gulur, Ekinn 104.000 þ.
**Verð: 1.970.000**



**RENAULT AT MASTER**
Nýskr: 09/2007, 0cc
6 dyra, Beinskiptur, Hvítur, Ekinn 1.000 þ.
**Verð: 3.790.000**



**RENAULT AT TRAFIC**
Nýskr: 08/2005, 1900cc
6 dyra, Beinskiptur, Grár, Ekinn 98.000 þ.
**Verð: 2.250.000**

**Reykjavík, Grjótháls 1**
**575 1230**
**Selfoss, Hrísmíri 2a**
**575 1460**

**Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:**
Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 461 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074 - Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S: 456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S: 464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230

**bilaland.is**

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu fríon prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

## Baðstaðir

**Nýtt - Nýtt - Nýtt !**
**Japanska baðið og veitingastaðurinn Gullinský**
**Líkamsskrúbbun - pottur (frítt) - Power nudd - gómsætur matur. Verð kr. 5500. Detox = úthreinsun ofl.**
**Íslenskur matur og kökur á hlaðborði allan daginn. Heimatilbúið og bakað. Opið frá 10-18 alla virka daga.**
**Skúlagata 40 (gengið inn frá Barónsstíg) S. 823 8280.**

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 862 0283.

## Námskeið

Jóga & Velliðan á Reykholti www.icelandyoga.com S. 435 1260

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Til sölu 2 flugmiðar til Köben gilda frá 8. apríl - 15. maí. V. 44 þús. S. 551 2168 / 690 2168.

## Gisting

Gisting í fallegu umhverfi rétt utan Akureyrar. Ferðaþjónustan Öngulsstöðum s. 8631515, hrefna@ongulsstadir.is

## Hestamennska



Stallmúlar, gráir, bláir, grænir og brúnir kr. 695,- Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Rafknúið rúm 90x2m á 60 þús. TV með borði á hjólum á 10 þús. Skenkskápur með stórum spegli á 15 þús. Uppl. í s. 820 1939.

Til sölu vegna flutnings: svartur leðursófi og stóll. Skeinkur og 2 hillur, borðstofuborð með steinplötu frá Habitat. Svartur leðursófi, 2 kommóður, barnaskrifborð með hillum frá Ikea. Sjónvarpsborð úr eik. Uppþvottavél og Tvöfaldur ísskápur með klakavél. Selst á sanngjörnu verði.

Til sölu stækkanlegt eikar borðstofuborð og 6 stólar selst ódýrt. S. 483 4096.

Til sölu vegna flutnings: svartur leðursófi og stóll. Skeinkur og 2 hillur, borðstofuborð með steinplötu frá Habitat. Svartur leðursófi, 2 kommóður, barnaskrifborð með hillum frá Ikea. Sjónvarpsborð úr eik. Uppþvottavél og Tvöfaldur ísskápur með klakavél. Selst á sanngjörnu verði. S. 896 9786.

## Heimilistæki

Til sölu vel með farinn Blomberg excellent isskápur 160x55x60 burstað stál að framan og hliðum, með frystihólfi. Selst á góðu verði. S. 820 4496.

## Fatnaður

**Minkapelsar**
**Minkapels, yfirstærð og miðstærð. Hálfsíður minkur og hálfsíður blárefur, slá úr kasmírull, ullarkápur og jakkar. Verð frá 5000 þús. krónum og margt fl.**
**K.S. Díana, s. 551 8481.**

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Björk í síma 895 6035 eða á dyraland.is/linafina

## Ýmislegt



**- Beachcomber -**
**Kanadískir heitir pottar**
**30 ára afmælistilboð á heitum pottum. Eigum potta til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. 13 ára reynsla á Íslandi.**
**Opið alla daga frá 14 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Viltu leigja út eign?**
**Viltu leigja eign?**
**Leiga.is**
Löggild leigumiðlun
**sími 534-1024**

**Hús á Spáni**
Falleg, vel staðsett 3svefnherb. hús við Torrevieja til leigu. Ca.113 fm, sundlaug, solarium, stutt í þjónustu. Uppl. á saio@internet.is eða í s. 6903088

2ja herb. íbúð í Kóp. til leigu. Uppl. í síma 821 4744.

Til leigu 2 herbergja snyrtileg og björt íbúð við Reynimel (107). Leiga 120 þús á mán. Bankaábyrgð sem svarar 3 mánaða leigu. Aðeins reglusamir og skilvísir leigjendur koma til greina. Uppl. í s. 898 1188

Til leigu/sölu 120fm raðhús í Grafarvogi nálægt Egilshöll uppl í s. 820 7701.

Til leigu 2-herb íbúð við Leifsgötu leiga 95 þús á mán. uppl i síma 6962334

## Húsnæði óskast

1-2ja herb. íbúð óskast til leigu. Greiðslugeta 80-100 þ. á mán. S. 567 0923 & 865 6427.

2 herb. íbúð óskast til leigu. Reglusemi. S. 699 1102.

Young couple from polen want to rent a small flat/studio from 1/04 '08 in Reykjavik center 101-103-105-108. We do not smoke, no children. Price 70 þ. ísk. Tel. 659 5009.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir skrifstofurími með aðgangi að öryggisherb. Uppl. í s. 895 8798.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

ÍTR

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

b5
Bankastræti

Óskum eftir starfsfólki í sal og á bar, einnig vantar fólk í uppvask. Sveigjanlegur vinnutími og góð laun í boði. B5 tekur við umsóknum barþjóna, þjóna og uppvaskara á b5@b5.is.

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni.**
**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf. Dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsdags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**
**Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

Verð 5,204 með vsk




LOGEY EHF
Mikið úrval verkfæra
Sími 511 2055
Vesturvör 7 - Kópavogi
Opið frá 8 - 18
laugardaga frá 10 - 16
logey@logey.is
www.logey.is




Komdu út að leika!
Eigum á lager nýja og notaða sleða sem ólmir vilja komast út!




Lynx RAVE Xtrim 800 árg. 2007
TILBOÐ 1.190.000. kr




Ski-Doo SM MXZ 1000 árg. 2006
TILBOÐ 1.090.000. kr




Polaris RMK 900 árg. 2005
TILBOÐ 790.000. kr




Polaris IQ Turbo Switchback 750 árg. 2006
TILBOÐ 990.000. kr

Snjókorn falla og verðin líka
Það er heitt á könnunni

Ellingsen
– fullt hús ævintýra
Fiskislóð 1 - Sími 580 8500
www.ellingsen.is

Til afhendingar strax!
Mercedes-Benz



Sprinter 313/315/318
Millilangur, háþekja, 3 manna sendibíll.
130 hö, beinskiptur:
**Verð 3.420.000 kr. + vsk.**
150 hö, sjálfskiptur:
**Verð 4.390.000 kr. + vsk.**
184 hö, sjálfskiptur:
**Verð 4.550.000 kr. + vsk.**



Sprinter 318 James Cook
Millilangur, 4 manna, mjög vel útbúinn húsbíll með Westfalia innréttingu.
184 hö, sjálfskiptur:
**Verð 12.980.000 kr.**



Sprinter 315
Langur, háþekja, 7 manna sendibíll.
150 hö, beinskiptur:
**Verð 3.680.000 kr. + vsk.**



Sprinter 318
Langur, háþekja, 3 manna sendibíll
184 hö, sjálfskiptur:
**Verð 4.920.000 kr. + vsk.**



Sprinter 318 4x4 Iglhaut
Millilangur, lágþekja, hátt og lágt drif, driflásar, 5 manna sendibíll.
184 hö, sjálfskiptur:
**Verð 7.260.000 kr. + vsk.**

ASKJA
**ASKJA Atvinnubílar**
Skútahrauni 2a · 220 Hafnarfjörður
Sími 590 2100 · askja.is

*Verð miðast við gengi 97 kr./€

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Tækifæri í Landeyjum

**Stefán Helgi Valsson leiðsögumaður skrifar um ferðaþjónustu:**

Tilkoma Landeyjahafnar við Bakka árið 2010 skapar nýtt og langþráð tækifæri í ferðaþjónustu á svæðinu. Í fyrsta sinn verður hægt að bjóða ferðamönnum í stutta en áhugaverða útsýnissiglingu um Vestmannaeyjar frá fastalandinu með litlli fyrirhöfn.

Í skoðunarferð frá Landeyjahöfn um Vestmannaeyjar sjást Elliðaey, Bjarnarey, suðurhluti Heimaeyjar, Suðurey, Hellisey, Súlnasker og kóróna meistaraverksins sem er Surtsey. Þaðan er hægt að sigla aftur til Landeyja eða skjótast til Þrídranga með viðkomu á Heimaey þar sem gestum gæfist m.a. tækifæri til þess að lítast um í væntanlegri gestastofu Surtseyjar.

Lundi er í öllum eyjunum á sumrin og í Súlnaskeri er næststærsta súlubyggð landsins. Líklega tæki ferð eins og hér er lýst um 3-4 klukkustundir sem er einkar heppileg tímalengd sé tillit tekið til þarfa fólks í skipulögðum hópferðum á leið umhverfis landið.

### Nú fór illa hjá okkur Gunnsa

**Ægir Magnússon sérkennari skrifar um borgarmál:**

Það var einu sinni smiður sem hafði sér til aðstoðar handlaginn mann sem Gunnsi hét. Þegar vel tókst til við verk þeirra félaga var smiðurinn ánægður og hrósaði sjálfum sér í hástert. Ef ekki tókst nógu vel til og verk var illa unnið, sagði hann jafnan: „Ja, nú fór illa fyrir okkur Gunnsa.“ Þessa saga minnir mig á núverandi meirihluta borgarstjórnar. Ef mál er til umræðu sem meirihlutanum þykir gott, jákvætt og líklegt til vinsælda, er sagt að verkin tali, þetta sýni hvað nýi meirihlutinn sé nú flottur. Fari eitthvað miður, þá kveður við annan tón. Jú, auðvitað eru allir í borgarstjórn ábyrgir, minnihlutinn ekki síður. Klúðrið er sum sé öllum að kenna, en vel unnin verk eru á ábyrgð hins nýja meirihluta. Fleiri ættu kannski að taka þetta upp. Allt gott er mér/okkur að þakka, en á klúðrinu berum við sameiginlega ábyrgð!

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


Ef þú veist ekki svarið getur þú opnað hringt í eða farið á

ÍSLENSKA/SIA.IS JAA 41462 03/08

já er svarið

118 ja.is Símaskráin



styrkur ~ jafnvægi ~ vellíðan
















ashtanga vinyasa jóga ~ byrjenda og framhaldstímar
endurnærandi jóga
meðgöngujóga
vinyasa jóga ~ byrjenda og framhaldstímar
yoga nidra ~ djúpslökun
hatha jóga ~ mjúkir og rólegir
blessStress

yoga shala

www.yogashala.is
Engjateig 5, 2.hæð
sími 5530203

stundaskrá yoga shala

| mánudagur | þriðjudagur | miðvikudagur | fimmtudagur | föstudagur | laugardagur |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 9:30-10:45 ashtanga 1 |
| | 10:00-10:55 endurnærandi jóga | | 10:00-10:55 endurnærandi jóga | | 11:00-12:30 vinyasa 2 |
| 12:00-12:50 hathajóga | 12:00-12:50 vinyasa 1 | 12:00-12:50 hathajóga | 12:00-12:40 yoga nidra | 12:00-12:50 hathajóga | |
| | 16.15-17:10 Vinyasa 1 | | 16.15-17:10 Vinyasa 1 | | |
| 16:30-18:30 mysore | | 16:30-18:30 mysore | | | |
| 17:15-18:30 mysore byrjendur | 17:15-18:25 asthanga 1 | 17:15-18:30 mysore byrjendur | 17:15-18:25 asthanga 1 | 17.00 - 18:15 vinyasa 1 | |
| 18:30-19:45 byrjenda asthanga | 18:30-20:00 asthanga 2 | 18:30-19:45 byrjenda asthanga | 18:30-20:00 vinyasa 2 | 18:30-19:45 byrjenda asthanga | |
| 20.00-21:15 blessStress | 20:15-21:15 vinyasa byrjendur | 20:00-21:00 endurnærandi jóga | 20:15-21:15 Vinyasa byrjendur | | |

yoga shala

www.yogashala.is
Engjateig 5, 2.hæð
sími 5530203



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Ingibjörg Gísladóttir**

Árskógum 6, lést 12. mars síðastliðinn.

Jarðað verður frá Fríkirkjunni í Reykjavík í dag, þriðjudaginn 18. mars kl. 13.00.

**Hrefna E. Leifsdóttir** **Þorsteinn Árnason**
**Heiða K. Leifsdóttir**
**Auður Leifsdóttir** **Guðmundur Gunnlaugsson**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*„Að allir séu þeir eitt, eins og þú, faðir, ert í mér og ég í þér" (Jóh. 17,21)*
*Ástkæra*

**Chiara Lubich**

lést í Rocca di Papa, föstudaginn 14. mars.
Hún verður jarðsungin í dag, þriðjudaginn 18. mars í Róm. Til að minnast Chiöru og fylgjast með beinni útsendingu jarðarfarar hennar komum við saman í safnaðarheimili Maríukirkju, Raufarseli 8, kl. 13.45 sama dag. Allir hjartanlega velkomnir!

**Lífið hennar endurspeglaði orð Guðs**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Vigdís Ingibergsdóttir**

til heimilis að Njálsgötu 86, 101 Reykjavík,

lést laugardaginn 15. mars á Landspítalanum, Fossvogi. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Katrín Karlsdóttir** **Sigurbjörn Víðir Eggertsson**
**Kristján E. Karlsson** **Lilja Ívarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, og langamma*

**Edith Helena Sigurðsson**

Eiðsvallagötu 26, Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Seli þriðjudaginn 11. mars. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 25. mars kl. 13.30.

**Magnea Steingrímsdóttir** **Baldvin Valdemarsson**
**Ingibjörn Steingrímsson** **Anna Sólveig Sigurjónsdóttir**
**Sveinn Steingrímsson** **Inga Heimisdóttir**
**Mónika Steingrímsdóttir** **Jón Ingi Jónsson**
**Magnús Steingrímsson** **Elsa Lára Arnardóttir**
**Edvin Steingrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur maður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Peter Jones**

Vaðlatúni 6, Akureyri,

sem lést þriðjudaginn 11. mars, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju í dag, þriðjudaginn 18. mars kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja heiðra minningu hans er bent á Hjartavernd.

**Ingibjörg M. Gunnarsdóttir**
**Þóra Þorleifsdóttir** **Helgi Nielsson**
**Kári Þorleifsson**
**Helgi Jones** **Nanna Dröfn Björnsdóttir**
**og afabörnin.**

**NEVILLE CHAMBERLAIN, FYRRUM FORSÆTISRÁÐHERRA BRETLANDS, FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1869.**

*„Enginn sigrar í stríði. Þó svo að annar aðilinn lýsi yfir sigri þá hafa báðir tapað."*

***Íhaldsmaðurinn Neville Chamberlain var forsætisráðherra Bretlands á árunum 1937 til 1940.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. MARS 2003

## *Seðlabanki Íraks rændur*

Þennan dag árið 2003 var um einum milljarði dollara stolið úr Seðlabanka Íraks. Það var gert aðeins nokkrum klukkustundum áður en Bandaríkjamenn gerðu innrás inn í landið.



Utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna rannsakaði málið og sagði að Saddam Hussein, fyrrverandi Íraksleiðtogi, og fjölskylda hans hefðu rænt peningunum.

Bandarísk yfirvöld lýstu því yfir að um „stærsta bankarán sögunnar" væri að ræða.

Samkvæmt vitnum komu þrír eða fjórir flutningabílar að seðlabankanum. Bílarnir voru fylltir af peningum og síðan ekið á brott. Gríðarlegt magn peninga fannst þegar Bandaríkjamenn réðust inn í Írak en ekki er víst hvort þeir voru allir seðlabankanum.

Samkvæmt þeim sem fóru með rannsókn málsins er talið að nánir samstarfsmenn Saddams hafi átt aðild að ráninu.

Þess ber þó að geta að niðurstaða hefur ekki fengist í rannsókn Bandaríkjamanna og ekki er víst að um hlutlausa rannsókn hafi verið að ræða.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ástríður Ólafsdóttir**

áður til heimilis að Fornhaga 15, Reykjavík,

lést aðfaranótt föstudagsins 14. mars. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 19. mars kl.15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Gísli Þorsteinsson** **Hjördís Henrysdóttir**
**Þorsteinn Þorsteinsson** **Guðrún Þóra Halldórsdóttir**
**Ágústa Áróra Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur sonur okkar, bróðir og barnabarn,*

**Jakob Örn Sigurðarson**

Dynsölum 10, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju miðvikudaginn 19. mars kl. 13.00.

**Herdís Þorláksdóttir** **Sigurður M. Jónsson**
**Rafnar Örn Sigurðarson**
**Sigríður Guðmundsdóttir** **Þorlákur Jóhannsson**
**Eyrún Hafsteinsdóttir** **Jón Sigurðsson**
**og aðrir aðstandendur.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra vina, ættingja og annarra sem sýndu okkur hlýhug, samúð og heiðruðu minningu föður okkar, tengdaföður, afa og langafa*

**Árna Helgasonar**

fyrrverandi stöðvarstjóra Pósts og síma Stykkishólmi.

**Gunnlaugur A. Árnason** **Sigrún Valtýsdóttir**
**Halldór Árnason** **Anna Björg Eyjólfsdóttir**
**Helgi Árnason** **Aðalbjörg Jónasdóttir**
**Vilborg Anna Árnadóttir** **Jón Trausti Jónsson**
**afa- og langafabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Kvaran**

Sóleyjargötu 9, Reykjavík,

lést laugardaginn 15. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

**Guðrún Kvaran** **Jakob Yngvason**
**Vilhjálmur B. Kvaran** **Helga Pála Elíasdóttir**
**Einar B. Kvaran**
**Böðvar B. Kvaran** **Ásta Árnadóttir**
**Hjörleifur B. Kvaran** **Anna Kristín Ólafsdóttir**
**Gísli B. Kvaran** **Anna Alfreðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**NÝRÁÐIN LEIKHÚSSTJÓRI** María Sigurðardóttir segir að leikhúsið sé orðinn mikill hluti af bæjarlífi Akureyringa og eiga margir unglingar árskort í leikhús.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

**MARÍA SIGURÐARDÓTTIR:** TEKIN VIÐ Í SAM

# Ungmenni fara

María Sigurðardóttir er nýtekin við góðu búi Leikfélags Akureyrar.

Hún er þessa dagana að setja sig inn í starfið við hlið Magnúsar Geirs Þórðarsonar, fráfarandi leikhússtjóra, sem mun taka við taumunum í Borgarleikhúsinu.

Umsvif Leikfélags Akureyrar, sem hefur aðsetur í gamla Samkomuhúsinu að Barðsnefi og í Rýminu, hafa aukist gríðarlega á síðustu árum.

„Áhorfendafjöldinn var um fimm til átta þúsund þegar Magnús tók við fyrir fjórum árum en fer líklega í 40.000 á þessu leikári," segir María og heldur áfram: „Ég sé því ekki ástæðu til að bylta neinu."

María, sem hefur starfað sem leikkona og leikstjóri og unnið bæði í leikhúsum og við kvikmyndagerð, er sem stendur að velja verkefni og listamenn næsta leikárs. Hún getur þó lítið gefið upp um hvað verður enn sem komið er. „Í stórum dráttum mun ég reyna að þjóna ungum sem öldnum og bjóða bæði upp á gaman og alvöru en mig langar einnig að prófa mig áfram með einhverjar nýjungar."

Í rökstuðningi stjórnar Leikfélags Akureyrar fyrir ráðningu Maríu kom fram að hún hefði lagt fram trúverðugar hugmyndir um áframhaldandi þróun leikhússins.

„Leikfélagið mun áfram vera í samvinnu við önnur leikhús og skiptast á sýningum eins og verið hefur. En mig langar líka að prófa nýja hluti eins og að fara með sýningar út úr húsinu og út í bæ. Þá tel ég mikilvægt að huga að samvinnu



*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi*

**Sigurður Pálsson**

fyrrverandi sveitarstjóri, Laufskógum 31, Hveragerði,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 14. mars síðastliðinn. Útför auglýst síðar.

**Sigrún Sigfúsdóttir**
**Ingvar Sigurðsson**
**Sævar Sigurðsson** **Fay Castle**
**Sigmar Sigurðsson** **Jónína Dagmar Ásgeirsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

## MERKISATBURÐIR

**1760** Landlæknisembætti stofnað á Íslandi og varð Bjarni Pálsson fyrsti landlæknir.

**1871** Kvennaskóli var stofnaður og tók til starfa 1874 eftir ávarp frá bæði körlum og kvenna til Íslendinga.

**1967** Risaolíuskipið Torrey Canion strandaði fyrir utan Wales. Um 120 þúsund tonn af olíu fóru í hafið og ollu gífurlegum skaða.

**1971** Hæstiréttur Danmerkur kvað upp úrskurð sem ruddi úr vegi síðustu hindruninni fyrir því að Íslendingar gætu fengið handritin, sem höfðu verið geymd í Árnasafni í Kaupmannahöfn, afhent.

**2004** Lið Menntaskólans í Reykjavík tapaði í Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, í fyrsta skipti síðan 1992.

**NAFNIÐ MITT:** INGVELDUR ÝR JÓNSDÓTTIR SÖNGKONA

# *Margir héldu að Ingveldur væri strákanafn*

„Ég heiti í höfuðið á móðursystur minni sem var skírð í höfuðið á ömmu sinni. Þaðan kemur Ingveldarnafnið en pabbi minn valdi Ýrarnafnið og það var út í loftið," segir Ingveldur Ýr Jónsdóttir söngkona. Þegar Ingveldur var yngri var hún ekkert allt of ánægð með nafnið sitt enda þótti það svolítið skrítið. „Mér var strítt mikið á nafninu þegar ég var krakki. Ég bjó einn vetur á Húsavík og þar var ég uppnefnd Ingveldur Ýr gráfeldur kýr. Ingveldur var sjaldgæft nafn þá og margir héldu að þetta væri strákanafn, svona svipað og Ingólfur," útskýrir Ingveldur, sem hefur alla tíð verið kölluð Inga. Hún segir að gælunafnið komi sér sérstaklega vel erlendis þar sem Ingveldur sé hálfgerður tungubrjótur. „Það geta allir sagt Inga en Ingveldur gengur misvel," segir hún.

Með árunum hefur Ingveldur lært að meta nafnið sitt og í dag er hún hæstánægð með það. „Þetta er sterkt nafn enda skilst mér að Ingveldur þýði göfug valkyrja og Ýr merkir spjót. Ég er sem sagt göfug valkyrja með spjót. Það er orðið algengara að fólk heiti alls kyns óvenjulegum nöfnum og nú til dags þykir fæstum nafnið mitt skrítið," segir Ingveldur en samkvæmt þjóðskrá heita 215 konur Ingveldur og 985 bera nafnið Ýr.



Ingveldur er ánægð með nafnið sitt í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



KOMUHÚSINU Á AKUREYRI

# í leikhús

við erlend leikhús svo eitthvað sé nefnt."

María segist einnig ganga með þann draum í maganum að gera norðlenskum skáldkonum fyrr og síðar hærra undir höfði. „Ég gæti hugsað mér dagskrá byggða á verkum kvenna en mikið er til af leikritum, sögum og ljóðum eftir kjarnorkukonur héðan," nefnir María.

Þá verður boðið upp á bæði íslensk og erlend verk en viðræður eru í gangi um skrif á að minnsta kosti tveimur íslenskum verkum fyrir leikfélagið.

María segir það leggjast afskaplega vel í sig að taka við leikhúsi í jafn miklum blóma.

„Leikhúsið er orðinn ofsalega mikill hluti af bæjarlífinu og eiga unglingarnir til dæmis margir árskort, sem ég held að sé frekar sérstakt. Ég hlýt því að skoða það sérstaklega vel hvað sé hægt að gera fyrir unga fólkið enda um framtíðaráhorfendur leikhússins að ræða," segir María. vera@frettabladid.is

## AFMÆLISBÖRN



**Kolbrún Björgólfsdóttir** (Kogga) listakona er 56 ára í dag.



**Einar Bárðarson** athafnamaður er 36 ára í dag.



**Heimir Karlsson** dagskrárgerðarmaður er 47 ára í dag.





NOKIA 5610 – 3G
Léttkaupsútborgun aðeins:
4.900 kr.
2.500 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 34.900 kr.
Tónlist, myndsímtal og háhraðanettenging.

Frábært fermingartilboð

NOKIA 5610 – skemmtilegur 3G sími með háhraða Internettengingu, góðri myndavél og mp3 spilara. Í honum er mögulegt að fara á Facebook, Myspace eða MSN.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn



Sími



Netið



Sjónvarp







# Forsíðuleikur á visir.is færir þér lukku

Gerðu visir.is að upphafssíðu og taktu þátt í vinningsleik, fjöldi frábærra vinninga – utanlandsferðir, dvd-myndir, áskrift að Stöð 2, bíómiðar o.fl.

**Þú hlustar á Í bítið þegar þér hentar á visir.is.** Í bítið á Bylgjunni kemur landsmönnum af stað inn í daginn með lifandi frétta- og dægurmálaumræðu sem skiptir okkur máli. Heimir Karlsson og Kolbrún Björnsdóttir taka fyrir málefni líðandi stundar ásamt Gissuri Sigurðssyni sem stendur fréttavaktina. Fréttir, íþróttir, og þjóðfélagsumræða á mannamáli alla virka daga frá 6.50 til 9.00 á Bylgjunni.




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Merkilega líkir skipskaðar

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** SÉR NÝTT TITANIC-SLYS



Titanic var skipið sem ekki gat sokkið, skipið sem ekkert átti að geta grandað, hvorki mannlegur máttur né náttúran. Flikkið var meistaraverk mannanna sem ferja átti bæði almúgann og óðalsstéttirnar yfir heimsins höf á áður óþekktum hraða. Heimsbyggðin skyldi standa á öndinni þegar ferlíkið rynni í hlað. Skipstjórinn stóð stoltur í brúnni og skipaði mönnum að keyra á fullum krafti. Í kolaklefanum voru sótsvartir útlendingar með skóflur á lofti og mokuðu eldsneytinu í ógnarstóra katla. Skipið hófst nánast á loft, slíkur var krafturinn. Allir stóðu á öndinni yfir þessu nýja afli heimsins, Titanic.

Á efsta þilfari sátu fyrirmennin, prúðbúin með íste og steikur, dúnmjúk rúm í káetum og einkaþjóna á hverju strái. Á hljómsveitarpallinum stóðu stórstjörnur og sungu slagarana sína þannig að eftir humarátið og nautakjötið var jafnvel hægt að stíga nokkur skref og nota glingrið til að slá taktinn.

Fyrir neðan lá múgurinn í kojunum sínum, þakkaði góðum Guð fyrir súpuna og brauðið, hélt stórhátíð þegar afgangarnir duttu af borðum auðvaldsins. Ekki kom til greina að vera með uppsteyt enda var það fólkinu á efsta þilfari að þakka að svona fley leit dagsins ljós. Og þau þökkuðu góðum Guð fyrir að fá að fljóta með.

För Titanics reyndist hins vegar bæði stutt og sorgleg. Sigldi á ísklump sem lá fyrir allra augum og dólaði sér hálfur upp úr hafinu. Og skipið sökk á ógnarhraða, hvarf ofan í djúpin með mýs og mönnum. Kuldinn yfirbugaði þá sem lágu hálfdauðir á flekum og þegar nóttin hafði tekið öll völd var hafflöturinn alsettur af líkum almúgans. Óðalsbóndarnir og fyrirmennin sátu hins vegar í sínum mestu makindum í árabátunum og biðu eftir því að geta byggt nýtt skip sem væri aðeins sterkara en það gamla en gæti þó siglt á meiri ferð.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Komdu við á Shell og freistaðu gæfunnar

# SKAFÐU

## Taktu þátt í páskaleik á næstu bensínstöð Shell

Þú gætir unnið utanlandsferð

Iceland Express | Coca-Cola | Prince Polo | Nói Síríus



Er heppnin með þér? Taktu þátt í léttum og skemmtilegum páskaleik Shell. Þú bara skefur og gætir unnið!

Allir sem kaupa 25 lítra eða meira af eldsneyti hjá Shell á tímabilinu 18. - 25. mars fá skafmiða í kaupbæti. Í vinning eru níu utanlandsferðir með Iceland Express, 30 strumpaegg nr. 5 frá Nóa Síríus, auk fjölda minni vinninga sem afhentir eru á staðnum.

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.
KORTER.IS

**Kl. 20**

!

*Þær Dagný Þórunn Jónsdóttir sópran, Rósalind Gísladóttir messósópran og Krisztina Kalló Szklená orgelleikari flytja Stabat Mater eftir Giovanni Battista Pergolesi í Árbæjarkirkju í kvöld kl. 20. Þetta gullfallega verk var það síðasta sem Pergolesi samdi áður en hann lést aðeins 26 ára gamall. Fyrir tónleikana mun sr. Sigrún Óskarsdóttir fjalla um innihald verksins.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Fyrsti einstaklingurinn?*

Þjóðminjasafnið heldur áfram að bjóða gestum sínum upp á fróðleik í hádeginu annan hvern þriðjudag með fyrirlestraröðinni skemmtilegu Ausið úr viskubrunnum. Sérfræðingar bæði innan safns og utan taka þá fyrir afmarkaða hluta grunnsýningar og sérsýninga og veita safngestum nýja innsýn í sögu lands og þjóðar.

Í hádeginu í dag, eða kl. 12.05 nánar tiltekið, mun íslenskufræðingurinn Ármann Jakobsson fjalla um málverk af Guðbrandi Þorlákssyni biskupi með hliðsjón af mannsskilningi endurreisnartímans.



**GUÐBRANDUR ÞORLÁKSSON** Lét mála af sér margar myndir.

Þekktir einstaklingar úr sögu landsins á borð við Ingólf Arnarson, Gunnar á Hlíðarenda, Guðrúnu Ósvífursdóttur, Ara fróða, Snorra Sturluson, Ólöfu ríku og Jón Arason eiga það sameiginlegt að ekki eru til neinar samtímamyndir af þeim og því engin leið að vita með vissu hvernig þau litu út. En í upphafi 17. aldar bætist við Íslandssöguna einstaklingur sem margar andlitsmyndir eru til af. Guðbrandur Þorláksson, biskup og biblíuþýðandi, lét mála af sér margar myndir í ellinni, næstum á hverju ári.

Gaman er að velta fyrir sér hverju það sætir og hvort það tengist nýjum mannsskilningi endurreisnartímans.

Frásögn Ármanns hlýtur að höfða til allra þeirra sem nokkurn áhuga hafa á sögu landsins, en gæti jafnframt vakið áhuga þeirra sem velta fyrir sér ímyndariðnaði nútímans, enda skipta myndir af einstaklingum miklu máli í því samhengi. - vþ

### > Ekki missa af …

Sýningu á ljós- og stuttmyndum nemenda í undirbúningsdeild Myndlistar- og hönnunarsviðs Myndlistarskólans í Reykjavík og þrívíðum verkum nemenda úr mótunardeild skólans. Sýningin er haldin í Gallerí Tukt, Pósthússtræti 3-5, og stendur til 29. mars. Galleríið er opið virka daga á milli kl. 9 og 18.

# Malað um miðla

Reykjavíkurakademían og vefsíðan Kistan.is standa í dag fyrir málþingi um netmiðla undir yfirskriftinni Fjölmiðlar og fámiðlar.

Sjónvarp og útvarp hafa tekið að renna saman í netmiðlaða gagnagrunna sem ná til áheyrenda, áhorfenda og lesenda með fjölbreyttari og einstaklingsbundnari hætti en gömlu fjölmiðlarnir hafa hingað til gert. Á málþinginu verður leitast við að svara spurningum sem lúta að þeim breytingum sem hafa átt sér stað í landslagi fjölmiðlunar síðan stafrænir miðlar komust í almenna notkun. Hvernig er „vistkerfi miðlanna“ að breytast á Íslandi og hvar eru nýjungarnar á íslenskum fjölmiðlamarkaði? Hvaða starfsemi er áhættusöm og hvar liggja tækifærin fyrir rótgrónar stofnanir eins og RÚV, Morgunblaðið og bókaútgáfurnar, jafnt sem nýrri miðla? Framsöguerindi heldur menningarfræðingurinn Gauti Sigþórsson, en hann hefur sérstaklega kannað nýjustu þróun í heimi fjölmiðla í tengslum við störf sín á Bretlandi.

Elín Hirst, fréttastjóri RÚV - sjónvarps og Pétur Gunnarsson, ritstjóri Eyjunnar.is, taka þátt í pallborðsumræðum að loknu erindi Gauta, en Þröstur Helgason, ritstjóri Lesbókar Morgunblaðsins, stýrir umræðum.

Málþingið fer fram í húsnæði Reykjavíkurakademíunnar á Hringbraut 121 og hefst kl. 16.30. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn. - vþ



**ELÍN HIRST** Tekur þátt í pallborðsumræðum á málþingi um fjölmiðla í dag.

# Hjörtu safnarans og ferðalangsins slá saman

**Tvær áhugaverðar sýningar voru opnaðar í menningarmiðstöðinni Gerðubergi í byrjun mánaðarins og er vel þess virði að vekja athygli á þeim. Annars vegar er um að ræða sýningu á hljóðfærum úr eigu nokkurra hljóðfærasafnara og hins vegar er á ferðinni sýning á vatnslitamyndum alþýðulistakonunnar Maríu Loftsdóttur.**



**FERÐALAG UM HEIMINN** Ein af myndum Maríu Loftsdóttur.

Hljóðfærasýningin býður tónlistaráhugafólki upp á að berja augum margvísleg tæki og tól sem ýmist eru notuð til að framkalla tónlist eða tengjast þeirri listgrein á einn eða annan hátt. Fjölbreyttir og áhugaverðir sýningargripir og tóndæmi færa gesti inn í margslunginn og ævintýralegan heim tónlistarinnar. Hljóðfærin á sýningunni endurspegla bæði ástríðu nokkurra hljóðfærasafnara og einnig þá þróun sem orðið hefur í hljóðfæragerð í gegnum aldirnar. Þannig má sjá í Gerðubergi allt frá frumstæðum ásláttarhljóðfærum til elektrónískra stílófóna. Sýningarstjórnina annast myndlistarmennirnir Anik Todd og Una Stígsdóttir, sem leitast við að skapa sérstaka og óvenjulega upplifun með fjölbreyttum hljóðfærum, listrænni umgjörð og tóndæmum. Þeir safnarar sem eiga hljóðfæri á sýningunni eru Sigurlaug Gísladóttir, Sönke Holtz og hljómsveitin Hey Calypsó!, Magnús Birkir Skarphéðinsson, Viðar H. Gíslason, Gunnar Örn Tynes, Pétur H. Jónsson, Joel Thurman, Eymundur Matthíasson, Úlfur Eldjárn og Sighvatur Ómar Kristinsson. Sýningin stendur til 7. september.

Nokkur annar tónn er sleginn á sýningu á verkum Maríu Loftsdóttur alþýðulistakonu. María hefur málað vatnslitamyndir á ferðalögum sínum um heiminn, en í verkunum á sýningunni fangar hún stemningu og andrúmsloft á ólíkum stöðum. Myndirnar sem sjá má í Gerðubergi voru málaðar á ferðum Maríu um Argentínu, Bólivíu, Brasilíu, Ísland, Japan, Perú og Skotland.

María starfar sem sjúkraliði en hefur lengi haft mikinn áhuga á bæði myndlist og ferðalögum. Hún ferðast jafnt innanlands sem utan og veigrar sér ekki við að ferðast heimshorna á milli upp á eigin spýtur. Hún hefur jafnan liti og pensla með í farangri sínum og kýs að fanga anda hvers viðkomustaðar í óhlutbundnum myndum fremur en að fanga umhverfið í hefðbundnum landslagsmyndum. Sýning Maríu stendur til 20. apríl.

Það eru því spennandi stemningar framandi landa og liðinna tíma sem bíða þeirra sem vilja sækja Gerðuberg heim.

vigdis@frettabladid.is






# Hugmyndafræði sýningar

Hjörleifur Stefánsson arkitekt flytur fyrirlestur í Aðalstræti 16 í dag kl. 17 þar sem hann fjallar um hugmyndirnar að baki Landnámssýningunni Reykjavík 871±2, en Hjörleifur var verkefnisstjóri við sköpun og uppsetningu hennar. Þungamiðja sýningarinnar er vel varðveitt rúst af skála frá 10. öld sem fannst við fornleifauppgröft í Aðalstræti 16 árið 2001. Ákveðið var að forverja rústina, varðveita hana innan dyra og gera umhverfis hana sýningu um lífið á landnámsöld. Við sýningargerðina var stuðst við niðurstöður fræðimanna í fornleifafræði, sagnfræði og líffræði en til þess að miðla fróðleiknum er notuð nýjasta margmiðlunartækni sem vekur fortíðina til lífsins. Sýningin hefur hlotið einróma lof gesta, íslensku safnaverðlaunin 2006 og NODEM verðlaunin sama ár, sem veitt eru fyrir bestu stafrænu miðlun í söfnum.

Í fyrirlestri sínum mun Hjörleifur meðal annars ræða um þá hugmyndafræði og þær aðferðir sem beitt var við sýningargerðina til að skapa kitlandi frásögn um fortíðina úr jarðfundnum fornleifum. - vþ



**HUGMYND UM SKÁLA** Hér má sjá tilgátu um hvernig skálinn í Aðalstræti kann að hafa litið út.



H:N markaðssamskipti / SÍA



# Pistasíulamb
## í hungangssinnepshjúpi

**Fyrir 6 manns**

- 1 stk lambalæri
- 6 bökunarkartöflur
- 3 stk steinseljurætur
- 6 gulrætur
- 100 g pistasíuhnetur
- 100 g hunang
- 100 g grófkorna sinnep
- 2,5 dl rjómi
- 30 g þurrkaðir villisveppir
- 8 flúðasveppir
- 1 Skarlottlaukur
- 2 hvítlauksgeirar
- ½ búnt steinselja
- 1 flaska rauðbeðusafi
- 2 glös rauðvín
- 1 stk kanilstöng
- lambakraftur
- ferskt íslenskt tímían og rósmarín

Gulrætur og steinseljurætur skrældar og skornar gróft niður. Því næst eru þær forsoðnar í u.þ.b. 4-5 mín. Setjið þær síðan í eldfast mót og leggið til hliðar. Skerið lykilbeinið í lærinu frá við hækilinn. Hrærið saman gróft sinnep og hunang, smyrjið yfir lambalærið ásamt salti og pipar. Gætið þess að nota bara helminginn af hunangsblöndunni í fyrsta skiptið. Leggið lambalærið ofan á grænmetið í eldfasta mótinu og steikið í ofni við 160° (miðað við 45 mín. á kíló). Hafið lok á mótinu síðasta korterið. Takið lokið af og smyrjið afganginum af hunangsblöndunni yfir lambið og stráið síðan söxuðum pistasíunum yfir. Hækkið þá ofninn í 175°. Skrælið kartöflurnar, brytjið þær niður og sjóðið í 3-5 mín. Leggið villisveppina í bleyti í vatn. Skrælið laukinn og hvítlaukinn og látið krauma á pönnu. Skerið flúðasveppina og bætið á pönnuna, því næst kartöflunum og villisveppunum. Hellið svo rjómanum út á og setjið allt í eldfast mót. Bakið þetta í ofni í 30 - 45 mín. um leið og lambið.

### Sósa

Sjóðið rauðbeðusafann og rauðvínið niður um 2/3. Bætið vatni og lambakrafti út í. Þegar lambið er fulleldað er öllum safanum úr steikarmótinu, hellt saman við sósuna og beðið eftir suðu.

Lambakjöt

## Friðgeir Ingi
Yfirkokkur á Hótel Holti

## AFHJÚPAR HEIMATROMPIÐ

LAMBAKJÖT.IS

> **VISSIR ÞÚ?**

… að **Cris Judd**, fyrrverandi eiginmaður leik- og söngkonunnar **Jennifer Lopez**, og fyrrverandi kærasti hennar, **Ben Affleck**, eiga sama afmælisdag, 15. ágúst? Affleck er aftur á móti þremur árum yngri en Judd, eða á 36. aldursári.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Selmuskelmirinn sigraði í Svíþjóð

Svíar hafa álíka mikinn áhuga á Eurovision og við. Þeir voru síðastir Evrópuþjóða til að velja lagið sitt, gerðu það á laugardagskvöldið í hinum vinsæla Melodifestivalen-þætti. Varla var sála á ferli um gjörvalla Svíþjóð meðan á útsendingu stóð. Í upphafi bárust 3.500 lög í keppnina, 32 komust að í fjórum undanþáttum og tíu lög kepptu í lokaþættinum. Það var söngkonan Charlotte Perrelli sem stóð uppi sem sigurvegari á endanum með hressa diskópopplaginu „Hero“. Þetta er sama ljóskan og kom í veg fyrir íslenskan sigur árið 1999 þegar hún komst upp fyrir Selmu á lokametrunum og sigraði það árið með laginu „Take Me to Your Heaven“.

Þetta var síður en svo auðveldur sigur hjá Charlotte. Söngkonan Sanna Nielsen veitti henni harða samkeppni og sigraði í símakosningu almennings. Svíar hafa þann háttinn á að sérstök dómnefnd ræður til hálfs á við símaatkvæði almúgans. Dómnefndin var á öðru máli en almenningur og þannig sigraði Charlotte á endanum.

Nú eru öll lögin í Eurovisionkeppninni í ár, samtals 43 lög, komin fram. Svíar verða á sama undanúrslitakvöldinu og við, en það er spurning hvort Íslendingar fari að verðlauna söngkonuna sem eyðilagði vonir okkar fyrir níu árum.



**SYNGUR FYRIR SVÍA** Charlotte Perrelli vann naumlega.

EUROVISION **67 DAGAR TIL STEFNU**



**HALLE BERRY** Leikkonan Halle Berry hefur eignast sitt fyrsta barn.

# Berry móðir í fyrsta sinn

Halle Berry eignaðist heilbrigða dóttur á sunnudag og er hún fyrsta barn leikkonunnar. Faðirinn er fyrirsætan Gabriel Aubry, sem er 32 ára og níu árum yngri en Berry. Þau hittust við tökur á auglýsingu fyrir Versace í Los Angeles fyrir tveimur árum.

Í viðtali við Opruh Winfrey sagði Berry að hlutverk sitt sem móðir í kvikmyndinni Things We Lost in the Fire hefði sannfært hana um að hún gæti orðið góð móðir. Berry vann Óskarinn árið 2001 fyrir frammistöðu sína í Monster´s Ball. Einnig vann hún Emmy- og Golden Globe-verðlaunin árið 1999 fyrir hlutverk sitt í Introducing Dorothy Dandridge.

# Karl Bretaprins kallaður til vitnis

**Breskir fjölmiðlar greindu frá því um helgina að Karli Bretaprins og Filippusi, eiginmanni Elísabetar drottningar, yrði gert að bera vitni í máli hins hálfíslenska krúnukúgara Ian Strachan. Lögmaður krúnukúgarans heldur því fram að hann muni kalla meðlimi konungsfjölskyldunnar fyrir réttinn.**







**KONUNGSFJÖLSKYLDAN KÖLLUÐ TIL**

Lögmaðurinn **Giovanni Di Stefano** lýsti því yfir við breska fjölmiðla að hann myndi beita öllum brögðum til að fá skjólstæðing sinn, hinn hálf-íslenska **Ian Strachan**, lausan. **Karl Bretaprins** og **Filippus, hertoginn af Edinborg**, gætu verið meðal vitna í málinu.

Ian Strachan var handtekinn síðasta sumar ásamt meintum vitorðsmanni sínum, Sean McQuigan, grunaður um að hafa ætlað að kúga fé út úr meðlimi bresku konungsfjölskyldunnar. Var Ian sagður hafa undir höndum myndband sem sýndi umræddan aðila nota eiturlyfið kókaín og ræða frjálslega um kynhneigðir sínar. Breskir fjölmiðlar mega ekki greina frá því hver umræddur maður er en samkvæmt bandarískum sjónvarpsstöðvum og vefsíðum er um að ræða David Lynley, stjórnarformann uppboðsfyrirtækisins Christie‘s.

Lynley hefur hingað til haldið því fram að hann hafi aldrei hitt Ian og vitorðsmann hans. Strachan hefur á hinn bóginn sagt við skýrslutöku hjá breskum yfirvöldum að þeir hafi átt nokkra fundi og að bæði Karl og Filippus geti staðfest þá frásögn hans. Strachan og McQuigan neita sök í málinu en þeir hafa setið í varðhaldi síðan þeir voru handteknir. Vefsíða breska blaðsins Telegraph greindi frá því að þeir feðgar yrðu krafðir um vitnisburð en vefsíða Daily Mail hafði eftir talsmanni Karls að slík bón hefði ekki borist skrifstofu hans. Talsmaður Filippusar neitaði hins vegar að tjá sig um málið í samtali við blaðið. Samkvæmt báðum blöðum hefur Elísabet drottning lýst yfir stuðningi við Lynley og lofað að leggja sitt á vogarskálarnar til að létta Lynley lífið.

Giovanni Di Stefano, hinn litríki lögfræðingur Ian Strachan, lýsti því yfir við Daily Mail að hann hefði þegar farið fram á að málinu yrði vísað frá. Ef ekki yrði orðið við ósk hans myndi hann beita öllum brögðum til að fá skjólstæðing sinn sýknaðan. „Þeir Filippus og Karl gætu því lent á mínum vitnalista,“ sagði Di Stefano við blaðið. Ákæruvaldið hefur farið fram á að réttarhöldin verði lokuð en talið er að yfir 26 hljóðupptökur og 24 myndbönd verði sýnd meðan á þeim stendur. Ef Strachan og McQuigan verða fundnir sekir um tilraun til kúgunar verður það sögulegt enda eru liðin hundrað ár síðan að einhver reyndi að kúga fé út úr meðlimi konungsfjölskyldunnar.






# *Fær fjóra milljarða*

Sir Paul McCartney var í gær gert að greiða Heather Mills rúmar 24 milljónir punda, eða fjóra milljarða íslenskra króna, vegna skilnaðar þeirra. Þetta er töluvert lægri upphæð en búist var við. „Ég er ákaflega hamingjusöm,“ sagði Mills við blaðamenn eftir að þetta varð ljóst. Hún upplýsti að Bítillinn fyrrverandi hefði boðið henni tæplega sextán milljónir punda en hún hefði farið fram á 125 milljónir punda.

Mills og McCartney giftust í maí árið 2002 eftir að hafa kynnst á góðgerðarsamkomu. Breskir fjölmiðlar höfðu horn í síðu Mills og töldu hana vera á höttunum eftir peningum eftirlætissonar síns frá Liverpool. Þegar Mills og McCartney tilkynntu að þau ætluðu að skilja í maí 2006 fóru breskir fjölmiðlar á kreik og grófu upp viðkvæma hluti úr fortíð Mills. News of the World fór þar fremst í flokki og greindi frá því að Mills hefði bæði setið fyrir á klámfengnum myndum og að hún hefði verið vændiskona hjá moldríkum olíufurstum. Mills sakaði Paul um að standa fyrir ófrægingarherferð á hendur sér í breskum fjölmiðlum og greindi frá því að Paul væri ofbeldishneigður drykkjuhrútur. Sagðist hún hafa undir höndum upptökur þar sem fram kom að Paul hefði einnig lagt hendur á fyrri eiginkonu sína, Lindu McCartney.

Fyrr á árinu áttust þau síðan við í réttarsalnum en komust ekki að sameiginlegri niðurstöðu og það féll því í skaut dómara að úrskurða hver upphæðin ætti að vera. Var jafnvel talið að sú upphæð sem Sir Paul þyrfti að reiða fram úr vasa sínum yrði sú hæsta í skilnaðarsögu fræga fólksins og margir töldu að hún yrði nálægt sextíu milljónum punda. Sir Paul má því vel við una en Heather fær sextán milljónir í reiðufé en afganginn í eignum.





**SIGUR SIR PAULS** Þótt Heather fái fjóra milljarða er úrskurðurinn talinn vera sigur fyrir Sir Paul McCartney. Mills falaðist eftir 125 milljónum punda og lögfróðir menn töldu hana geta fengið sextíu milljónir punda.


UPP Á PALLI
ÚTI AÐ GRILLA
229 kr. lm
Fullt verð: 397
Vnr. 0058325
Pallaefni
Fura, alhefluð, 27x120 mm, A-gagnvarin.
Fullt verð: 181
Vnr. 0058254
Pallaefni 137 kr. lm
Fura, alhefluð, 22x95 mm, A-gagnvarin.
Fullt verð: 352
Vnr. 0058504
Pallaefni 264 kr. lm
Fura, alhefluð, 45x95 mm, A-gagnvarin.
Fullt verð: 523
Vnr. 0058506
Pallaefni 392 kr. lm
Fura, alhefluð, 45x145 mm, A-gagnvarin.
Fullt verð: 662
Vnr. 0059954
Pallaefni 498 kr. lm
Fura, alhefluð, 95x95 mm, A-gagnvarin.
34.900
OUTBACK
Vnr. 50630102
Gasgrill
OUTBACK TROOER PLUS gasgrill með tvískiptum ryðfríum brennara. Pottjárn á grillgrind. 8,6kW. Grillflötur 47x42 cm Neistakveikjari, hitamælir, efri grind og fitubakki. Mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgir.
99.900
OUTBACK
Vnr. 50630100
Gasgrill
OUTBACK gasgrill. Stærð 55x36cm grillfötur með tvískiptum brennara, hliðarborði, neistakveikjara þrýstijafnara, efri grind og hitaplata yfir brennara.
OUTBACK
Vnr. 50630101
Gasgrill
OUTBACK LEGEND gasgrill úr burstuðu stáli, með 4 ryðfríum brennurum, bakbrennara og hliðarhellu. Grillflötur 67x50cm, grillgrind úr burstuðu stáli, hitamælir, neistakveikjari, efri grind, snúningsteinn og yfirbreiðsla fylgir, 14,06 KW.
13.900
Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt!
BYKO

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| 10.000 BC | DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| 10.000 BC | | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| HORTON M/- ÍSL TAL | | kl. 6 | L |
| THE BUCKET LIST | | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| DARK FLOORS | | kl. 10:30 | 14 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | | kl. 6 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THERE WILL BE BLOOD | | kl. 10:30 | 16 |
| STEP UP 2 | | kl. 6 - 8 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | | kl. 8 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| 10.000 BC | DIGITAL | kl. 6 - 8:10 - 10:30 | 12 |
| THE BUCKET LIST | DIGITAL | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 7 |
| JUNO | | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| JUNO | kl. 8 | 7 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10 | 16 |
| 27 DRESSES | kl. 8:20 | L |
| DARK FLOORS | kl. 10:30 | 14 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| 10.000 BC | kl. 8 - 10 | 12 |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 | 7 |
| STEP UP 2 | kl. 10 | 7 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| 10.000 BC | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| AUGUST RUSH | kl. 10 | L |
| UNDERDOG M/ÍSL TALI | kl. 8 | L |

DIGITAL

Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!



LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 10.000 BC - POWER | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 2, 4 og 6 | L |
| SEMI-PRO | kl. 4, 8 og 10 | 12 |
| RAMBO | kl. 8 og 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 1.45 og 5.30 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR | kl. 2 | L |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| HORTON | kl. 2 - 4 - 6 - 8 ENSKT TAL | |
| HORTON | kl. 2 - 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| HORTON LÚXUS | kl. 2 - 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| SEMI PRO LÚXUS | kl. 8 - 10.10 | |
| BE KIND REWIND kl. 10.15 | JUMPER kl. 10.10 | 12 |
| 27 DRESSES | kl. 8 - 10.30 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | 7 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR kl. 1.30 | ÁSTRÍKUR kl. 1 | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu | |
|---|---|---|
| HORTON | kl. 3 - 6 - 8 - 10.10 ENSKT TAL | |
| THE ORPHANAGE | kl. 3 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| BE KIND REWIND | kl. 3 - 8 - 10.15 | |
| 27 DRESSES | kl. 3 - 5.30 - 10.30 | |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| HEIÐIN | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| SEMI PRO | kl. 3.30 - 8 - 10 | 12 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| INTO THE WILD | kl. 10.10 | 7 |
| ATONEMENT | kl. 3 - 5.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| HORTON | kl. 2 - 4 - 6 - 8 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 8 - 10 | 12 |
| THE KITE RUNNER | kl. 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 | 7 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 2 | |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!
AUKAKRÓNUR

# Færeyskir tónleikar

Eivör Pálsdóttir, Boys in a Band og Bloodgroup spila á færeyskum tónleikum á Organ í kvöld. Eivör, sem er Íslendingum að góðu kunn, er tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna í ár sem besta söngkonan í þriðja sinn. Hljómsveitin Boys in a Band mætir fersk úr tónleikaferð um Bandaríkin. Sveitin hefur nýverið lokið við upptökur á fyrstu breiðskífunni sinni með upptökustjóranum Ken Thomas sem er m.a. þekktur fyrir vinnu sína með Sigur Rós.

Bloodgroup þarf ekki heldur að kynna fyrir Íslendingum. Sveitin er tilnefnd sem besti nýliðinn á Íslensku tónlistarverðlaununum og hefur fengið boð um að spila á Hróarskelduhátíðinni í sumar. Organ verður opnað klukkan 21.30 í kvöld og kostar 1.200 krónur inn.



**EIVÖR PÁLSDÓTTIR** Eivör spilar á Organ í kvöld ásamt Boys in a Band og Bloodgroup.

# Forsala á Fogerty

**Forsala á tónleika John Fogerty hefst í dag. Rokkarinn góðkunni úr Creedence Clearwater Revival spilar í Laugardalshöll ásamt hljómsveit miðvikudagskvöldið 21. maí. Samtals verða 4.000 miðar í boði. Miðum verður skipt þannig í forsölu að helmingur þeirra verður í sætum í stúku Laugardalshallar (10.900 kr.) og á pöllunum fyrir neðan stúkuna (8.900 kr.) en hinn helmingurinn á gólfi Laugardalshallar (6.900 kr.). Forsala aðgöngumiða er á midi.is og afgreiðslustöðum mida.is og hefst nú klukkan tíu.**



**JOHN FOGHERTY**

# Súrrealískur sigur

**Hljómsveitin Agent Fresco sigraði Músiktilraunir í ár. Sigurinn kom liðsmönnum sveitarinnar mikið á óvart.**

Sveitin spilar pólirythmískt rokk með nokkrum áhrifum frá djassi. Sveitin þykir gríðarlega þétt og fengu hljóðfæraleikarar hennar allir verðlaun á sínu sviði. Þórarinn Guðnason þótti besti gítarleikarinn, Borgþór Jónsson besti bassaleikarinn og Hrafnkell Örn Guðjónsson besti trommarinn. Þeir eru allir 18 ára og bæði í MH og FÍH. Fjórði meðlimurinn er Arnór Dan Arnarson sem syngur.

„Sigurinn kom okkur rosalega á óvart og við erum nú bara enn þá hlæjandi þegar við hittumst. Þetta var svo súrrealískt,“ segir Arnór. „Þetta er allt búið að gerast svo fljótt. Strákarnir stofnuðu bandið fyrir mánuði. Ég fékk tölvupóst frá þeim fyrir tveim vikum þar sem þeir báðu mig um að syngja. Þeir höfðu aldrei heyrt í mér en vissu að ég fíla svipaða tónlist og þeir – hljómsveitir eins og At the Drive-in og The Dillinger Escape Plan. Ég er í klassísku deildinni í FÍH og það getur verið hættulegt að biðja klassíska söngvara um að syngja rokk en það ætti að sleppa í mínu tilfelli.“

Sigurinn verður til þess að nú ætla hljómsveitarmeðlimir að taka bandið alvarlega. „Við hittumst í gær og ákváðum að leggja okkur hundrað prósent í þetta. Við vorum ekki einu sinni með Myspace-síðu svo að koma slíkri síðu í loftið er eitt af því fyrsta sem við gerum svo fólk geti nú heyrt í okkur. Við ætlum að semja í páskafríinu og stefnum á plötu. En fyrst og fremst að skemmta okkur.“

Arnór, sem er elstur í bandinu, 22 ára, hefur búið í Danmörku í 17 ár en flutti hingað fyrir rúmu ári. Hann var á leið í danskan leiklistarskóla í haust. „Ég fresta því og læt bandið ganga fyrir. Við verðum að spila á Airwaves og svona.“

Í öðru sæti urðu rappararnir Óskar Axel Óskarsson og Karen Pálsdóttir, sem fengu einnig viðurkenningu fyrir textagerð á íslensku. Í þriðja sæti varð metalcore-bandið Endless Dark frá Ólafsvík en The Nellies frá Mosfellsbæ var kjörin „hljómsveit fólksins“.

gunnarh@frettabladid.is



**SIGURSVEIT MÚSIKTILRAUNA 2008** Borgþór, Arnór, Þórarinn og Hrafnkell eru Agent Fresco. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Gael Garcia leikstýrir Ingvari E. og syni

Gael Garcia Bernal er byrjaður á stuttmynd sem honum var falið að gera fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Mexíkóska kvikmyndastjarnan hefur nýtt stund milli stríða til að skrifa handrit að myndinni og skoða tökustaði en tökur hófust í gær í Austurbæjarskóla. Myndin skartar Ingvari E. Sigurðssyni í aðalhlutverkinu og syni hans, Hugin, en einnig mun Nína Dögg Filippusdóttir leika lítið hlutverk í myndinni þótt feðgarnir verði í stærstu rullunum.

Myndin á að fjalla um gildi menntunar og verður að öllum líkindum frumsýnd á kvikmyndahátíðinni Cannes að viðstöddu fjölmenni og þeim stórstjörnum sem alla jafnan drekka kampavín á frönsku rivíerunni. Bernal hefur sjálfur verið ötull talsmaður bættrar menntunar meðal fátækustu þjóða heims og kenndi á unga aldri hópi indjána í Mexíkó að lesa. Bernal hefur fengið prýðisgóða dóma fyrir frammistöðu sína í leikverkinu Kommúnan sem nú er sýnd fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsinu. - fgg



**BERNAL** Gerir stuttmynd hér á Íslandi fyrir Sameinuðu þjóðirnar.

# Selt í stæði á Bob Dylan

Eingöngu verður selt í stæði á tónleika Bob Dylan í Egilshöll 26. maí til að halda miðaverði í lágmarki. Dýrari miðarnir, sem eru á svokölluðu A-svæði, kosta 8.900 krónur en hinir ódýrari 6.900 krónur. A-svæðið verður nokkuð minna en tíðkast hefur í Egilshöll og eru aðeins fjögur þúsund miðar þar í boði. Í heildina verða átta þúsund miðar seldir.

Miðasala á tónleikana hefst föstudaginn 28. mars kl. 10 á midi.is. Dylan er í fantaformi þessa dagana og fær afbragðsgóðar viðtökur á tónleikaferð sinni um heiminn. Víðast hvar flytur hann sína stærstu smelli og má búast við því að það sama verði upp á teningnum hérlendis.



**BOB DYLAN**





**1.698** kr/kg.
Kryddaður lambahryggur



30% afsláttur
Þú sparar 569 kr/kg
**1.329** kr/kg. áður 1.898 kr/kg.
Gourmet lambalæri villikryddað



30% afsláttur
Þú sparar 833 kr/kg
**1.945** kr/kg. áður 2.778 kr/kg.
Roast Beef kryddað



30% afsláttur
**398** kr/kg. áður 568 kr/kg.
Alvöru hamborgarar 170 gr.



25% afsláttur
Þú sparar 446 kr/kg
**1.339** kr/kg. áður 1.785 kr/kg.
Hunangs grísakótilettur



30% afsláttur
Þú sparar 1.109 kr/kg
**2.589** kr/kg. áður 3.698 kr/kg.
Lambafille kryddað

Take away tilboð




**499** kr/pk. áður 659 kr/pk.
Freschetta brick oven Italiano classico




**189** kr/stk
Vita wrap plastfilma




**Nýtt í Nettó**
Vita geymsluílát undir mat

Lækkað verð!



Páskaegg - frá Nóa, Góu og Freyju

H:N markaðssamskipti / SIA  Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 19. mars til 23. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

Pálmasunnudagur
12 - 18

Skírdagur
10 - 18

Föstud. langi
Lokað

Páskadagur
Lokað

Annar í páskum
12 - 18

nettó

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

### > Eiður Smári ekki alvarlega meiddur

Eiður Smári Guðjohnsen, landsliðsfyrirliði og leikmaður Barcelona, þurfti að yfirgefa völlinn í uppbótartíma vegna meiðsla þegar Barcelona gerði 2-2 jafntefli gegn Almeria á útivelli í spænsku La Liga-deildinni í fyrrakvöld. Eiður Smári fékk þá þungt högg en samkvæmt opinberri heimasíðu Barcelona æfði hann með liðinu í gær og gæti þess vegna verið í leikmannahópi liðsins í Konungsbikarnum gegn Valencia á Mestalla á fimmtudag. Eiður Smári mun því að öllu óbreyttu einnig geta leikið í sínum fyrsta leik undir stjórn Ólafs Jóhannessonar með íslenska landsliðinu gegn Slóvakíu.



# sport

sport@frettabladid.is

FIMLEIKAMAÐURINN VIKTOR KRISTMANNSSON: ÍSLANDSMEISTARI Í SJÖÞRAUT Í SJÖTTA ÁRIÐ Í RÖÐ

## *Draumur að lifa á fimleikunum erlendis*

Viktor Kristmannsson, fimleikamaður úr Gerplu, varð Íslandsmeistari í fjölþraut í sjötta árið í röð þegar Íslandsmótið í áhaldafimleikum fór fram síðastliðinn laugardag. Viktor, sem er 23 ára gamall, fékk samtals 78,95 stig úr greinunum sex en þetta var í sjöunda sinn alls sem hann varð Íslandsmeistari í fjölþraut og jafnaði hann þar með met Guðjóns Guðmundssonar, fimleikamannsins úr Ármanni, sem vann einnig sjö sinnum á sínum tíma.

„Ég var mjög sáttur með fjölþrautina á laugardeginum og það gekk einhvern veginn bara allt upp. Það er hægt að vita svona nokkurn veginn hvað maður getur fengið fyrir hvert áhald fyrir sig en stefnan er auðvitað alltaf sett á að bæta sig í hverri grein og reyna að gera aðeins betur. En mat dómara hverju sinni spilar líka mikið inn í og stundum hefur maður á tilfinningunni að maður sé að bæta sig en dómararnir meta það þá ef til vill öðruvísi," sagði Viktor sem vann enn fremur til fyrstu verðlauna í fimm af sex greinum fjölþrautarinnar þegar keppt var til úrslita í stökum greinum á sunnudeginum. Hann sigraði í keppni á gólfi, bogahesti, hringjum, tvíslá og svifrá en varð að sætta sig við annað sætið í stökki.

„Ég klúðraði stökkinu þannig, að ég misreiknaði mig illilega í hlaupinu að hestinum og náði þar af leiðandi ekki rétta kraftinum í stökkið og allt fór einhvern veginn til fjandans. Ég náði samt öðru sætinu og það munaði í raun rosalega litlu á fyrsta og öðru sætinu þannig að ég get alveg verið sáttur með það," sagði Viktor, sem vinnur nú hörðum höndum að því að búa sig undir tvö stór mót.

„Evrópumótið er í byrjun maí og Norðurlandamótið í lok maí og ég þarf því að haga málum þannig að ég sé í toppstandi þá. Ég er líka að prófa nýjar æfingar sem ég þarf að vinna í til þess að ná þeim pottþétt á mótunum. Ég er að æfa af krafti sex sinnum í viku en það getur stundum verið erfitt þar sem ég er vitanlega líka í fullri vinnu. Draumurinn væri náttúrlega að geta æft við toppaðstæður erlendis og lifað bara á fimleikunum og ég stefni á það í framtíðinni," sagði Viktor.





ÁNÆGÐUR Ólafur Jóhannesson er sáttur með þá leikmenn sem hann valdi og spila hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landsliðshópur Íslands:

## Sex leikmenn spila hér á landi

**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson tilkynnti í gær tuttugu manna leikmannahóp fyrir vináttulandsleik gegn Slóvakíu 26. mars í Slóvakíu.

Þar sem um alþjóðlegan leikdag er að ræða geta Íslendingar sem leika sem atvinnumenn erlendis spilað leikinn en Ólafur valdi engu að síður sex leikmenn í hópinn sem spila með liðum hér á landi.

„Ég er mjög ánægður með þá leikmenn sem ég valdi sem spila hérlendis og reyndar fleiri til, en ég valdi sex þeirra í þetta skipti. Það er nú einu sinni þannig að það er engin ávísun á landsliðssæti að leika erlendis," sagði Ólafur í samtali við Fréttablaðið í gær. - óþ

**Hópurinn sem mætir Slóvakíu:**

Kjartan Sturluson (Valur)
Stefán Logi Magnússon (KR)
Hermann Hreiðarsson (Portsmouth)
Kristján Örn Sigurðsson (Brann)
Grétar Rafn Steinsson (Bolton)
Ragnar Sigurðsson (IFK Göteborg)
Atli Sveinn Þórarinsson (Valur)
Bjarni Ólafur Eiríksson (Valur)
Stefán Gíslason (Bröndby)
Emil Hallfreðsson (Reggina)
Ólafur Ingi Skúlason (Helsingborg)
Theodór Elmar Bjarnason (Lyn)
Jónas Guðni Sævarsson (KR)
Aron Einar Gunnarsson (AZ Alkmaar)
Eggert Gunnþór Jónsson (Hearts)
Bjarni Þór Viðarsson (Twente)
Helgi Sigurðsson (Valur)
Eiður Smári Guðjohnsen (Barcelona)
Gunnar H. Þorvaldsson (Vålerenga)
Veigar Páll Gunnarsson (Stabæk)

# Spennandi lokaumferð í kvöld

**Þór, Stjarnan og Tindastóll berjast um sæti í úrslitakeppninni í lokaumferð Iceland Express-deildar karla í kvöld. Grindavík sækir að KR í öðru sætinu og Snæfellingar reyna að ná fjórða sætinu af Njarðvík.**

**KÖRFUBOLTI** Lokaumferð Iceland Express-deildar karla fer fram í kvöld og það verður mikil spenna í mörgum leikja kvöldsins. Mesta dramatíkin verður örugglega í Ásgarði í Garðabæ þar sem Stjarnan og Tindastóll lifa bæði í voninni um að komast í úrslitakeppnina en einnig er mikið í húfi í Njarðvík, í DHL-höllinni í Vesturbænum og á Akureyri.

Leikur Stjörnunnar og Tindastóls í Garðabæ er beintengdur því sem gerist á Akureyri. Þórsarar taka á móti Snæfelli og þurfa að vinna til þess að komast í úrslitakeppnina. Tapi Þór tryggir sigurvegari leiksins í Garðabæ sér áttunda sætið og þar með síðasta sætið inn í átta liða úrslit úrslitakeppninnar. Þór á allt annað en létt verkefni fyrir höndum því Snæfell er búið að vinna níu leiki í röð deild og bikar og vann fyrri deildarleik liðanna með 30 stigum í Hólminum í upphafi ársins.

Stjörnumenn geta orðið elleftu nýliðarnir í sögunni til þess að komast í úrslitakeppnina vinni þeir Tindastól á sama tíma og Þór tapar fyrir norðan. Stjarnan hefur unnið tvo síðustu leiki sína á útivelli en tapaði síðasta heimaleik á grátlegan hátt þegar Íslandsmeistarar KR tryggðu sér sigurinn með því að skora sigurkörfuna á lokasekúndunum. Tindastóll vann fyrri leik liðanna með sex stigum í lok síðasta árs en síðan þá hafa liðin breyst, sérstaklega lið Stjörnunnar sem er með tvo nýja útlendinga. Mansour Mbye og Calvin Roland skoruðu aðeins 20 stig saman í fyrri leik liðanna en nýju mennirnir Jarrett Stephens og Jovan Zdravevski hafa skorað saman 47 stig að meðaltali í undanförnum þremur leikjum.

Grindavík á enn möguleika á að ná öðru sætinu af KR en til þess að það gerist þá þurfa Grindvíkingar að vinna í Ljónagryfjunni í Njarðvík á sama tíma og KR-ingar þurfa að tapa á heimavelli á móti Skallagrími. Það er líka mikið undir hjá heimamönnum í Njarðvík því Snæfellingar sækja að þeim í baráttunni um fjórða sætið og þar með heimavallarrétt í fyrstu umferð úrslitakeppninnar. Það er þegar orðið ljóst að Njarðvík og Snæfell mætast í átta liða úrslitunum.

KR-ingar misstu af deildarmeistaratitlinum með því að tapa í framlengingu á Króknum og með tapi í kvöld gæti liðið dottið niður í þriðja sætið. KR tekur á móti Skallagrími í DHL-höllinni en Borgnesingar hafa lent í miklum meiðslahremmingum og hafa nú tapað fimm síðustu leikjum sínum.

ÍR-ingar taka á móti fallliði Hamarsmanna, þeir eru öryggir í úrslitakeppnina en geta enn fallið niður í áttunda sætið. ÍR getur ekki komist upp fyrir Skallagrím þar sem Borgnesingar eru með betri stöðu úr innbyrðisviðureignum liðanna en ÍR-ingar eru aftur á móti með betri innbyrðisstöðu gegn Þór, Stjörnunni og Tindastól og af þeim sökum geta þeir aldrei endað neðar en í áttunda sæti. Vinni Þórsarar Snæfell á sama tíma og ÍR tapar á heimavelli gegn Hamar þá gætu ÍR-ingar hins vegar dottið niður í áttunda sæti.

Hápunktur leiks Keflavíkur og Fjölnis er afhending deildarmeistarabikarsins í leikslok en Keflavík hefur þegar tryggt sér heimavallarrétt út úrslitakeppnina og Fjölnisliðið er fallið í 1. deild og það er því ekkert í boði í leiknum sjálfum.

Fréttablaðið fékk þrjá þjálfara til þess að spá í þróun mála og þeir eru allir sammála um að KR nái 2. sætinu, Njarðvík verði með heimavallarrétt gegn Snæfelli og að nýliðar Stjörnunnar verði áttunda og síðasta liðið inn í úrslitakeppnina. ooj@frettabladid.is



MIKILVÆGT KVÖLD Stjarnan og Snæfell verða í eldlínunni í kvöld og hafa bæði til mikils að vinna. Hér hefur Stjörnumaðurinn Dimitar Karadzovski komist framhjá Hlyni Bæringssyni, fyrirliða Snæfells, í leik liðanna í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### HVERNIG FER Í KVÖLD?

Ágúst Björgvinsson þjálfari Hamars
Bárður Eyþórsson þjálfari Fjölnis
Einar Árni Jóhannss. þjálfari Breiðabl.

**Hver verður í 2. sæti?** (KR eða Grindavík)

| | |
|---|---|
| Ágúst: | KR |
| Bárður: | KR |
| Einar Árni: | KR |

**Hver verður í 4. sæti?** (Njarðvík eða Snæfell)

| | |
|---|---|
| Ágúst: | Njarðvík |
| Bárður: | Njarðvík |
| Einar Árni: | Njarðvík |

**Hvaða lið kemst í úrslitakeppnina?** (Þór, Stjarnan eða Tindastóll)

| | |
|---|---|
| Ágúst: | Stjarnan |
| Bárður: | Stjarnan |
| Einar Árni: | Stjarnan |


# Notaðir bílar

"Gullmolar" Pallhýsi (Truck campers)



Elnagh húsbíll, hápekja árgerð 2006, ekinn 8.893 km
**Verð: 4.400.000**



Sunlight húsbíll árgerð 2007 2,2 L, 130 hestöfl, ekinn 4.796 km
**Verð: 5.500.000**





Ford 350 árgerð 2005, ekinn 30.095 km + Sunlite 865 WS pallhýsi árgerð 2005
**Verð: 5.300.000**

**Opnunartími yfir páskana**
Skírdagur 13 – 16
Laugardagur 13 – 16
Lokað á páskadag og annan í páskum

Hobbyhúsið ehf – Dugguvogi 12 – 104 Reykjavík – s: 517 7040 – www.hobbyhusid.is



**FRÁBÆR** TaKesha Watson átti góðan leik í gær og skoraði 34 stig fyrir Keflavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna:

# Keflavík skaut Haukastúlkur í kaf

**KÖRFUBOLTI** Keflavík er einum sigri frá lokaúrslitum Iceland Express-deildar kvenna eftir 11 stiga sigur á Haukum, 85-96, á Ásvöllum í gær.

Keflavíkurkonur hittu úr 14 af 27 þriggja stiga skotum sínum í leiknum og þær TaKesha Watson og Birna Valgarðsdóttir áttu báðar frábæran leik.

TaKesha Watson tók upp þráðinn frá því í lok síðasta leik og átti frábæran dag en hún endaði leikinn með 34 stig, 10 stoðsendingar, 6 fráköst og 5 stolna bolta. Birna Valgarðsdóttir gaf líka tóninn, spilaði grimma vörn og keyrði hvað eftir annað á körfuna sem gerði Haukum mjög erfitt fyrir. Birna skoraði 23 stig á sinni 31 mínútu og gaf auk þess 5 stoðsendingar.

„Þetta er ekki komið en ég var mjög ánægð með liðið í kvöld. Allt liðið átti mjög góðan leik og ég er mjög sátt með leikinn hjá öllum í liðinu,“ sagði Birna, sem er greinilega komin í gott form á réttum tíma. „Það er ekki hægt annað en að vera komin í form þegar úrslitakeppnin byrjar. Ég þekki þessa stöðu líka mjög vel og veit hvað þarf til í þessum leikjum,“ sagði Birna. „Það verður erfitt að eiga við okkur ef að við höldum áfram að spila svona,“ bætti hún við og það er óhætt að taka undir orð hennar enda var mikil ógnun í Keflavíkursókninni þegar hún, TaKesha og Susanne Biemer voru allar sjóðheitar en saman skoruðu þær 75 stig og hittu úr 11 af 17 þriggja stiga skotum sínum í leiknum.

Victoria Crawford fór mikinn í fyrri hálfleik en 24 stig hennar fyrir hlé áttu mikinn þátt í því að Haukar voru 50-48 yfir í hálfleik. Keflavíkurliðinu tókst hins vegar að loka á hana í seinni hálfleik því Crawford skoraði ekki aftur fyrr en eftir 14 mínútna leik í seinni hálfleik þegar staðan var orðin 71-79, Keflavík í vil. Keflavík náði fyrir vikið frumkvæðinu í seinni hálfleik en gerði líklega út um leikinn með því að skora átta stig í röð á síðustu mínútu þriðja leikhluta og ná 12 stiga forustu, 63-75, fyrir lokaleikhlutann.

Haukaliðið er nú komið upp að vegg, eftir góðan dag í Keflavík þar sem liðið var mjög nálægt því að taka fyrsta leikinn vantaði nokkuð upp á að liðið ætti möguleika í Keflavík í gær. Erfiður leikur bíður því meistaranna í Keflavík á miðvikudaginn. -óój

**Haukar-Keflavík 85-96 (50-48)**

**Stig Hauka:** Victoria Crawford 31 (8 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 13 (5 stoðs.), Telma Björk Fjalarsdóttir 12 (12 frák.), Ragna Margrét Brynjarsdóttir 10, Unnur Tara Jónsdóttir 8 (8 frák.), Guðbjörg Sverrisdóttir 6, Hanna Hálfdanardóttir 5.
**Stig Keflavíkur:** TaKesha Watson 34(10 stoðs.), Birna Valgarðsdóttir 23 (5 stoðs.), Susanne Biemer 18 (hitti úr 7 af 10 skotum), Pálína Gunnlaugsdóttir 8, Margrét Kara Sturludóttir 6 (7 frák.), Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 5, Lóa Dís Másdóttir 2.

Birmingham og Newcastle skildu jöfn í gærkvöld:

# Kevin Keegan enn ekki unnið leik

**FÓTBOLTI** Birmingham og Newcastle skildu jöfn 1-1 í botnbaráttuslag á St. Andrews-leikvanginum í Birmingham í gærkvöld.

Heimamenn voru mun frískari framan af leik og leikmenn Newcastle virkuðu óöruggir á boltanum og gerðu lítið annað en að negla honum hátt og langt fram á völlinn og vona það besta. Lið Birmingham lék hins vegar ágætan fótbolta og sér í lagi skapaðist hætta þegar James McFadden fékk boltann en hann kom heimamönnum einmitt yfir eftir rúman hálftíma leik.

Newcastle kom beittara eftir leikhlé og Michael Owen náði að jafna leikinn þegar rúmar tíu mínútur voru liðnar af síðari hálfleik og hafði þá skömmu áður farið illa með dauðafæri.

Newcastle færðist allt í aukanna við markið og leikmenn liðsins fengu sjálfstraustið sem hafði skort fram að því. Gríðarleg batamerki voru á leik Newcastle í seinni hálfleik en hvorugu liðinu tókst að skora og lokatölur urðu 1-1. - óþ



**VONBRIGÐI** Kevin Keegan hefur ekki enn náð sigri síðan hann tók við Newcastle 16. janúar.
NORDIC PHOTOS/AFP


www.ellingsen.is

FLEETWOOD



TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

# Sældarlíf í Fleetwood Bayside

## Staðalbúnaður

- Saumlaust Fílon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Vatnsþolnar eldhúsborðplötur með saumlausum köntum
- Rafhemlar og 5 bolta nafir
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif lyftikerfis þægileg í mittishæð
- Grjótþolnar TPO-plötur að aftan og framan
- Galvaníseraðar hliðarplötur úr stáli
- Grjót- og vatnsþolið geymsluhólf að framan úr steyptu plasti
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™-öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómaðri miðju
- Gólf og rúmbotnar úr ósamsettum Structurwood-plötum
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm
- „Posi-Lock“-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Áfastir rúmfætur
- Hurðarþrep með innbyggðu geymslurými
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Nefhjól sem leggst upp
- Varadekk, festing, felgulykill og vínylhlíf fyrir varadekk
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflipum
- Gagnsæir vínylgluggar
- Sandskeifur
- Efri eldhússkápar velta ekki en sveiflast með fullri geymslugetu
- Djúpur postulínsvaskur
- 3 gashellur
- 9 kg LP-gaskútur og vínylhlíf fyrir gasgeymi
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- Þétt svampdýna með áklæði
- 53 l gasísskápur
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Útiljós á palli
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Fóðruð tjöld fyrir gluggum og rúmum
- Skrautkappi allan hringinn
- Truma®-gashitari
- Truma®-vatnshitari
- FM/AM-útvarp/geislaspilari
- Klósett

## Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Árgerð | 2008 |
| Rafgeymir | 12 V 115 amp |
| Stærð opinn (lxb) | 765x358 cm |
| Stærð lokaður (lxb) | 584x226 cm |
| Lengd kassa | 12 fet |
| Eigin þyngd | 1198 kg |
| Heildarþyngd | 1590 kg |




## Páskatilboð

**Lúxus-aukahlutapakki að verðmæti 217.700 fylgir!**

| | |
|---|---|
| Sólarrafhlaða | 105.000 |
| Þakskyggni | 42.000 |
| Coleman-gasgrill | 28.000 |
| Farangurspoki | 14.760 |
| Spegilhilla | 7.900 |
| Ljós með viftu | 6.900 |
| Aukagaskútur | 5.664 |
| Festing fyrir aukagaskút | 1.990 |
| Fatahengi | 3.500 |
| Hnífaparabakki | 1.995 |

Verð 2.050.000 kr.
Útborgun 410.000 kr.

Mánaðargreiðsla **26.333 kr.** miðað við 84 mánuði

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Opið mánudaga–föstudaga 10–18, laugardaga 10–16

## > Carmen Electra

Carmen Electra hefur setið fyrir í fjölda, tímarita, mjög oft afar fáklædd. Spurð hvað hún geri til að halda sér í formi segir hún að hún borði skyndabitafæði og drekki gos eins og hver annar. Hún hafi oft spáð í að fara í meðferð gegn kókdrykkju þar sem hún drekkur í kringum 6-8 dósir á dag. Carmen Electra leikur í kvikmyndinni Date Movie sem er sýnd í kvöld á Stöð 2 Bíó kl. 20.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR ÍHUGAR AÐ KAUPA SJÓNVARPSVÖRUR

# *Undramoppan getur bjargað heiminum*



Til eru tvær gerðir sjónvarpsefnis. Fyrst ber að nefna þá gerð efnis sem fólk horfir á, viðurkennir að það horfir á og talar um sín á milli. Í þennan flokk falla fréttir og vandaðir leiknir þættir á borð við Bráðavaktina, Aðþrengdar eiginkonur og Glæpinn. Hin gerð sjónvarpsefnis er nokkuð frábrugðin þeirri ofannefndu. Enginn viðurkennir fúslega að horfa á þetta efni og tilvist þess er hálfpartinn þögguð niður. Engu að síður telst líklegt að margir horfi á þetta efni þar sem það neitar staðfastlega að hverfa af sjónvarpsskjám heimsins. Hér er að sjálfsögðu verið að vísa til söluþátta hvers konar í anda Sjónvarpsmarkaðarins sáluga, eða þess sem nú er titlað Vörutorg.

Það er óþarfi að skammast sín fyrir að horfa á söluþætti. Má vera að þeir séu framleiddir af vanefnum og metnaðarleysi; vörurnar sem þeir bjóða upp á eru svo stórkostlegar að þær eru hreinlega mannbætandi. Því er öllum greiði gerður með því að þær séu kynntar almenningi á þennan áberandi hátt. Tæki, tól og efni til hreinsunar og fegrunar heimilisins eru sérlega vinsæll varningur til sölu í sjónvarpi, enda er sjónvarpsmiðillinn vel til þess fallinn að sýna tiltekt þannig að árangurinn fari ekki á milli mála. Hver kannast ekki við myndskeið sem sýna grútskítugt gólf áður en undramoppunni hefur verið rennt ljúflega yfir það? Moppan skilur eftir sig fagra rák glansandi gólfefnis innan um alla drulluna. Það vita allir sem hafa reynt að til að ná klístruðum blettum af gólfdúk þarf stundum að leggjast á hnén og skrúbba af öllu afli, sem er síður en svo gaman. Því er moppa sem getur þrifið þrjóskustu bletti af gólfi með einu léttu handtaki sannarlega kraftaverki líkust. Hugmyndin um slíka moppu er nóg til að gleðja harðsvíruðustu fanta og því mætti segja að það skipti ekki öllu máli hvort moppan virkar í raun og veru. Söluþátturinn hefur kveikt vonarneista um bjarta framtíð í hjörtum gólfumsjónarmanna um víða veröld og hefur því gert sitt fyrir alheimskarmað.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10** Spice Girls Giving You Everything SKJÁREINN



▶ **20.20** Amazing Race STÖÐ2



▶ **21.15** Lovespring International STÖÐ2EXTRA



▶ **22.00** xXx The Next Level STÖÐ2BÍÓ



▶ **22.25** Rannsókn Málsins SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum** e.
**16.05 Sportið**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**17.51 Hrúturinn Hreinn**
**18.00 Geirharður bojng bojng**
**18.25 Kokkar á ferð og flugi** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Íslensku tónlistarverðlaunin 2008** Bein útsending frá afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna 2008 við hátíðlega athöfn í Borgarleikhúsinu. Kynnir er Felix Bergsson og útsendingu stjórnar Helgi Jóhannesson.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Rannsókn málsins - Elskendur** (1:2) (Trial & Retribution IX: The Lovers) Bresk sakamálamynd frá 2004 þar sem lögreglan fær til rannsóknar sérlega snúið sakamál.
**23.35 Mary Bryant** (The Incredible Journey of Mary Bryant) Margverðlaunuð áströlsk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum frá 2005. Þetta er saga ungrar konu sem flutt var í fanganýlenduna í Nýja Suður-Wales árið 1788. Leikstjóri er Peter Andrikidis og meðal leikenda eru Romola Garai, Jack Davenport, Alex O'Loughlin, Sam Neill og Tony Martin e.
**01.10 Kastljós**
**01.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 Date Movie**
**08.00 Land Before Time XI: Invasion of the Tinysauruses**
**10.00 Fíaskó**
**12.00 Friday Night Lights**
**14.00 Land Before Time XI: Invasion of the Tinysauruses**
**16.00 Fíaskó**
**18.00 Friday Night Lights**
**20.00 Date Movie** Gamanmynd þar sem gert er grín að stærstu myndum síðustu ára.
**22.00 xXx The Next Level**
**00.00 21 Grams**
**02.00 Spin**
**04.00 xXx The Next Level**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Studio 60**
**11.15 60 mínútur**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 World Traveler**
**14.55 Eldsnöggt með Jóa Fel** (5:6)
**15.20 Sjáðu**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends**
▶**20.20 Amazing Race** (13:13)
**21.05 Shark** (2:16) Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögfræðingsins eitilharða Sebastian Stark. Þetta er önnur þáttaröð þessa frábæra og ferska lögfræðikrimma. Við höldum áfram að fylgjast með Sebastian sækja erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.
**21.50 Kompás** Skemmtilegur og fræðandi fréttaskýringaþáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.
**22.25 60 mínútur** Glænýr þáttur virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttar í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
**23.10 The Closer**
**23.55 Nip/Tuck**
**00.45 ReGenesis**
**01.35 Undisputed**
**03.10 World Traveler**
**04.50 Cold Case**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 Spænsku mörkin**
**18.45 Inside Sport** (David James / Formula 1 / Drugs Survey) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
**19.15 World Supercross GP**
**20.10 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**20.40 Augusta Masters Official Film** Flottur þáttur þar sem fjallað er um Augusta Masters mótið í golfi.
**21.35 Formúla 1** (F1: Við endamarkið) Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.
**22.15 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**23.10 Nation on Film - Munich Remembered** Heimildarmynd um München-slysið en 50 ár eru liðin frá hinu hörmulega slysi. Í þessari mynd eru sýnd viðtöl við leikmenn sem lifðu slysið af en Man. Utd var að verða að einu mesta stórveldi í Evrópu á þessum tíma.
**23.40 Ultimate Blackjack Tour 1**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Birmingham - Newcastle** Útsending frá leik Birmingham og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.
**14.40 Man Utd. - Bolton** Útsending frá leik Man. Utd og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.
**16.20 Porsmouth - Aston Villa** Útsending frá leik Porsmouth og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Premier League World**
**18.30 Coca Cola mörkin**
**19.00 Fulham - Everton** Bein útsending frá leik Fulham og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Man. City - Tottenham** Útsending frá leik Man. City og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.
**23.15 Liverpool - Reading** Útsending frá leik Liverpool og Reading í ensku úrvalsdeildinni

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Fyrstu skrefin** (e)
**09.15 Vörutorg**
**10.15 Óstöðvandi tónlist**
**16.20 Vörutorg**
**17.20 All of Us**
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.20 Psych** (e)
▶**20.10 Spice Girls: Giving You Everything** Vinsælasta stúlknasveit allra tíma segir sögu sína í fyrsta sinn. Kryddpíurnar hafa selt meira en 55 milljónir geislaplatna um víða veröld og átt fjöldann allan af lögum sem náð hafa í efstu sæti vinsældalista. Það hafa verið gerðar margar heimildarmyndir, bækur og greinar um Kryddpíurnar en þær hafa aldrei sagt söguna sjálfar, fyrr en núna. Þær halda engu undan og tala opinskátt um lífið á toppi tilverunnar og ósættið sem kom upp þegar leiðir skildu eftir stormasaman frægðarferil.
**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.
**21.50 Cane** Kraftmikil þáttaröð með Jimmy Smits í aðalhlutverki. Alex lætur reyna á hollustu Franks með því að leggja fyrir hann gildru og þvinga hann til að velja milli fjölskyldu sinnar og Samuels-fjölskyldunnar.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.25 C.S.I.** (e)
**00.15 Bionic Woman** (e)
**01.05 Vörutorg**
**02.05 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ2 KL. 21.50

### Kompás



Hér er á ferðinni alvöru fréttaskýringaþáttur þar sem hispurslaus og vönduð rannsóknarblaðamennska er í hávegum höfð. Í hverjum þætti eru krufin til mergjar helstu fréttamál líðandi stundar. Áður ókunn sjónarmið á málum sem þegar hafa komist í fréttirnar koma fram, sem og nýjar uppgötvanir. Þátturinn hefur verið valinn fréttaþáttur ársins á Edduverðlaunahátíðinni tvö ár í röð.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Íslensku tónlistarverðlaunin 2008

### Sjónvarpið kl. 20.05

Bein útsending frá afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna 2008 við hátíðlega athöfn í Borgarleikhúsinu. Kynnir er Felix Bergsson og útsendingu stjórnar Helgi Jóhannesson.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Árla dags
**06.50** Bæn
**07.31** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Dýrð í hæstum hæðum
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði: Upp úr rústum sálarlífsins
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar
**01.03** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 George Lopez Show**
**17.30 Extreme: Life Through a Lens**
**18.15 Lovespring International**
**18.35 Big Day**
**19.00 Hollyoaks** (146:260)
**19.30 Hollyoaks** (147:260)
**20.00 George Lopez Show**
**20.30 Extreme: Life Through a Lens** (Öfgar: Lífið í linsunni)

▶**21.15 Lovespring International** Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.

**21.35 Big Day** Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.

**22.00 American Idol** (20:42)
**23.25 American Idol** (21:42)
**23.50 Crossing Jordan**

**00.35 Comedy Inc.** Sprenghlægilegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.

**01.00 American Dad** Fjórða serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a. kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.

**21.00 Kristinn H.** Umsjónarmaður er Kristinn H. Gunnarson, formaður þingflokks Frjálslynda flokksins. Hann ræðir við gest sinn um pólítík.

**21.30 Mér finnst** Lifandi skemmtiþáttur í umsjón Ásdísar Olsen og Kolfinnu Baldvinsdóttur. Þær leika á als oddi í umræðum um konur og samfélagið.

## DR 1

**10.00** Rabatten **10.30** Formiddag med Nis Boesdal **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Ellens 100 år 1**1.35** S¢ren og S¢ren **12.00** Koht i familien **12.30** Det lille hus på prærien **13.2**0 Saras k¢kken **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **4.10** Dawson's Creek **15.00** SPAM **5.30** Minisekterne **15.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **16.00** Store N¢rd **16.30** H¢nsenes Have **17.00** Pippi Langstr¢mpe **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Rig ved et tilfælde **18.30** Ha' det godt **19.00** Kender du typen? **19.30** Med andre ¢jne **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **0.30** Min s¢n Jack **22.05** Seinfeld **22.25** OBS **22.30** Album **23.3**0 SPAM **5.00** UMM - Gulerodssalat

## NRK 1

**12.40** Vi redder verden - etter kaffen **13.10** Jessica Fletcher **14.00** Newton-miks: Under vann **14.30** Den utvalgte **14.55** Biomangfold **15.0**5 H2O **15.30** Utfordringen **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Solens mat **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barne-tv **17.1**5 Dyrlege Due **17.30** Pablo, den lille r¢dreven **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen 18.30 Påsken¢tter **18.45** Landeplage **19.15** De siste andalusiske kjempene **19.45** Extra-trekning 19.55 Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.25** Hva skjedde med Poppy MacDonald? **21.55** L¢sning påsken¢tter **22.00** Kveldsnytt **22.15** Hva skjedde med Poppy MacDonald? **23.05** Empire

## SVT 1

**11.55** Debatt **12.55** Kärlek 65 **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Les courants **16.30** Krokomax **17.00** Bolibompa **17.10** Minimyror i Kenya **17.15** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **17.25** Räkna med skägg **17.30** Fiska med Anders **17.45** Philofix **18.00** Bobster **18.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Packat & klart **20.00** Plus **20.30** Klass 9A **21.0**0 Entrapment **22.50** Rapport **23.00** Kulturnyheterna **23.15** Konståkning: VM **0.15** Brottet **1.15** Stressad, rädd och förbannad




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Besti bitinn er án nokkurs vafa plokkfiskurinn hans Úlfars á Þrem frökkum. Þetta er einhvern veginn máltíð sem á alltaf við, hvort sem það er í hádeginu á þriðjudögum eða fínt út að borða á föstudögum. Hálfgerður hátíðarmatur alla daga vikunnar.“*

Þorsteinn J. Vilhjálmsson, dagskrárgerðarmaður og leikstjóri.

# Björgunarsveit ræst út fyrir íslenska leikara

Björgunarsveitin í Sandgerði kom þeim Nínu Dögg Filippusdóttur og Ólafi Darra Ólafssyni til bjargar á laugardaginn. Leikarinn og leikkonan voru stödd við æfingar fyrir kvikmyndina Brim á Suðurnesjunum þegar þau uppgötvuðu að tíminn hafði liðið aðeins hraðar en þau höfðu búist við því þau áttu að fara að stíga á svið Borgarleikhússins í leikritinu Kommúnan. Aðstandendur kvikmyndarinnar brugðu því á það ráð að hringja í björgunarsveit Sandgerðis sem kom á mótorbát og ferjaði þau í land. „Þeir mættu með bros á vör og við getum verið þakklát fyrir að eiga svona góðar björgunarsveitir,“ segir Ólafur Darri en ferðin upp á land tók tuttugu mínútur. „Þetta var bara gaman og við komumst í tæka tíð,“ bætir hann við. Ólafur segist ekki hafa þjáðst af neinni sjóriðu uppi á sviðinu eftir allt volkið, merkilegt nokk.

Tökur á myndinni hófust í morgun. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu fékk tökuliðið dragnótabátinn Jón á Hofi að láni fyrir myndina. Árni Ólafur Ásgeirsson, leikstjóri Brims, bjóst við því að hópurinn yrði á sjó í tíu til fimmtán klukkustundir samfleytt í dag en gert er út frá Njarðvík. „Við förum síðan aftur út á morgun og svo tekur við smá páskafrí,“ útskýrir Árni en einhverjar tökur fara einnig fram í Reykjavíkurhöfn. - fgg



**Á SJÓ** Ólafur Darri og Nína Dögg voru ferjuð í land af björgunarsveit Sandgerðis. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**NÍNA DÖGG** Varð ekki meint af sjóferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** bjálfi **6.** í röð **8.** rá **9.** að **11.** samanburðart. **12.** yfirstéttar **14.** afkima **16.** berist til **17.** niður **18.** pípa **20.** í röð **21.** nýlega.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þraut **3.** klaki **4.** fjölmörgum **5.** gæfa **7.** stoppistöð **10.** draup **13.** umrót **15.** dugnaður **16.** hrökk við **19.** guð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fífl, **6.** áb, **8.** slá, **9.** til, **11.** en, **12.** aðals, **14.** skoti, **16.** bt, **17.** suð, **18.** rör, **20.** mn, **21.** áðan.

**LÓÐRÉTT: 1.** gáta, **3.** ís, **4.** flestum, **5.** lán, **7.** biðstöð, **10.** lak, **13.** los, **15.** iðni, **16.** brá, **19.** ra.

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

SVEPPI: EKKERT KREPPUKJAFTÆÐI Á ÁRSHÁTÍÐ KAUPÞINGS Í HÖLLINNI

# Hreiðar Már stígur dans að hætti Michaels Jackson

„Kreppuvæl? Nei, leit ekkert út fyrir það. Ekkert til sparað enda á ekkert að spara þegar starfsfólkið er annars vegar. Leyfa því að njóta sín. Það þarf að sinna starfsfólkinu svo það hangi. Já, þetta var rosalega flott,“ segir Sverrir Þór Sverrisson, betur þekktur sem Sveppi.

Hann var, ásamt vini sínum Auðuni Blöndal, veislustjóri á stórglæsilegri árshátíð Kaupþings sem haldin var á laugardagskvöldið í Laugardalshöll. Þema árshátíðarinnar var söngleikir. Listrænn stjórnandi var Selma Björnsdóttir.

En það sem mesta athygli vakti voru fimlegir taktar forstjóranna Hreiðars Más Sigurðssonar og Ingólfs Helgasonar. Þeir fóru á sviðið og tóku nokkur Michael Jackson-dansspor við gríðarmikinn fögnuð viðstaddra.

„Passar,“ segir Sveppi en þetta gera þeir jafnan þegar þeir eru veislustjórar: Enda á að Auddi dansar Michael Jackson.

„Þá verður yfirleitt allt vitlaust í húsinu. Hann er rosalegur, fær blóðið til að renna í konum og körlum. Við fáum þá einhverja forstjóra til að dansa með honum. Og það vekur alltaf mikla lukku, gaman fyrir starfsfólkið að sjá yfirmenn sína gera sig að fífli. Ákveðið skemmtanagildi. Fengum Hreiðar og Ingólf, sem er forstjórinn á Íslandi … Heiðar er glóbalgæinn og þeir tóku þetta alveg um leið, vippuðu sér upp á hlið og dönsuðu eins og þeir hafi aldrei gert annað,“ segir Sveppi um frammistöðu forstjóranna.

Líklega má heita orðum aukið hjá Sveppa að Hreiðar Már hafi dansað sér til lífs en samkvæmt áreiðanlegum heimildum blaðsins bar frammistaða hans það með sér að þetta væri í fyrsta skipti sem hann kæmi fram opinberlega sem dansari. Og var mál manna að Ingólfur hefði verið snöggtum liprari.

Meðal skemmtiatriða voru atriði úr söngleikjum. Þannig komu Jónsi og Selma akandi inn í höllina á bleikum kádilják og sungu lög úr Grease meðan sápukúlur flögruðu um loftið. Hilmir Snær Guðnason söng tvö lög úr Hárinu ásamt Margréti Eiri og Hönsu. „Og svo tenórarnir þrír, eins og við kölluðum þá, Jónsi, Magni og Páll Rósinkranz. Þeir sungu Queen-lög,“ segir Sveppi og er á því að dagskráin hafi verið alveg hreint ljómandi. En það var svo diskótekið Gullfoss og Geysir sem hélt starfsfólkinu sveittu á dansgólfinu fram eftir nóttu. jakob@frettabladid.is



**HREIÐAR MÁR** Steig dansinn ásamt Ingólfi Helgasyni forstjóra við mikinn fögnuð viðstaddra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Líklega hefur Flugunnar, samkvæmissíðu Moggans, ekki verið beðið með eins mikilli eftirvæntingu og í gær. Þar birtust fyrir viku óafsakanleg ummæli, eins og fram kom í afsökunarbeiðni **Styrmis Gunnarssonar** ritstjóra, um **Gunnar I. Birgisson** bæjarstjóra í Kópavogi. Flaug fyrir að Flugan yrði slegin af vegna þessa en Flugan var á sínum stað í gær en með breyttu sniði þó. Engir sénsar voru teknir hvað varðar óvandaða partípenna, skáldlegan texta um samkvæmislífið vantaði en einungis myndir látnar tala sínu máli ásamt knöppum myndatexta.



Fréttablaðið greindi frá því á laugardag að til stæði tónleikahald í Egilshöll 26. maí þar sem sjálfur **Bob Dylan** mun troða upp. „Stór stund fyrir mig þegar samningarnir lágu loks fyrir,“ sagði **Ísleifur Þórhallsson** tónleikahaldari af þessu tilefni. DV hafði giskað á að þetta stæði til fyrir um tveimur mánuðum og vill að sjálfsögðu eigna sér skúbbið. Svo brátt er DV-mönnum í brók með það að halda mætti að þeir séu að tala um tónleika Dylans á Íslandi árið 1990. En í gær stóð í blaðinu: „Líkt og DV hafði greint frá langfyrst allra fjölmiðla fyrir nokkrum misserum…“ - jbg





sérhæfður í fiskréttum
frábær veitingastaður sem sérhæfir sig í ljúffengum fiskréttum bæði í hádeginu og á kvöldin.
Staður sem kemur á óvart…!
Gallerý fiskur
veitingahús
**Verslun**: mán.-fös. 10:00-18:30, **Veitingahús**: mán.-fös. 11:30-15:00, fim.- lau.18:00-22:00

visir.is
„…ég sá það á vísi“

# Gaukurinn verður Tunglið

Tunglið heitir nýi skemmtistaðurinn sem mun taka við af Gauki á Stöng við Tryggvagötu. Staðurinn verður opnaður 5. apríl með pomp og prakt þar sem áhersla verður lögð á klúbbastemningu eins og hún gerist hvað best.

Kiddi Bigfoot, eigandi Gauksins og hins nýja Tungls, rak samnefndan stað í tvö ár við Lækjargötu fyrir rúmum áratug. „Tunglið var skemmtilegur tími í mínu lífi, þar sem ég átti staðinn með góðum mönnum,“ segir Kiddi. „Það var mikil gleði á staðnum og stíll hans var danstónlist. Þetta var DJ- og djammstaður og hentar vel við þá stefnu sem við erum að fara í núna.“

Í raun má segja að Tunglið rísi nú upp úr öskustónni því staðurinn brann nokkrum árum eftir að Kiddi hætti þar störfum. Hann óttast þó ekki að bölvun fylgi nafninu. „Alls ekki. Ég tel ekki að nöfn hafi bölvun nema að það sé bara jákvæð bölvun. Ég tel ekki að það fylgi eitthvað slæmt þessu nafni.“

Til að kveðja Gauk á Stöng verður haldin fjögurra daga tónlistarveisla dagana 19. til 23. mars. Á meðal þeirra sem stíga á svið verða Brain Police, Sign, Jan Mayen, Musik Zoo, Deep Jimi & the Zep Creams, Sverrir Bergmann og Hraun. „Þarna verður fullt af hljómsveitum með ólíka tónlistarstefnu. Það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi,“ segir Kiddi. - fb



**KIDDI BIGFOOT** Klúbbastemningin verður í fyrirrúmi á Tunglinu sem verður opnað með pomp og prakt 5. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Unga ástin mín

# 2ja ára afmælistilboð

## Allar barnabækur með 25-40% afslætti.

Tilboðið gildir til 7. apríl.






NÚ 999 KR.
ÁÐUR ~~1.699~~ KR.

Skemmtum okkur um páskana - verkefnabækur með 40% afslætti.




NÚ 1.499 KR.
ÁÐUR ~~2.490~~ KR.




NÚ 1.299 KR.
ÁÐUR ~~1.799~~ KR.




NÚ 899 KR.
ÁÐUR ~~1.290~~ KR.

*Endurprentun komin*




*Endurprentun komin*

NÚ 1.699 KR.
ÁÐUR ~~2.290~~ KR.

*Endurprentun komin*




NÚ 1.899 KR.
ÁÐUR ~~2.490~~ KR.

*Uppseld en væntanleg*




NÚ 999 KR.
ÁÐUR ~~1.299~~ KR.




NÚ 1.599 KR.
ÁÐUR ~~2.290~~ KR.




NÚ 850 KR.
ÁÐUR ~~1.190~~ KR.

Þökkum frábærar viðtökur!
www.ungaastinmin.is

A4 Skagfirðingabúð adams kids Eymundsson Bóksali frá 1872 HAGKAUP Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi"

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



## BAKÞANKAR

Karenar D. Kjartansdóttur

# Hetja okkar smáborgara

Þverflauta er töff hljóðfæri, um það hef ég aldrei efast enda spilað á slíkan grip af miklum móð í gegnum tíðina. Í kringum fermingu var ég þó orðin ögn þreytt á endalausum laglínum sænska tónsmiðsins Bellmans sem skólabækurnar innihéldu og áhuginn dofnaði í öfugu hlutfalli við áhuga á strákum og reykingum. Líklega tafði fátt för mína að partíum jafn mikið og kaup á bók sem innihélt útfærslur Bítlalaga fyrir flautu.

**LENNON** var lengi minn maður í Bítlunum. Hann höfðar jú frekar til uppreisnargjarnra unglinga sem aðeins hafa eitt markmið, að gæta sín á að gera engum til hæfis. Lög hans stúderaði ég út í óendanleikann. En lagasmíðar McCartneys afgreiddi ég sem smáborgararusl, enda var lagið Ob-la-di, ob-la-da spilað í Life Goes On, sykurvellunni um Corky Thatcher og fjölskyldu. Síðar á ævinni hef ég æ betur áttað mig á því að McCartney er minn maður í Bítlunum.

**MCCARTNEY** var ófeiminn við að semja um hversdagsvandamál venjulega fólksins sem hægt er að samsama sig án þess að hafa notað ofskynjunarlyf. Því er nú haldið fram að maðurinn sem samdi Yesterday og Hey Jude hafi lamið einfætta konu sína eins og harðfisk. Ég held að það sé ekki fótur fyrir því.

**PAUL** var 24 ára þegar lagið When I'm Sixty-Four tók að óma á plötuspilurum heimsins. Í laginu spyr ástfangin ung manneskja maka sinn hvort hann verði enn til staðar þegar þau verða 64 ára og hvort þau muni ekki hafa það ægilega notalegt saman í sumarbústað ásamt barnabörnunum. Lagið var sumsé fagur óður til hversdagsfólks sem helst dreymir um áhyggjulausa daga í faðmi ástvina sinna og eins ólíkt óði Lennons um eilífa jarðarberjaakra sem kom út á sama tíma og ellismellurinn.

**VESALINGS** Paul verður 66 ára í sumar og má nærri geta að spurningunum sem hann varpaði fram sem unglingur hafi verið svarað á annan veg en hann óskaði. Ég veit þó ekki hvor var lánsamari af Bítlunum, McCartney eða Lennon. Sá fyrrnefndi er loksins sloppinn undan fégráðugri skækju, nokkrum milljörðum fátækari. Mig grunar þó að Lennon hafi ekki enn náð úr sér hrollinum sem hlaust af því að fylgjast með ekkju sinni úti í Viðey með vasaljós og Villa í haust. Öll hjálparmeðul Lúsíu í skýjum með demanta gætu ekki slegið á aulahrollinn sem þessu fylgdi og hefur fylgt vesalings Sjálfstæðisflokknum í borginni allar götur síðan.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 18. mars, 78. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.34 | 13.36 | 19.38 |
| Akureyri | 7.19 | 13.20 | 19.23 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# FÁRÁNLEGA GÓÐ JEPPAKAUP

**„Nýr Kia Sorento er magnaður jeppi. Maður þarf ekki að vera kjarneðlisfræðingur til að sjá að þetta eru ekki bara góð kaup. Þetta eru fáránlega góð kaup".**





SORENTO

- Öflug 170 hestafla dísilvél
- Ný og glæsileg innrétting
- Hátt og lágt drif
- 5 þrepa sjálfskipting
- ESP stöðugleikastýring
- 16" álfelgur
- Vindskeið og þokuljós
- Hraðastillir
- Þakbogar
- 3.500 kg dráttargeta

GLÆSILEGUR AUKAPAKKI FYLGIR:

+ Garmin GPS 250 W EURO með Íslandskorti
+ Dráttarbeisli
+ Vetrardekk



KIA MOTORS
The Power to Surprise™

**KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

HEKLA ***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu HEKLU
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi